


**skoðun 12**


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Framhaldsnám









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

28. apríl 2010 — 98. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Fagnar afmæli með óperu- og vínartónlist



*Óperukór Hafnarfjarðar er tíu ára.*

**tímamót 14**

## Ísland er mitt land



*Frank Hvam naut samstarfsins við Frímann Gunnarsson.*

**fólk 22**



## Olic óstöðvandi

*Króatinn Ivica Olic skoraði þrennu fyrir FC Bayern er liðið tryggði sér sæti í úrslitum Meistaradeildar Evrópu.*

**íþróttir 26**

## veðrið í dag




**ÚRKOMA EYSTRA** Í dag verða víða norðaustan 8-13 m/s. Rigning eða slydda SA- og A-lands. Hiti 2-10 stig, mildast V-lands.

**veður 4**

# Gagnrýna harðlega skerðingu á lífeyri

**Ellilífeyrisþegar geta orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna slæmrar stöðu lífeyrissjóða. Hver króna skiptir miklu, segir Landssamband eldri borgara.**

**FÉLAGSMÁL** Tekjur eldri borgara og annarra sem fengið hafa lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum geta dregist verulega saman skerði sjóðirnir greiðslur, þrátt fyrir að greiðslur frá Tryggingastofnun hækki á móti.

„Eldri borgarar mega alls ekki við svona skerðingum. Til mikillar lukku er hluti sem hefur vel til hnífs og skeiðar, en svo er stór hópur sem á í verulegum erfiðleikum,“ segir Helgi K. Hjálmarsson, formaður Landssambands eldri borgara.

Samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar má ellilífeyrisþegi sem fengið hefur 100 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði búast við að heildartekjur skerðist um á bilinu 4.000 til 5.500 krónur á mánuði ef lífeyrissjóðurinn skerðir greiðslur um tíu prósent. Heildartekjur yrðu því á bilinu 192 til 176 þúsund krónur á mánuði.

„Þótt þetta séu kannski ekki háar upphæðir í sjálfu sér skiptir hver króna miklu máli, sérstaklega nú þegar matur og lyf hafa hækkað verulega. Það koma minni peningar inn og meiri peningar fara út,“ segir Helgi.

Hann gagnrýnir lífeyrissjóðina harðlega fyrir glæfralegar fjárfestingar í aðdraganda hrunsins. Forsvarsmenn þeirra hafi fullyrt eftir bankahrunið að fjárfestingar sjóðanna væru öruggar, en annað hafi komið í ljós.

„Það er skelfilegt til þess að hugsa hvað þeir sem við treystum til að ávaxta peningana fóru illa með þá,“ segir Helgi.

Hann kallar eftir því að lífeyrisþegar fái fulltrúa í stjórnir sjóðanna. Í dag skipa atvinnurekendur og verkalýðsfélög yfirleitt stjórnarmenn. - bj / sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HREFNA TIL HREFNUVEIÐA** Unnið var hörðum höndum að því í gær að koma Hrefnu KÓ-100, nýuppgerðu hrefnuveiðiskipi, í stand fyrir komandi vertíð. Félagið Hrefnuveiðimenn ehf. keypti skipið. **sjá síðu 6**

Segja Glitni ekki hafa styrkt stjórnmálamenn eða stuðningsmannafélög:

# Glitnir styrkti bara flokkana

**VIÐSKIPTI** „Þau gögn sem skilanefndin hefur farið yfir gefa ekki til kynna að Glitnir banki hafi styrkt einstaka stjórnmálamenn,“ segir í yfirlýsingu sem skilanefnd Glitnis sendi frá sér í gær. Árni Tómasson, formaður skilanefndarinnar, segir að engir styrkir til stuðningsmannafélaga stjórnmálamanna hafi heldur komið í leitirnar.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að nefndin hafi ekki haft aðgang að sambærilegum upplýsingum frá Glitni um styrki til stjórnmálamanna og frá Kaupþingi og Landsbankanum.

Skilanefnd Glitnis gaf yfirlýsingu í gær í framhaldi af fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar segir að starfsmenn hafi nú „farið yfir kostnaðarliðinn styrkveitingar á árunum 2004 til 2008 og kannað hvort einstakir stjórnmálamenn, stuðningsmannafélög þeirra eða fyrirtæki stjórnmálamanna hafi fengið styrki“.

Fram kemur að styrkir virðist hafa verið í samræmi við styrktarstefnu bankans um að styrkja ekki einstaka stjórnmálamenn. - pg

Framkvæmdavaldið veikist:

## Varar við persónuábyrgð ráðherra

**DÓMSMÁL** Það er „ómögulegt“ að ráðherrar þurfi að verja ákvarðanir sínar persónulegri skaðabótaábyrgð, að mati Ástráðs Haraldssonar, hæstaréttarlögmanns og dósents við Háskólann á Bifröst.



**ÁSTRÁÐUR HARALDSSON**

Í grein í blaðinu í dag leggur Ástráður út af dómi héraðsdóms, þar sem Árni Mathiesen var gerður persónulega ábyrgur fyrir brot í starfi sem settur dómsmálaráðherra. Ástráður varar við þeirri þróun, þar sem hún veiki framkvæmdarvaldið. Hann tekur sem dæmi ef ráðherrar hefðu tekið bankana fastari tökum fyrir hrun. „Áttu þeir þá að þurfa að sitja undir hótunum um persónulega skaðabótaábyrgð? … Má gera ráð fyrir að það hefði bætt frammistöðu þeirra?“ - bs / sjá síðu 13

Ríkisendurskoðun og bankar:

## Flokkar krafnir svara um styrki

**STJÓRNMÁL Tölur um styrki frá bönkum til stjórnmálaflokka, eins og þær birtast í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, stemma ekki við þær tölur sem Ríkisendurskoðun hefur.**

**Engar tölur um heildarframlög til stóru flokkanna frá 2004 til og með 2008, eru samhljóða þar.**

**Tölur Ríkisendurskoðunar eru frá flokkunum sjálfum en tölur nefndarinnar frá bönkunum.**

**Ríkisendurskoðun krafði stjórnmálaflokkana um útskýringar á þessu á mánudag og bíður nú svars. Skýringu gæti verið að finna í mismundandi bókhaldsaðferðum.** - kóþ / sjá síðu 10










**SPURNING DAGSINS**



*Magnús, verður þetta bara svona country and western?*

Nei, alls ekki country, bara western!

Magnús Hávarðarson á Ísafirði auglýsir þessa dagana eftir lögum í fyrstu söngvakeppni Vestfjarða. Lögin þurfa að tengjast Vestfjörðum á einhvern hátt til að koma til greina.

Starfsmenn keppinautar Símans tóku þátt í húsleit hjá fyrirtækinu í síðustu viku sem undirverktakar:

# Síminn stefnir Samkeppniseftirlitinu

**SAMKEPPNISMÁL** Síminn hefur stefnt Samkeppniseftirlitinu (SE) vegna húsleitar í höfuðstöðvum fyrirtækisins í síðustu viku. Starfsmenn upplýsingaþjónustufyrirtækisins Þekkingar, sem er í samkeppni við Símann, aðstoðuðu við húsleitina og fullyrða forsvarsmenn Símans að þeir hafi þar komist yfir viðkvæm gögn sem innihalda samkeppnisupplýsingar. Síminn krefst þess að öllum gögnum sem starfsmenn Þekkingar öfluðu verði eytt, en segist þó fús til að afhenda SE öll gögnin.

Þekking hefur kært Símann til SE og er það mál nú í meðferð hjá SE.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Húsleitin í síðustu viku tengdist þó ekki því máli.

„Það er alveg ótrúlegt að þeir skuli nota keppinaut okkar, sem ætti nú að duga eitt og sér, en þegar það bætist við að það er utanstandandi kæra á hendur okkur frá Þekkingu þá gátum við ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að við þyrftum að tryggja það að þessi gögn væru ekki í höndum þessa keppinautar. Við lítum þetta mjög alvarlegum augum og teljum þetta mjög óheppilegt,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, vísar þessu á bug og segir eftirlitið hafna kröfunni. „Það er ekkert óheppilegt við þetta,“ segir hann. SE hafi takmörkuð mannaforráð og þurfi því gjarnan að bregðast við með því að ráða utanaðkomandi sérfræðinga í tiltekin verkefni. Þeir starfi þá á ábyrgð og undir fyrirmælum SE.

„Þarna var um að ræða afmarkað verkefni sem fólst í tæknilegri aðstoð við afritun gagna og þessir aðilar koma síðan auðvitað hvergi nærri rannsókninni sjálfri og búa ekki yfir þessum gögnum eða upplýsingum úr húsleitinni.“ Útilokað sé að starfsmennirnir hafi með þátttöku í húsleitinni orðið sér úti um viðkvæmar samkeppnisupplýsingar. **- sh**

Víkur sæta á lista Framsóknar:

## Segir vegið að mannorði sínu

**STJÓRNMÁL** Guðrún Valdimarsdóttir, sem hafnaði í öðru sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor, hefur ákveðið að víkja sæti á lista flokksins, að því er fram kemur í yfirlýsingu.



GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

Eiginmaður Guðrúnar á hlut í fyrirtækinu Miðbæjareignum, sem tóku þátt í endurhverfum viðskiptum við Icebank fyrir hrun. Fjallað er um fyrirtækið í rannsóknarskýrslu Alþingis, en forsvarsmenn þess sæta ekki opinberri rannsókn.

Guðrún sakar „ákveðinn hóp“ samflokksmanna sinna um að vega að mannorði sínu og hafa reynt að gera persónu sína tortryggilega. **- bj**

Saksóknari rannsakar viðskipti:

## Viðskipti innherja í skoðun

**LÖGREGLUMÁL Grunur leikur á að Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs, og tveir framkvæmdastjórar, Atli Örn Jónsson og Sighvatur Sigfússon, hafi nýtt sér innherjaupplýsingar í viðskiptum með stofnfjárhluti í sjóðnum.**

**Fráfarandi stjórn Byrs hefur vísað málinu til sérstaks saksóknara, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Mennirnir þrír keyptu stofnfjárhluti í Byr í maí 2007 og höfðu hagnast um tugi milljóna á viðskiptunum í júlí sama ár. Á þeim tíma voru samningaviðræður í gangi milli Byrs og Sparisjóðs Kópavogs í gangi sem aðeins innherjum var kunnugt um.** **- ghh**

# Tengsl einstaklinga eru ekki lykilatriði

**Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og Nick Clegg, leiðtogi Frjálslynda flokksins í Bretlandi, eru gamlir skólabræður og félagar. Þeir hafa haldið sambandi.**

**STJÓRNMÁL** „Auðvitað getur talsamband skipt máli en ég held að það flytji engin fjöll. Á endanum þurfa stjórnmálamenn að vera í talsambandi við sína þjóð og verja hennar hagsmuni,“ segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra. Þeir Nick Clegg, leiðtogi Frjálslynda flokksins í Bretlandi, eru gamlir skólabræður og félagar. Árni Páll segir að þeir haldi talsverðu sambandi sín á milli og hafi síðast skipst á tölvupósti í síðustu viku.

Fundum Nicks Clegg og Árna Páls bar saman í Brugge í Belgíu þar sem þeir voru við framhaldsnám í Evrópuskólanum á árunum 1991 og 1992. „Ég var í lögfræði, hann í stjórnunarnámi. Þetta er pínulítill skóli og við kynntumst,“ segir Árni Páll. „Hann er góður drengur og mjög hæfileikaríkur stjórnmálamaður,“ segir Árni Páll um Nick Clegg. Þeir eru ekki flokksbræður, því það er Verkamannaflokkur Gordons Brown sem er systurflokkur Samfylkingarinnar í Bretlandi. „En Frjálslyndi flokkurinn er sérstakur og fyrir félagslega framsækið fólk í Bretlandi er hann orðinn raunverulegur valkostur,“ segir Árni Páll. „Maður fann að andstaðan við Íraksstríðið breytti mjög viðhorfum til hans, þá varð hann raunverulegur valkostur fyrir fjölda fólks.“

Árni Páll segist oft hafa rætt við Nick Clegg um Icesave og íslensk málefni frá hruni efnahagslífsins hér á landi. Hann telur þó ekki að kunningsskapur þeirra skipti miklu máli fyrir samskipti Breta og Íslendinga fari svo, sem margt þykir nú benda til, að Frjálslyndi flokkurinn eigi aðild að næstu ríkisstjórn Bretlands.



**ÁRNI PÁLL** Hefur rætt samskipti Íslands og Bretlands við sinn gamla skólabróður af og til frá hruni, en sá á nú í kosningabaráttu heimafyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**NICK CLEGG** Formaður Frjálslynda flokksins hefur vakið mikla athygli í baráttunni vegna þingkosninganna í Bretlandi hinn 6. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég held að við eigum alltaf að forðast þá hugmynd að tengsl einstaklinga séu lykilatriði í stjórnmálum,“ segir Árni Páll og bætir við að það hafi komið íslenskum stjórnvöldum í koll fyrir nokkrum árum að telja sig geta byggt samskipti við Bandaríkin á meintri vináttu einstakra ráðamanna á Íslandi við bandaríska valdamenn. „Allir stjórnmálamenn þurfa á endanum að rækta talsamband við sína kjósendur og gæta hagsmuna sinnar þjóðar.“ **peturg@frettabladid.is**

Ríkið leggur fé í markaðsátak:

## Þurfti að bregðast við gosinu

**EFNAHAGSMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær að leggja allt að 350 milljónir í kynningarátak til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á bókanir hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum.**



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

**Átakið er nauðsynlegt til að verja þann árangur sem náðst hefur hjá íslensku ferðaþjónustunni, segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.**

**Ríkið mun greiða helming á móti hagsmunaaðilum, en ekki hærri upphæð en 350 milljónir. Katrín segir í raun um fjárfestingu að ræða, ríkið muni fá þessa upphæð til baka takist að fá fleiri ferðamenn til landsins.** **- bj**

Frumvarp um fjármál flokka:

## Nafnleyndarmarkið lækkað

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálaflokkar og prófkjörsframbjóðendur verða skyldugir til að greina frá nöfnum allra þeirra sem styrkja þá um meira en 200 þúsund krónur verði nýtt frumvarp um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda að lögum. Lágmarkið var áður 300 þúsund krónur.

Það eru formenn allra flokka nema Hreyfingarinnar sem standa að frumvarpinu, sem var lagt fram á Alþingi í gærkvöldi.

Meðal annarra nýjunga í frumvarpinu er að frambjóðendum til forseta verður eftirleiðis meinað að verja meiru en 35 milljónum króna í framboðið, og að lög um upplýsingaskyldu taki einnig til þeirra. **- sh**






Flogið um Akureyrarflugvöll en Keflavíkurflugvöllur lokaðist vegna eldgossins:

# Vona að Keflavík opnist í dag

**SAMGÖNGUR** Þrjár þotur Icelandair lentu með farþega á Akureyrarflugvelli í gær eftir flug frá Glasgow í Skotlandi. Keflavíkurflugvöllur var lokaður frá því í gærmorgun vegna ösku frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli, og féllu flug Iceland Express til London og Kaupmannahafnar niður í gær.

Vonir standa til þess að hægt verði að fljúga um Keflavíkurflugvöll í dag, en miðað við spá um útbreiðslu ösku frá Eyjafjallajökli þykir ljóst að það takist ekki fyrr en líða tekur á daginn.

Morgunflug Iceland Express, sem fara áttu frá Keflavíkurflugvelli í morgun, voru felld niður í gærkvöldi. Félagið tilkynnti þó að það stefndi á að fljúga frá London og Kaupmannahöfn til Íslands um miðjan dag í dag.

Icelandair stefnir á að fljúga um Keflavíkurflugvöll seinnipart dags í dag, og er stefnt á flug til sjö borga í Evrópu, auk þess sem flug til Bandaríkjanna til Evrópu mun millilenda á Keflavíkurflugvelli.

Félagið áætlar að talsverðar seinkanir verði á flugi í dag en flogið verði samkvæmt áætlun á morgun. Icelandair hefur flogið um Glasgow-flugvöll í Skotlandi á meðan óvíst hefur verið með opnun Keflavíkurflugvallar, en ráðgerir nú að flytja þá starfsemi sem var í Glasgow til Keflavíkur á nýjan leik. **- bj**



**LOKAÐ** Ekki var flogið um Keflavíkurflugvöll eftir klukkan 6 í gærmorgun, en búist er við að flugvöllurinn opnist um miðjan dag í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



vodafone
Sumarsundkort fylgja öllum símum út vikuna
Nýttu þér frábær tilboð á símum og farðu í sund fyrir 0 kr. í allt sumar.
Sumar-sundkort fylgir*
Nokia 2720
16.900 kr.
Sumar-sundkort fylgir*
LG Viewty
29.900 kr.
Sumar-sundkort fylgir*
Nokia 5230
33.900 kr.
ÍTR
Sumar
Sundkortið
í síma 1900.
Virkjaðu kortið:
Sendu SMS skilaboðin
Í hvert sinn þegar þú ferð í sund:
Sendu SMS skilaboðin SUND í 1900.
*Gildir fyrir 6 - 18 ára í allar sundlaugar ÍTR til 1. september 2010

## GENGIÐ 27.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,40 | 129,02 |
| Sterlingspund | 196,83 | 197,79 |
| Evra | 170,73 | 171,69 |
| Dönsk króna | 22,939 | 23,073 |
| Norsk króna | 21,760 | 21,888 |
| Sænsk króna | 17,817 | 17,921 |
| Japanskt jen | 1,3696 | 1,3776 |
| SDR | 194,06 | 195,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,1417

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**SÁTTIR** Medvedev og Stoltenberg tókust í hendur er sátt um sjólínu norðan landa var í höfn. NORDICPHOTOS/AFP

Norðmenn og Rússar sættast:

# Leystu deilur um Barentshaf

**ÓSLÓ, AP Norðmenn og Rússar náðu í gær óvæntum sáttum í deilu sinni um yfirráð yfir hluta Barentshafs. Svæðið sem um ræðir er talið ríkt af olíu og gasi og er orðið aðgengilegra með minnkandi ís á norðurslóðum.**

**Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Dimitrí Medvedev Rússlandsforseti greindu frá samkomulaginu og sögðu um leið að einungis ætti eftir að ganga frá tæknilegum smáatriðum áður en línan yrði dregin um svæðið umdeilda sem spannar um 175 þúsund ferkílómetra. Myndi það skiptast nánast jafnt.** - sbt

## ÁRÉTTING

Helgi Bjarnason, aðstoðarforstjóri Sjóvár, var ekki einn þeirra átta framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka og Sjóvá sem fengu lán hjá Kaupþingi og Milestone til kaupa á hlutabréfum bankans árið 2005 líkt og ætla mátti af mynd við grein um málið í blaðinu í gær. Nöfn áttmenninganna fylgdu með fréttinni.

## ATHUGASEMD

Steinunn Valdís Óskarsdóttir vill að fram komi að hún sækist ekki eftir þingflokksformennsku í Samfylkingunni. Sú regla sé viðhöfð í flokknum að þingflokksformaður gegni ekki formennsku í veigamiklum þingnefndum. Hún sé formaður allsherjarnefndar.

Ökumaður jeppabifreiðar sem valt í Reykjanesbæ er grunaður um ölvun:

# Stúlkan sofandi í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður jeppabifreiðar sem valt í Reykjanesbæ á laugardagsmorgun með þeim afleiðingum að tvær stúlkur létust og ein er stórslösuð er grunaður um ölvun.

Stúlkurnar voru fluttar á Landspítalann og færðar á gjörgæsludeild. Tvær létust að kvöldi sunnudagsins. Þeirri þriðju er haldið sofandi í öndunarvél.

Lögreglan á Suðurnesjum var kvödd út rúmlega hálfsjö á laugardagsmorguninn vegna slyssins sem varð á Hringbraut í Reykjanesbæ, skammt sunnan Mánatorgs. Ökumaður jeppa sem ekið hafði verið norður Hringbraut hafði misst stjórn á bifreiðinni. Bíllinn fór á ljósastaur norðan akbrautinnar og síðan utanvegar sunnan vegarins og valt.



**Í KEFLAVÍK** Ökumaðurinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en reyndist lítið slasaður.

Fjórir voru í bifreiðinni, piltur sem ók og þrjár stúlkur, allt ungmenni átján til nítján ára gömul. Stúlkurnar þrjár, sem ekki virðast hafa verið í bílbeltum, köstuðust út úr bifreiðinni.

Pilturinn sem ók var í bílbelti. Hann var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en reyndist lítið slasaður. Öll höfðu ungmennin verið að skemmta sér um nóttina. - jss

SI vilja ræða við ráðherra:

# Dómur hefur mikil áhrif

**STJÓRNSÝSLA** Dómur Mannréttindadómstólsins í Strassborg um ólögmæti iðnaðarmálagjalds er Samtökum iðnaðarins mikil vonbrigði og hefur mikil áhrif á rekstur þeirra, að því er segir í tilkynningu.

„Tvívegis hefur Hæstiréttur Íslands fjallað um málið og komist að annarri niðurstöðu en nú hefur MDE kveðið upp sinn dóm," segir þar. „Samtök iðnaðarins munu þegar í stað óska eftir viðræðum við iðnaðarráðherra um framhald málsins." - pg

# Græn slikja komin á tún á öskusvæði undir Eyjafjöllum

**Gróður er farinn að skjóta upp kollinum á túnum víða á vestanverðu öskufallssvæðinu undir Eyjafjöllum að sögn héraðsdýralæknis sem heimsótt hefur bændur. Sveitarstjóri segir mikilvægt að þeir fái fjárhagsaðstoð.**

**HAMFARIR** Bændur á öskufallssvæðinu undir Eyjafjöllum huga nú að sumarbeit fyrir sauðfé og öflun heys, að sögn Katrínar Andrésdóttur héraðsdýralæknis. Hún er þessa dagana á ferð um svæðið ásamt Þorsteini Ólafssyni, sérgreinadýralækni sauðfjár og nautgripa. Þau ræða við bændur og taka stöðuna.

> „Askan gæti hins vegar verið slæm fyrir heyvinnuvélar og ryk komist í heyið.
>
> KATRÍN ANDRÉSDÓTTIR HÉRAÐSDÝRALÆKNIR

„Þeir sem við höfum rætt við eru ótrúlega brattir," sagði Katrín í gær og bætti við: „Það er seigt í íslenskum bændum."

Katrín og Þorsteinn voru stödd á öskufallssvæðinu vestanverðu í gær og sagði Katrín að gróðurinn hefði tekið ótrúlega fljótt við sér. Græn slikja væri víða komin á tún. Staðan væri mun bjartari en hún hefði þorað að vona.

„Flúorinn þvæst úr í rigningu. Askan gæti hins vegar verið slæm fyrir heyvinnuvélar og ryk komist í heyið, en þetta á ekki að verða til mikils skaða," sagði Katrín.

Hún sagði að aðaláhyggjuefni þeirra bænda sem rætt hefði verið við væri sumarbeit sauðfjár, þar sem afréttarlönd þeirra hefðu orðið illa úti í öskufallinu.

## Svæðin sem verst hafa orðið úti vegna öskufalls úr jöklinum




Hér má sjá dreifingu ösku og þykkt öskulagsins eftir því hvar aska hefur mest fallið frá því að seinna gosið hófst í Eyjafjallajökli.

Öskulagið er einna þykkast við Seljavelli, næst jöklinum og smáþynnist svo út eftir því sem fjær dregur.

- 0,5 cm
- 1 cm
- 2 cm
- 3 cm
- 4 cm

HEIMILD: JARÐVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tilboð um hey hefðu borist víða af landinu og hægt yrði að flytja það af einhverjum svæðum. „Hins vegar eru miklar hömlur á slíkum flutningum og gossvæðið er mjög hreint [af búfjársjúkdómum]," útskýrði hún og undirstrikaði að vel yrði vandað til heyflutninganna ef af yrði.

Talsvert af hrossum var flutt burt af svæðinu þegar öskufallið var hvað mest, að sögn Katrínar, en hvorki sauðfé né nautgripir.

„Markarfljót er varnarlína vestan megin og sé sauðfé og nautgripir flutt yfir hana mega þeir ekki koma til baka aftur."

Elvar Eyvindsson, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, hitti meðal annars fulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands og Bjargráðasjóðs í gær, sem svöruðu þá fyrirspurnum íbúa.

Hann sagði að sjóðurinn hefði skyldum að gegna við bændur vegna framkvæmda sem ekki væru tryggðar eins og til að mynda ræktað land.

„Reglur Bjargráðasjóðs eru þannig að þeir borga eftir á, þegar öll kurl eru komin til grafar, en það verður ekki fyrr en í haust," sagði Elvar. „Það þyrfti að gerast fyrr því menn verða fyrir miklum útlögðum kostnaði nú þegar. Bjargráðasjóður er að athuga hvort eitthvað sé hægt að gera til að koma til móts við þá. Að auki kemur Viðlagatrygging að þessum málum. Ég veit að menn eru allir af vilja gerðir og eru nú að átta sig á stöðunni." jss@frettabladid.is



Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggigúmmíi eða Nicorette innsogslyfi. Hámarksdagskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfjatyggigúmm eða 12 hylki af innsogslyfi.Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT Í VEÐRI VESTANLANDS**
Vindáttin verður norðaustlæg næstu daga með úrkomu eystra og kólnandi veðri norðan og austan til. Um landið vestanvert verður nokkuð bjart og áfram nokkuð milt eða allt að 12 stiga hiti að deginum til.



Á MORGUN
10-15 m/s SA-til annars hægari.

FÖSTUDAGUR
Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 19° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 16° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 10° |
| París | 23° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


Leynast
VINNINGAR
Á ÞÍNU HEIMILI
Prófaðu Heimaöryggi
– frítt í 2 mánuði –
án skuldbindingar.*
* Kynntu þér málið á oryggi.is
ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN
oryggi.is
570 2400

## KJÖRKASSINN



*Stóðu fjölmiðlar sig illa í aðdraganda bankahrunsins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 90,8% |
| NEI | 9,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú lesið eitthvað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Framtíð Alþjóðahvalveiðiráðsins kann að ráðast á fundi í Marokkó í sumar:

# Ísland hafnar tillögu um hvalveiðar

**STJÓRNMÁL** Íslensk stjórnvöld leggjast gegn miðlunartillögu formanns og varaformanns Alþjóðahvalveiðiráðsins um fyrirkomulag hvalveiða næstu tíu ár. Felur hún í sér takmarkaðar veiðar og bann við sölu hvalaafurða milli landa. Samkvæmt tillögunni fengju Íslendingar að veiða 80 langreyðar og 80 hrefnur á ári til 2020.

Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, segir ekki hægt að fallast á tillögu um bann við milliríkjaviðskiptum með sjávarafurðir sem fengnar séu með sjálfbærum hætti. Í ofanálag hafi Alþjóðahvalveiðiráðið ekki vald til að fjalla um milliríkjaviðskipti; verkefni þess séu verndun hvala og stjórnun hvalveiða.



TÓMAS H. HEIÐAR

Við bætist að þeir kvótar sem Ísland fengi samkvæmt tillögunni eru langt undir sjálfbærnimörkum.

Miðlunartillagan var samin eftir að tólf ríkja hópi innan ráðsins mistókst að ná samkomulagi um hvalveiðikvóta Íslands, Japans og Noregs og önnur mikilvæg mál.

Óvíst er um lyktir málsins en ársfundur hvalveiðiráðsins fer fram í Marokkó í júní. Í ljósi þess að rík andstaða er við tillöguna og svo til engar líkur á að um hana náist almenn sátt telja íslensk stjórnvöld heillavænlegra að aðildarríkin verði sammála um að vera áfram ósammála. Sverfi til stáls í atkvæðagreiðslu gæti sundrungin innan ráðsins aukist og á endanum leitt til falls þess. **- bþs**

Sætindi gleðja í smástund:

# Súkkulaði tengt við þunglyndi

**HEILBRIGÐISMÁL** Þeir sem borða minnst eitt súkkulaðistykki á viku eru líklegri til að eiga við þunglyndi að stríða en þeir sem sjaldnar gæða sér á því, segir í nýrri breskri rannsókn.

Hingað til hafa margir talið súkkulaði geta lyft andanum og segja rannsakendur í sjálfu sér geta verið rétt að það hafi slík skammtímaáhrif þótt það valdi þunglyndi til lengri tíma litið. Einnig kunni fylgnin að stafa af því að þunglyndir séu sólgnari í sætindin en aðrir. **- sh**






# Tekjur lífeyrisþega lækka um þúsundir

**Skerðing á lífeyrisgreiðslum frá lífeyrissjóðum bitnar harkalega á eldri borgurum og öryrkjum sem þiggja slíkar bætur. Tíu prósenta skerðing á greiðslum getur kostað ellilífeyrisþega með 181 þúsund króna tekjur 5.500 krónur á mánuði.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hafa skerðingar lífeyrissjóðanna á lífeyrisgreiðslum á tekjur lífeyrisþega?

Eldri borgarar sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum munu í flestum tilvikum verða fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu þegar lífeyrissjóðirnir skerða greiðslur, þrátt fyrir hærri greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sé miðað við ellilífeyrisþega með 100 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði getur tíu prósenta skerðing á lífeyrisgreiðslum þýtt að tekjur lækka um 5.500 krónur á mánuði, úr 181 þúsund krónum í 176 þúsund krónur. Aðeins þeir sem eru með um eða undir 40 þúsund krónum á mánuði úr lífeyrissjóði fá skerðinguna til baka að fullu með hærri greiðslum frá Tryggingastofnun.

Flestir af stærstu almennu lífeyrissjóðunum áforma skerðingu á lífeyrisgreiðslum vegna slæmrar afkomu sjóðanna. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu áformar Almenni lífeyrissjóðurinn 16,7 prósenta skerðingu, Lífeyrissjóður verzlunarmanna tíu prósenta skerðingu, og Gildi lífeyrissjóður sjö prósenta skerðingu á lífeyrisgreiðslum.

Skerðing á greiðslum frá lífeyrissjóðunum þýðir í flestum tilvikum að viðkomandi eiga rétt á hærri lífeyrisgreiðslum en áður frá Tryggingastofnun.

Erfitt er að segja fyrir um nákvæmlega hver tekjuskerðing eldri borgara og öryrkja verður, enda munu sjóðirnir skerða greiðslur mismikið.

Í dæmum sem starfsmenn Tryggingastofnunar hafa reiknað út má sjá að heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr með öðrum og fær í dag 100 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði, lækka um 5.500 krónur á mánuði, 3,0 prósent, skerði lífeyrissjóðurinn greiðslur til hans um tíu prósent. Lækki greiðslurnar um fimmtán prósent lækka heildartekjurnar um ríflega 8.250 krónur, eða 4,6 prósent.



**TEKJUSKERÐING** Í útreikningum Tryggingastofnunar eru tekin dæmi um tekjuskerðingu ellilífeyrisþega, en öryrkjar sem þegið hafa lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum verða einnig fyrir tekjuskerðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðað við ofangreindar forsendur myndu því tekjur ellilífeyrisþegans lækka úr ríflega 181 þúsundum króna á mánuði í tæplega 176 þúsund krónur ef skerðingin nemur tíu prósentum. Verði skerðingin fimmtán prósent lækka tekjurnar úr ríflega 181 þúsund í tæplega 173 þúsund krónur á mánuði.

Tekjulækkunin verður því meiri, bæði hlutfallslega og í krónutölu, því hærri sem greiðslurnar úr lífeyrissjóði eru. Ef ellilífeyrisþegi sem býr með öðrum er með 200 þúsund krónur úr lífeyrissjóði, sem skertar eru um tíu prósent, lækka heildartekjur hans úr ríflega 236 þúsund krónum á mánuði í ríflega 225 þúsund krónur. Skerðist greiðslur frá lífeyrissjóði um fimmtán prósent fara tekjurnar úr ríflega 236 þúsundum í tæplega 220 þúsund á mánuði.

Fleiri dæmi má sjá í meðfylgjandi töflu, sem byggir á útreikningum starfsmanna Tryggingastofnunar.

Þess ber að geta að til að fá auknar greiðslur frá Tryggingastofnun vegna skerðinga á greiðslum frá lífeyrissjóðunum verða lífeyrisþegar að setja sig í samband við Tryggingastofnun. Þó er verið að kanna hvort mögulegt sé að leiðrétta núgildandi greiðsluáætlun lífeyrisþega í samráði við lífeyrissjóðina. Ekki er ljóst hvort af því getur orðið, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun.

brjann@frettabladid.is

## Dæmi um skerðingu á greiðslum frá lífeyrissjóðum

**Ellilífeyrisþegi með 100 þúsund króna greiðslur úr lífeyrissjóði á mánuði**

| | Greiðslur lækka um 10% | | Greiðslur lækka um 15% | |
|---|---|---|---|---|
| | Býr einn | Býr með öðrum | Býr einn | Býr með öðrum |
| Tekjur fyrir skerðingu | 196.542 | 181.235 | 196.542 | 181.235 |
| Skerðing frá lífeyrissjóði | 10.000 | 10.000 | 15.000 | 15.000 |
| Aukning frá TR | 5.826 | 4.500 | 8.739 | 6.750 |
| Tekjur samtals eftir lækkun | 192.368 | 175.735 | 190.281 | 172.985 |
| **Tekjuskerðing samtals** | **4.174** | **5.500** | **6.261** | **8.250** |
| **Hlutfallsleg skerðing** | **2,1%** | **3,0%** | **3,2%** | **4,6%** |

**Ellilífeyrisþegi með 200 þúsund króna greiðslur úr lífeyrissjóði á mánuði**

| | Greiðslur lækka um 10% | | Greiðslur lækka um 15% | |
|---|---|---|---|---|
| | Býr einn | Býr með öðrum | Býr einn | Býr með öðrum |
| Tekjur fyrir skerðingu | 238.280 | 236.235 | 238.280 | 236.235 |
| Skerðing frá lífeyrissjóði | 20.000 | 20.000 | 30.000 | 30.000 |
| Aukning frá TR | 11.653 | 9.000 | 17.479 | 13.500 |
| Tekjur samtals eftir lækkun | 229.933 | 225.235 | 225.759 | 219.735 |
| **Tekjuskerðing samtals** | **8.347** | **11.000** | **12.521** | **16.500** |
| **Hlutfallsleg skerðing** | **3,5%** | **4,7%** | **5,3%** | **7,0%** |

HEIMILD: TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS (TR)


Þitt félag

ftr.

**Aðalfundur**
**Félags tæknifólks í rafiðnaði**

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2010 kl. 17 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.
Önnur mál.

**Halldór Oddsson** lögfræðingur fjallar um höfundarréttarmál.

Stjórnin

www.ftr.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
FRÁ 99.000 kr.

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

## ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

APGH 130410

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Um hvað er íslenska heimildarmyndin Feathered Cocaine?*
2 *Hvað eru tröllapylsur?*
3 *Fyrir hvaða embætti er verið að vinna siðareglur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Jón Ólafsson telur að gjörðir forsetans hljóti að ráðast af túlkun á umboði:

# Efast um siðareglur fyrir forsetann

**STJÓRNSÝSLA** Jón Ólafsson, prófessor í heimspeki og deildarforseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst, efast um að rétt sé að setja embætti forseta Íslands siðareglur.

Hafinn er undirbúningur að setningu slíkra reglna. Er það gert í framhaldi ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fjallað var um hvernig Ólafur Ragnar Grímsson beitti sér í þágu fyrirtækja í útrás.



JÓN ÓLAFSSON

„Ég hef efasemdir um að siðareglur sé rétta leiðin,“ segir Jón. Það sé dálítið sérkennileg hugmynd að þjóðhöfðingi setji sjálfum sér siðareglur eða honum séu settar þær. „Forsetinn er kosinn persónulega og hefur ákveðin völd samkvæmt stjórnarskrá. Hefð getur stýrt því hvernig hann notar þessi völd, en að öðru leyti hlýtur túlkun forsetans á umboði sínu að ráða gerðum hans. Ef hugmyndin er að setja forsetanum siðareglur til að koma böndum á hann er á ferðinni viss misskilningur á tilgangi siðareglna.“

Í rannsóknarskýrslunni var einnig lagt til að settar verði reglur um hlutverk og verkefni forsetans og samskipti hans við önnur ríki. Jón hefur líka efasemdir um slíkar reglur en telur þó að gagnlegt væri og eðlilegt að utanríkisráðuneytið og forsetaembættið hafi verklagsreglur sem tryggja samræmi á milli orða og athafna forsetans og utanríkisstefnunnar hverju sinni.

Jón var í starfshópi sem undirbjó siðareglur fyrir ráðherra og stjórnsýslu ríkisins. - bþs

Ákæra gegn mótmælendum:

# Spyr um aðkomu Alþingis

**ALÞINGI** Birgitta Jónsdóttir, Hreyfingunni, vill svör frá forseta Alþingis um aðkomu þingsins að ákærum gegn níu einstaklingum sem ruddust inn í þinghúsið og upp á þingpalla desember 2008. Hún spyr hver hafi óskað eftir rannsókn málsins og í umboði hvers og vísar til orða verjanda tveggja hinna ákærðu fyrir héraðsdómi um að skrifstofa Alþingis hafi haft aðkomu að málinu. Má vænta skriflegs svars forseta þingsins innan viku. - pg

Situr þegar í varðhaldi:

# Kókaínsmyglari ákærður fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært Jóhannes Mýrdal, 51 árs, fyrir að nefbrjóta mann á Laugaveginum í fyrrasumar. Jóhannes þessi situr nú í gæsluvarðhaldi vegna tengsla við stórt kókaínmál. Hann flutti til landsins um 1.600 grömm af mjög sterku kókaíni falið í ferðatösku hinn 10. apríl.**

**Jóhannesi er gefið að sök að hafa ráðist að manni við Skífuna á Laugavegi í júní í fyrra, kýlt hann í götuna og síðan sparkað í hann. Þolandinn nefbrotnaði, hlaut skurð í andliti og aðra áverka. Hann krefst tæplega 1,3 milljóna í skaðabætur. Ákæran verður þingfest í dag.** - sh

Össur hagnaðist um 1,2 milljarða króna:

# Fyrirtækið aldrei verið verðmætara

**VIÐSKIPTI** Stoðtækjaframleiðandinn Össur hagnaðist um 9,7 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúma 1,2 milljarða króna, á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er 28 prósenta aukning í dölum talið frá sama fjórðungi í fyrra. Til samanburðar nam hagnaður fyrirtækisins 22,8 milljónum dala allt síðasta ár.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, skatta og gjöld námu 17,8 milljónum dala á tímabilinu sem er fimm milljónum meira en í fyrra. Þá námu tekjur Össurar 86 milljónum dala á fjórðungnum samanborið við 77 milljón dali í fyrra.

Fram kemur í uppgjöri Össurar að sala á stoðtækjum hafi aukist um ellefu prósent og spelkum og stoðtækjum um sex prósent. Því sé ekki síst að þakka góðri frammistöðu í Bandaríkjunum í kjölfar umfangsmikilla breytinga á sölufyrirkomulaginu þar í landi. Rekstrarhorfur eru mjög góðar, að sögn Jóns Sigurðssonar, forstjóra fyrirtækisins.



JÓN SIGURÐSSON

Fram kemur í uppgjöri fyrirtækisins, sem birt var í gær, að umdeilt heilbrigðisfrumvarp, sem varð að lögum í byrjun árs, muni hafa áhrif á rekstur Össurar eftir þrjú til fjögur ár. Gengi hlutabréfa Össurar hækkaði um 4,17 prósent í Kauphöllinni í gær og endaði í tvö hundruð krónum á hlut. Það hefur aldrei verið hærra. - jab



VANN MÁLIÐ Vörður Ólafsson húsasmíðameistari fagnaði sigri í gær með félögum sínum á skrifstofu Meistarafélags húsasmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ríkið dæmt brotlegt í Strassborg

**Iðnaðarmálagjald sem ríkið lætur iðnfyrirtæki greiða til Samtaka iðnaðarins brýtur í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu. „Skemmtilegur og ánægjulegur sigur,“ segir húsasmíðameistari sem höfðaði málið.**

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið brýtur gegn Mannréttindasáttmála Evrópu með því að innheimta iðnaðarmálagjald af iðnfyrirtækjum í landinu og ráðstafa því til Samtaka iðnaðarins (SI), hvort sem fyrirtækin eiga aðild að þeim samtökum eða ekki.

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg kvað upp dóm um gjaldtökuna í gær og segir hana brjóta gegn 11. grein mannréttindasáttmálans um félagafrelsi.

„Þetta er skemmtilegur og ánægjulegur sigur. Ég vænti þess að þetta gjald verði nú lagt af,“ sagði Vörður Ólafsson húsasmíðameistari, sem höfðaði málið fyrir hönd félaga sinna í Meistarafélagi húsasmiða. Hann hafði tapað bæði í héraðsdómi og Hæstarétti áður en dómur í Strassborg féll honum í vil.

Vörður var óánægður með að iðnfyrirtæki þyrftu að greiða gjaldið þótt þau væru ekki í Samtökum iðnaðarins og stæði ekki til boða að hafa áhrif á stefnuna þótt þau gengu í samtökin.

„Mín sannfæring var að þetta væri rangt og það var upphafið að þessu máli,“ sagði Vörður.

Iðnaðarmálagjald hefur verið lagt á íslensk iðnfyrirtæki um áratugaskeið. Það er 0,08 prósent af veltu. SI hafa um 420 milljónir í veltu af gjaldinu á þessu ári. Fleiri gjöld eru innheimt með lögum fyrir önnur íslensk hagsmunasamtök, til dæmis rennur hluti af verðmæti fiskafla til LÍÚ og Landssambands smábátasjómanna. Búnaðargjald og fleiri gjöld, sem bændur greiða af sinni framleiðslu, renna til bændasamtakanna.

> Það er mjög athyglisvert þegar maður les dóminn hversu mikið er vitnað í sératkvæði eins hæstaréttardómarans, Ólafs Barkar Þorvaldssonar
>
> EINAR S. HÁLFDANARSON
> HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Einar S. Hálfdánarson hæstaréttarlögmaður flutti málið fyrir Vörð Ólafsson. Hann sagði við Fréttablaðið að þetta væri ánægjuleg niðurstaða eftir löng málaferli. „Það er mjög athyglisvert þegar maður les dóminn hvað mikið er vitnað í sératkvæði eins hæstaréttardómarans, Ólafs Barkar Þorvaldssonar,“ sagði Einar. Ólafur Börkur taldi gjaldtökuna ólögmæta þegar Hæstiréttur fjallaði um hana á sínum tíma en aðrir dómarar mynduðu meirihluta og töldu hana lögmæta.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að farið verði vandlega yfir dóminn áður en ákveðið verði hvernig ríkið bregðist við dóminum. Þá þurfi einnig að skoða víðtækari áhrif af dóminum, en samtök á borð við Bændasamtök Íslands, Landssamtök íslenskra útvegsmanna og Landssamband smábátasjómanna eru fjármögnuð með sambærilegum hætti. peturg@frettabladid.is

FÉLAG ATVINNUREKENDA

**Heilbrigðisþjónusta á Íslandi**
Langtímahugsun eða skaðlegar skammtímareddingar?

Félag atvinnurekenda boðar til ráðstefnu um framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ráðstefnan verður haldin á Grand hóteli fimmtudaginn **29. apríl kl. 8.30–12.00**.

**Dagskrá:**

1. Framtíð frumlyfja á íslenskum heilbrigðismarkaði
   Robin Turner, forstjóri Roche í Danmörku
2. Mikilvægi heimamarkaðar fyrir Actavis
   Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Medís og Ólöf Þórhallsdóttir, markaðsstjóri Actavis á Íslandi
3. Ný tækifæri í heilbrigðisþjónustu
   Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Primacare
4. LSH – stefnumótun og framtíðarsýn
   Björn Zoëga, forstjóri LSH
5. Lækningatæki á Landspítala
   Gísli Georgsson, deildarstjóri á Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH
6. Ríkið í hlutverki kaupanda lyfja og heilbrigðistækja – útboðsmál á Íslandi
   Páll Rúnar M. Kristjánsson yfirlögfræðingur FA

**Boðið verður upp á léttan morgunverð og kaffiveitingar.**

**Fundargjald: kr. 4.000,-**

**Skráning á atvinnurekendur@atvinnurekendur.is eða í síma 588-8910.**

Félag atvinnurekenda er hagsmunasamtök fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Innan vébanda félagsins eru m.a. fyrirtæki sem veita fjölda fólks atvinnu við innflutning, sölu og markaðssetningu á lyfjum og heilbrigðisvörum.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð um land allt **Gott verð um land allt** Gott verð

U.Þ.B. 59 KR.STK.
**DOLE BANANAR 259 KR.KG**

598 KR. KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

1598 KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

998 KR. KG
BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG
*MATUR FYRIR FJÓRA*

898 KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

598 KR. PK
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG

998 KR. KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG

898 KR. KG
NAUTAVEISLU HAKK

295 KR. PK
FROSIN BLÁBER 250G

179 KR. STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G

BEST FYRIR JÚLÍ 2010
39 KR. DS
EUROSHOPPER MAIS 340G

BEST FYRIR JÚNÍ 2010
98 KR. PK
EUROSHOPPER BITAKÖKUR 150G
*15000 PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.*

198 KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ 1
*NÆGIR Í 13 SAMLOKUR: 15 KR. SAMLOKAN*

139 KR.PK
BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ 4 STK.

RISA BORGARI Í BRAUÐI
*Á AÐEINS 165 KR.*

1298 KR.PK
BÓNUS BORGARAR 10 x 120g

**20.000** KAFFIPAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI:
*398 KR.*
**BKI CLASSIC KAFFI MELLEMRÖSTED 500g**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR VISA



**BETUR SÉR AUGA EN AUGU** Liðsmaður japanska fjöllistahópsins Medaman-Medaman leiðir tvær eldri konur yfir götu í Yokohama, úthverfi Tókíó. NORDICPHOTOS/AFP

Að undanförnu hafa komið upp þrjú tilvik þar sem menn hafa drukkið stíflueyði:

# Brennir gat á meltingarfærin

**HEILBRIGÐISMÁL** Sterkar sýrur og önnur ætandi efni valda bruna í meltingarvegi ef stíflueyðir er drukkinn. Afleiðingarnar geta meðal annars orðið þær að efnin brenna gat á vélinda eða annars staðar í meltingarveginn. Gerist það og viðkomandi lifir af, er mikil hætta á að hann geti ekki tekið inn næringu með eðlilegum hætti, heldur verði að nota sondu, en það er rör sem leitt er ofan í magann Þá geta myndast örvefir, ör og sár í meltingarvegi eftir brunann sem há sjúklingnum alla ævi.

Þetta segir Guðborg Auður Guðjónsdóttir, forstöðumaður Eitrunarmiðstöðvar Landspítala.

Að undanförnu hafa komið upp þrjú tilfelli þar sem menn hafa drukkið stíflueyði. Hinn fyrsti lést af völdum hans. Annar lá þungt haldinn á gjörgæslu í rúma viku, en hefur nú verið útskrifaður yfir á almenna deild. Þriðja manninum er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæslu og er hann talinn í lífshættu.

Guðborg segir mjög mikilvægt að fólk komist sem allra fyrst undir læknishendur drekki það stíflueyði. „Ef einhver drekkur ertandi hreinsiefni, svo sem Ajax eða annað í þeim dúr getur verið gott að drekka glas af vatni eða mjólk til að þynna efnið út, hreinsa það af slímhúðinni og koma því sem fyrst ofan í magann,“ útskýrir hún. „En ef er um ætandi efni að ræða gerir það ekkert gagn.“

Hún segir að auk brennslu í meltingarvegi geti stíflueyðirinn komist í lungu ef viðkomandi kastar upp og valdið þar miklum skaða. - jss

## Afleiðingar stíflueyðis




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

# Tölur um styrki til flokka stemma ekki

**Ríkisendurskoðun biður flokkana um að útskýra misræmi milli talna um styrki sem þeir gefa upp og þess sem bankarnir greindu rannsóknarnefnd frá.**

**STJÓRNMÁL** Tölur sem rannsóknarnefnd Alþingis birtir í skýrslu sinni, um styrki frá Kaupþingi og Landsbanka til stjórnmálaflokka árin 2004 til og með 2008, stemma ekki við þær tölur sem stjórnmálaflokkarnir sjálfir létu Ríkisendurskoðun í té.

Tölurnar stemma sjaldnast á hverju ári fyrir sig og í engu tilfelli, fyrir utan tölur Íslandshreyfingarinnar, stemmir heildartalan yfir framlög.

Til dæmis sögðu bankarnir nefndinni að Samfylkingin hefði fengið tólf milljónir 2005 en Samfylkingin sagði Ríkisendurskoðun að hún hefði fengið 34 milljónir frá bönkunum það ár. Þetta jafnar sig svo út og rúmlega það árið 2006.

Í heildina munar milljón á framlögum til Framsóknar, tæpum fjórum á tölum Sjálfstæðisflokks og um fimm milljónum á tölum Samfylkingar.

Lárus Ögmundsson hjá Ríkisendurskoðun sendi á mánudag bréf til flokkanna og bað um að þessi mismunur yrði skýrður út.

„Auðvitað þarf bókhald greiðanda ekki að stemma við bókhald þiggjanda,“ segir hann. Stjórnmálaflokkur kunni til dæmis að hafa fengið loforð um framlag eitt árið og bókað framlagið þá, en bankinn bókfært upphæðina þegar hún var greidd út ári síðar. Stjórnmálaflokkarnir höfðu ekki svarað Ríkisendurskoðun í gær. klemens@frettabladid.is

## Bjarni sjálfur með nafnlausan styrk

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist á Rás 2 í gær hafa hvatt kjörna fulltrúa í flokknum til að greina frá styrktaraðilum sínum. Hann tók undir að það væri réttmæt krafa að almenningur vissi hverjir styrktu þingmenn.

Sjálfur fékk Bjarni 1,4 milljónir í framlög fyrir alþingiskosningar 2007. Samkvæmt upplýsingum sem hann skilaði Ríkisendurskoðun nam eitt þessara framlaga 500.000 krónum. Bjarni sagði Ríkisendurskoðun að sá lögaðili óskaði nafnleyndar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gefið Ríkisendurskoðun upp nöfn styrktaraðila sinna. Af núverandi kjörnum fulltrúum á Alþingi hafa sjálfstæðismennirnir verið tregastir til að greina frá styrktaraðilum sínum.

Gísli Marteinn Baldursson er sá borgarfulltrúi sem minnst gefur upp um styrktaraðila sína, eftir að Júlíus Vífill Ingvarsson upplýsti blaðið í gær um sína prófkjörsbaráttu 2005.

Heildarkostnaður við það prófkjör var um fjórar milljónir, segir Júlíus. Styrkir voru innan við tvær milljónir, en afgang greiddi Júlíus úr eigin vasa.

Hæsti styrkur lögaðila var frá Landsbankanum, 450.000 krónur. „Svo var rúm hálf milljón frá vini til margra ára sem þá var í verktaka- og byggingarstarfsemi. En aðrir styrkir miklu lægri,“ segir Júlíus Vífill. - kóp

## Heildarframlög frá Landsbanka og KB/Kaupþingi til flokkanna

**Samanburður á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og upplýsingum Ríkisendurskoðunar:**

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisendurskoðun: | 0 | 0 | 14.250.000 | 300.000 | 0 | 14.550.000 |
| Nefnd Alþingis: | 2.000.000 | 0 | 11.250.000 | 549.000 | 0 | 13.799.000 |
| Ríkisendurskoðun: | 500.000 | 500.000 | 20.000.000 | 600.000 | 600.000 | 22.200.000 |
| Nefnd Alþingis: | 1.500.000 | 2.000.000 | 21.357.500 | 640.000 | 600.000 | 26.097.500 |
| Ríkisendurskoðun: | 7.000.000 | 7.000.000 | 34.000.000 | 600.000 | 0 | 48.600.000 |
| Nefnd Alþingis: | 25.000 | 5.825.000 | 11.995.000 | 25.860.000 | 25.000 | 43.730.000 |
| Ríkisendurskoðun: | ? | ? | ? | 600.000 | 0 | ? |
| Nefnd Alþingis: | 850.000 | 150.000 | 2.650.000 | 600.000 | 0 | 4.250.000 |

*Engar upplýsingar hafa borist um Frjálslynda flokkinn til Ríkisendurskoðunnar. Íslandshreyfingin fékk samkvæmt báðum aðilum 600.000 krónur 2007. Tölur sem VG lét Ríkisendurskoðun í té um styrki voru ekki fullnægjandi. Upplýsingar sem rannsóknarnefndin hefur frá Glitni eru ekki samanburðarhæfar við upplýsingar Ríkisendurskoðunar.

GPS í farsímann

– Örnámskeið fyrir starfsfólk fyrirtækja 28. apríl kl. 12 –

Fyrirtækjaþjónusta Hátækni býður upp á röð örnámskeiða sem hafa fengið frábærar viðtökur. Næsta námskeið – GPS í farsímann – verður í verslun Hátækni miðvikudaginn 28. apríl kl. 12. Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta GPS í farsímann, kennd er innsetning korta og farið yfir helstu atriði sem hafa ber í huga. Stuðst er við Ovi Maps-kortalausnina frá Nokia.

Skráning og nánari upplýsingar á www.hataekni.is/ornamskeid. Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Námskeiðið er ókeypis.



Hátækni 25 ára 1985 - 2010
Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími: 522 3000 | www.hataekni.is

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

## Leynilegt fé:

- Bjarni Benediktsson: 500.000
- Gísli Marteinn Baldursson: 5.550.000
- Guðlaugur Þór Þórðarson: 20.750.000
- Kristján Þór Júlíusson: 500.000
- Sigurður Kári Kristjánsson: 2.250.000

* Á listanum fyrir ofan er einungis miðað við nafnlaus framlög sem nema 500.000 krónum og meira. Lægri framlög eru allajafna ekki nafngreind í gögnum sem stjórnmálamenn afhentu Ríkisendurskoðun. Sumir hér fyrir ofan nafngreina því í raun engan styrktaraðila og heildarstyrkir til þeirra eru hærri. - kóp

*Heimild: Ríkisendurskoðun.is*




UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.
Prentun frá A til Ö.
5.000 umslög
ODDI
Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Skýrr **elskar** samfélagsmiðla

## Opinn morgunverðarfundur Skýrr um samfélagsmiðla og markaðssetningu á netinu, föstudaginn 30. apríl

**Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar föstudaginn 30. apríl um samfélagsmiðla og markaðssetningu á netinu.**

Netið verður sífellt mikilvægara í starfsemi fyrirtækja og stofnana og samfélagsmiðlarnir hafa mikil áhrif á menningu og starfsanda.

Þróun í þessum efnum hefur verið leifturhröð og atvinnulífið er enn að átta sig á byltingunni, læra á miðlana og skilja nytsemi þeirra.

Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst kl. 8:30 og fundarlok eru áætluð kl. 10:10.

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).**



8:00 ***Morgunverður***
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 ***Skýrr býður góðan dag***
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr




8:40 ***Samfélagsmiðlar: Stærsta bylting sögunnar í markaðsmálum og menningu fyrirtækja***
Andrés Jónsson, framkvæmdastjóri Góðra samskipta

9:00 ***Virkjun krafta almennings við markaðssetningu***
Guðmundur Ragnar Einarsson, ráðgjafi í vefmarkaðssetningu hjá Skapalóni




9:20 ***Social Marketing á tímum náttúruhamfara***
Kjartan Sverrisson, eMarketing Manager hjá Icelandair

9:40 ***Auglýsingar á netinu: Hvað einkennir auglýsingaborða sem virka?***
Lee Roy Tipton, þróunarstjóri nýmiðlunar hjá Hvíta húsinu




10:00 ***Umhverfi vefjarins: Frá vefstjóra til notenda***
Óli Freyr Kristjánsson, ráðgjafi hjá Skýrr

***Fundarstjóri***
Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenzki hlutabréfamarkaðurinn þarf að afla sér trausts hjá almenningi á nýjan leik.

## Sterkari rammi

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, færir ágæt rök fyrir því í grein í Fréttablaðinu í gær að endurreisa þurfi hlutabréfamarkaðinn hér á landi, meðal annars með því að bankarnir skrái fyrirtækin, sem þeir eru nú með í fanginu, á markað.

Það er rétt hjá Þórði að virkur hlutabréfamarkaður er ein frumforsenda þess að efnahagslífið nái sér aftur á strik. Áhættufælni fjárfesta og skortur á fjárfestingarkostum veldur því meðal annars að sparifé leitar í bankainnistæður og ríkisskuldabréf. Það er ekki í vinnu fyrir atvinnulífið sem eigið fé í fyrirtækjum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Sömuleiðis er það rétt hjá Kauphallarforstjóranum að ef rétt er á haldið, stuðlar skráning fyrirtækja á markað, í stað þess að selja þau völdum fjárfestum, að meira gegnsæi og trausti. Aukinheldur yrði almenningi, en ekki aðeins peningamönnum, gefinn kostur á að eignast hlutdeild í ávinningnum af nýrri uppsveiflu í atvinnulífinu.

Vandinn er sá að eftir bankahrunið nýtur hlutabréfamarkaðurinn einskis trausts.

Um tíma virtist sem þar væri hægt að auðgast nánast endalaust. Áratuginn 1998-2007 hækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar meira en sambærilegar vísitölur í nokkru öðru þróuðu ríki. Það voru ekki sízt bankarnir, sem blésu bóluna út; þeir stóðu undir lokin fyrir nærri þrjá fjórðu hluta úrvalsvísitölunnar. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er rakið hvernig þeir beittu óvönduðum meðulum til að hækka verðið á eigin bréfum. Hluti af því máli er nú til rannsóknar hjá saksóknara.

Þegar bankarnir féllu var fall hlutabréfamarkaðarins að sama skapi hátt, það næstmesta í heimi árið 2008. Eignir fjölda fólks gufuðu upp; hlutabréf sem fólk átti í eigin nafni eða óbeint í gegnum lífeyrissjóðinn sinn. Þegar af þessari ástæðu vantreysta margir hlutabréfamarkaðnum.

Við bætist að stórir eigendur í skráðum félögum, ekki sízt bönkunum, hunzuðu hagsmuni smærri hluthafa. Upplýsingagjöf var misvísandi og eftirliti með markaðnum ábótavant. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að Fjármálaeftirlitið hafi brugðizt í því efni. Þá þurfi Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin að skýra verkaskiptingu sína til að markaðsmisnotkun á borð við þá sem föllnu bankarnir eru grunaðir um viðgangist ekki í lengri tíma.

Það er þarft og nauðsynlegt að endurreisa hlutabréfamarkaðinn, en það gerist ekki nema samhliða margvíslegum umbótum, sem Þórður Friðjónsson nefnir sumar hverjar í grein sinni. Hlutafélagalöggjöfina þarf að efla, ekki sízt til að auka vernd smærri hluthafa. Koma þarf í veg fyrir að bankar eða fjármálafyrirtæki geti aftur leikið sama leikinn með hlutabréfaverðið. Efla þarf eftirlitið með markaðnum, þar á meðal af hálfu Kauphallarinnar sjálfrar.

Stjórnvöld þurfa þannig að standa rækilega við bakið á endurreisn hlutabréfamarkaðarins með því að styrkja rammann sem honum er búinn. Ekki er síður mikilvægt að fjárfestar, smáir sem stórir, mæti til leiks á ný með raunhæfar væntingar. Verðhækkanir á borð við þær, sem tíðkuðust á íslenzka hlutabréfamarkaðnum á áratugnum fyrir hrun, voru innistæðulausar og tjón margra eftir því þegar bólan sprakk. Ein forsenda heilbrigðs hlutabréfamarkaðar er að fjárfestarnir líti á eignir sínar sem langtímafjárfestingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óheppilegt og óeðlilegt

Bjarni Benediktsson ræddi styrki stórfyrirtækja á Rás 2 í gær, sér í lagi til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Bjarni sagði að þetta væri „óheppilegt", styrkveitingar hefðu „farið úr böndunum" og jafnvel „út í vitleysu". Hins vegar hefðu engar reglur verið brotnar. Þetta er annar og mildari tónn en þegar Bjarni var spurður út í lántökur eiginmanns Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Þær kallaði formaðurinn „fullkomlega óeðlilegar". Í framhaldinu sá Þorgerður sæng sína upp reidda, sagði af sér sem varaformaður flokksins og vék af þingi. En það er sitthvað, óeðli og óheppni.

### Hreint fyrir dýrum

Guðlaugur Þór Þórðarson heldur sig til hlés í málinu. Hann hefur þarfari hnöppum að hneppa, til dæmis að leggja fram fyrirspurnir á þingi. Þar á meðal þessa: „Hvers vegna hafa ekki verið haldin námskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn síðan árið 2001 og hvenær stendur til að halda námskeið næst?" Eða kannski misheyrðist Guðlaugi bara þegar Bjarni bað hann að gera hreint fyrir dyrum. „Hreindýrum? Skal gert."



### Óþægilegt

Enn af styrkjum. Jóhanna Sigurðardóttir segir það „óþægilegt" að þingmenn innan Samfylkingarinnar hafi þegið háa styrki. Hún ætli hins vegar ekki að setjast í dómarasæti yfir þeim. Jóhanna hefur yfirleitt ekki afþakkað dómarasætið þegar henni þykir þingmenn annarra flokka fara yfir strikið, að ekki sé minnst á menn í atvinnulífinu. En var þetta ekki líka hvort eð er allt Tony Blair að kenna?

bergsteinn@frettabladid.is



## HALLDÓR



# Endurreisnin verður ekki sjálfkrafa

Samfélagsmál

Sigurjón Þórðarson

Formaður Frjálslynda flokksins



Þeir sem vilja drepa á dreif umræðum um ábyrgð á hruninu reyna að telja fólki trú um að nær allir landsmenn hafi verið þátttakendur og beri þar af leiðandi ábyrgð á ósköpunum. Ekki er það rétt, þar sem allur þorri fólks er fórnarlamb samlífis spilltrar stjórnmálastéttar og fjárglæframanna. Í raun er þetta ósvífinn leikur að koma inn sektarkennd hjá fólki sem stendur í harðri baráttu við að greiða af stökkbreyttum lánum. Á sama tíma og fjórðungur heimila á í greiðsluerfiðleikum og hefur ekki fengið úrlausn mála í lánastofnunum, þá baða höfuðpaurar hrunsins sig í illa fengnum auði og eru í algjörum forgangi í gömlu bönkunum sínum við að fá fyrirtækin sem þeir ráku í þrot fyrir lítið á ný. Til að bæta gráu ofan á svart hefur ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar verið ötul við að ráða helstu þjóna þrjótanna í bankakerfinu inn í lykilstöður í stjórnkerfinu.

Ef það má saka almenning um eitthvað með réttu þá er það andvara- og gagnrýnisleysi í aðdraganda hrunsins. Grandaleysið var eðlileg afleiðing mikils áróðurs sem kom úr ólíklegustu áttum s.s. greiningadeilda bankanna, kostaðri umfjöllun jafnvel ríkisfjölmiðla, sjálfsritskoðun fjölmiðla í eigu fjárglæframanna, kostaðra stjórnmálaflokka og prófkjörsframbjóðenda auk kostaðra fræðimanna.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar á bankahruninu segir að miklar umbætur þurfi að verða á stjórnarháttum og stjórnsýslu við endurreisn landsins. Margir sem nú eru í lykilstöðum í samfélaginu eru þar fyrir beinan fjárstyrk hrunaaflanna.

Breytingar og endurreisn verður ekki af sjálfu sér heldur þarf almenningur sem nú blæðir að taka virkan þátt í lýðræðinu, að láta í sér heyra og ganga til liðs við raunveruleg umbótaöfl í landinu. Fjórflokknum er ekki treystandi til að greiða úr málum en leynimakkið og þjónkan við sérhagsmunaöflin hefur verið haldið áfram eftir hrun eins og ekkert hafi í skorist. Eftir stendur að fyrir liggur að fara þarf í umtalsvert hreinsunarstarf eftir stærstu svikamyllu í sögu Evrópu bæði á hugarfari og starfsháttum.

Þrýstingur almennings ræður úrslitum um að þoka málum í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ábyrgð ráðherra

Dómsmál

Ástráður Haraldsson
Hæstaréttarlögmaður og dósent við Háskólann á Bifröst



Á dögunum féll í héraðsdómi dómur í máli eins umsækjenda um dómarastöðu í norðaustur-amtinu. Sá taldi settan dómsmálaráðherra hafa brotið á sér með því að skipa síður hæfan umsækjanda í stöðuna. Niðurstaðan varð áfall fyrir dómsmálaráðherra og ríkið. Það er að vonum. Þetta tilvik er í hópi ömurlegustu dæma um misbeitingu opinbers valds hér á landi. Hitt vakti athygli að héraðsdómur taldi settan dómsmálaráðherra persónulega ábyrgan í málinu. Þetta er mikið áhorfsmál. Fram að þessu hafa þeir sem orðið hafa fyrir valdníðslu ráðherra getað stefnt ríkinu. Sumir jafnvel náð rétti sínum. Ríkið þá verið dæmt til að greiða þeim bætur. Staðan er svona: Við höfum hálfrar aldar gömul lög um ráðherraábyrgð, byggð á 14. gr. stjórnarskrár. Þar segir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnsýslu sinni. Að lög skuli sett um ráðherraábyrgð. Að ákæruvald sé í höndum Alþingis og að Landsdómur dæmi þau mál. Þetta kerfi hefur að vísu aldrei virkað.

Vafalaust er að í núgildandi fyrirkomulagi fellst að refsiábyrgð vegna embættisbrota verður ekki felld á þann sem gegnir eða gegnt hefur embætti ráðherra af öðrum en Landsdómi. Hið sama hafa ýmsir talið að ætti að gilda um skaðabótaábyrgð. Þessu hafnar héraðsdómur. Telur þá ábyrgð fara að almennum reglum. Einnig um aðild að málum. Þetta kann að vera fræðilega umdeilanlegt. Hitt sýnist augljóst; sé það misskilningur að persónuleg bótaábyrgð vegna embættisbrota fari ekki að kerfi ráðherraábyrgðarlaga verður að breyta því. Það er ómögulegt að þeir sem trúað er fyrir því að fara með ráðherravald þurfi að verja ákvarðanir sínar persónulegri bótaábyrgð andspænis þeim sem eru ósáttir við þær ákvarðanir.

Ímyndum okkur að ráðherrar hrunstjórnarinnar hefðu staðið í lappirnar gagnvart bönkunum. Tekið á þeim til að verja hagsmuni þjóðarinnar. Áttu þeir þá að þurfa að sitja undir hótunum um persónulega skaðabótaábyrgð? Að formúu yrði varið til að siga á þá hjörð lögmanna? Má gera ráð fyrir að það hefði bætt frammistöðu þeirra?

Endurskoðun ráðherraábyrgðarlaga er brýn. Það kerfi verður að virka. Lausnin er ekki sú að fá sérhagsmunaklíkunum í hendur ný tæki til að stýra ráðherrum. Hitt er líka brýnt; Á næstu árum munu ganga til dóms mörg mál sem á einn eða annan hátt munu fjalla um uppgjör vegna hrunsins. Þá reynir á að dómstólarnir standi í lappirnar. Einnig þeir fara með opinbert vald. Það er ekki þeirra hlutverk að berast með straumi almenningsálitsins. Reynslan sýnir hvað það er hættulegt þegar valdhafarnir falla í þá gryfju.

# Að ganga í takt

Innanflokksmál VG

Lilja Mósesdóttir
Þingkona VG



Í fréttaskýringu Kolbeins Óttarssonar Proppé í Fréttablaðinu 22. apríl er ég sérstaklega tekin út í umfjöllun um „ófriðarbál" innan VG og þess getið að ég gangi í litlum takti við aðra í þingflokknum. Fréttaflutningur Kolbeins veldur mér vonbrigðum því stutt er síðan út kom skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem ítarlega er gerð grein fyrir hörmulegum afleiðingum foringjaræðis og heraga innan ríkisstjórnarflokka. Von mín um að við myndum sem þjóð taka til okkar eitthvað af þeim lærdómi sem draga má af því sem afvega fór og leiddi til falls bankanna dofnaði við lestur fréttaskýringarinnar. Enn og aftur á að einangra einstaklinga pólitískt sem ekki undirgangast oddvitaræði íslenskra stjórnmála. Við megum ekki láta slíkt viðgangast lengur og eigum að leggja rækt við skoðanaskipti og lýðræðisleg vinnubrögð í íslenskum stjórnmálum.

**Gegn foringjaræði**

Í siðferðisskýrslu rannsóknarnefndarinnar segir m.a. að „Íslensk stjórnmálamenning er vanþroskuð og einkennist af miklu valdi ráðherra og oddvita stjórnarflokkanna. Þingið rækir illa umræðuhlutverk sitt vegna ofuráherslu á kappræðu þar sem þekking og rökræður víkja fyrir hernaðarlist og valdaklækjum" (bls. 184, bindi 8). Ég tek undir þessa gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu, þar sem hún samræmist því miður reynslu minni af þingmannsstarfinu síðastliðið ár. Ástæða þess að ég ákvað að skipta um starfsvettvang og taka þátt í pólitík var til þess að berjast fyrir endurreisn íslensks samfélags á forsendum almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Ég valdi mér stjórnmálaflokk sem hefur á stefnuskrá sinni að byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag. Stefna flokksins hefur fram til þessa verið mér kærari en hlýðni við forystuna, enda gekk ég ekki til liðs við ákveðna einstaklinga. Við erum mörg í VG sem höfum þessa afstöðu og höfum verið óhrædd við að gagnrýna forystuna fyrir að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum og innleiða aðgerðir sem ekki samrýmast stefnu flokksins. Þessi gagnrýni hefur ekki aðeins átt sér stað í þingflokki VG heldur einnig á flokksráðsfundum. Sem betur fer eru lýðræðisöflin enn sterk í VG. Þetta vita þeir sem til þekkja og blaðamenn sem eru vandir að virðingu sinni og kynna sér allar hliðar málsins.

**Norrænt réttlæti**

Mér fannst eins og fjölmörgum öðrum VG-félögum ámælisvert að forysta stjórnarflokkanna reyndu að keyra Icesave-samninginn í gegnum ríkisstjórnarflokkana án þess að þingflokkurinn fengi tækifæri til að lesa hann þegar málið kom upp í júní á síðasta ári. Viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, sem eru ekkert annað en loforð um stefnu og aðgerðir ríkisstjórnarflokkanna, hafa verið sendar AGS án þess að þær hafi verið borin undir stjórnarflokkana. Ég hef ítrekað gagnrýnt aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að taka á skuldavanda heimilanna fyrir að vera í anda frjálshyggju en ekki norræns velferðarkerfis. Fátækrastimpilinn er hafinn á loft og aðeins þeir sem bankarnir og dómskerfið segja að þurfi á aðstoð að halda fá hana en ekki allir þeir sem nú sitja uppi með stökkbreytt lán. Eitt helsta einkenni norræna velferðarkerfisins er að aðgerðir eru fyrir alla og síðan er skattkerfið notað til að ná til baka frá þeim sem ekki þurfa á aðstoð að halda. Ef almennar aðgerðir duga ekki, þá er gripið til sértækra aðgerða.

„Ófriðarbálið" svokallaða er tendrað af þeim sem ganga ekki í takt við stefnu VG og vilja að þaggað sé niður í gagnrýnisröddum.

Verslunarmiðstöðin Smáralind til sölu

**Reginn ehf. dótturfélag Landsbankans (NBI hf.) hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í Eignarhaldsfélaginu Smáralind ehf. sem á og rekur verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi.**

Seljandi hlutafjárins er Fasteignafélag Íslands ehf. sem er í eigu Regins ehf. Fasteignafélag Íslands hefur átt í fjárhagserfiðleikum, en efnahagur Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. er og hefur verið traustur.

Verslunarmiðstöðin Smáralind var opnuð árið 2001 og hefur frá stofnun verið mikilvægur þáttur í verslun á Íslandi. Smáralind er stærsta verslunarmiðstöð landsins, hún er 62.730 fermetrar að stærð og þar af nýtast 40.490 fermetrar undir verslun.

Starfsemi félagsins felst í útleigu, rekstri, viðhaldi og uppbyggingu verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar. Kaupandinn verður einn eigandi húsnæðisins.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum, sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 500 milljónir króna.

Unnt er að nálgast allar frekari upplýsingar um söluferlið, um félagið sem til sölu er og önnur nauðsynleg gögn, þar með talda trúnaðaryfirlýsingu og hæfismat, á heimasíðu Landsbankans, landsbankinn.is.

**Frestur til að óska eftir þátttöku í ferlinu rennur út klukkan 16.00 þriðjudaginn 25. maí 2010.**

landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM41919 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280





*Okkar ástkæri unnusti, sonur og bróðir,*

**Guðmundur Kristinn Steinsson**

*Stekkjargötu 9, Reykjanesbæ,*

lést af slysförum, laugardaginn 17. apríl.

Útför Guðmundar verður gerð frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 29. apríl kl. 13.00.
Stofnaður hefur verið minningarsjóður í nafni Guðmundar Kristins Steinssonar til styrktar Handknattleiksfélagi Reykjanesbæjar og er þeim sem vilja minnast hans bent á reikning hjá Íslandsbanka nr. 542-14-400005, kt. 450908-0370.

**Berglind Harpa Ástþórsdóttir**
**Steinn Erlingsson** **Hildur Guðmundsdóttir**
**Einar Ó. Steinsson** **Sigríður Dagbjört Jónsdóttir**
**Dagný Alda Steinsdóttir**
**Una Steinsdóttir** **Reynir Valbergsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hrafn Einarsson,**

Vesturbrún 12, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala, mánudaginn 26. apríl.

**Signý Halldórsdóttir**
**Katrín Hrafnsdóttir** **Einar Malmberg**
**Sigrún Hrafnsdóttir** **Sigtryggur Baldursson**
**Sólveig Hrafnsdóttir** **Halldór Sölvi Hrafnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,*

**Jónasar S. Þorleifssonar,**

Álfhólsvegi 84, Kópavogi.

**Ragnheiður Jónasdóttir** **Þorleifur Þorsteinsson**
**systkini, systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**



*Ástkær sambýlismaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ármann Þór Ásmundsson,**

andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 25. apríl.
Útförin verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 4. maí kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigrún Karlsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Vilborg Guðjónsdóttir**

frá Fremstuhúsum, Dýrafirði,

andaðist laugardaginn 24. apríl.

**Guðjón Torfi Guðmundsson** **Stefanía Magnúsdóttir**
**Þorgeir Guðmundsson**
**Valgerður Guðmundsdóttir**
**Dýri Guðmundsson** **Hildur Guðmundsdóttir**



*Útför sonar okkar, bróður og barnabarns,*

**Ísaks Rafaels Jóhannssonar**

fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 30. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans eru beðnir að láta Íslandsdeild Amnesty International njóta þess.

**Aðalbjörg Jónsdóttir** **Jóhann Rúnar Sigurðsson**
**Jóhann Vilhjálmur Ólason**
**Óli Dagmann Jóhannsson** **Villy Bögh Olsen Jóhannsson**
**Kolbrún Inga Sæmundsdóttir** **Björn Arnórsson**
**Jón Aðalsteinsson** **María Kristjánsdóttir**
**Hulda Jóhannsdóttir** **Óli Dagmann Friðbjörnsson**
**Katrín Björgvinsdóttir** **Sigurður Anton Jónsson**



*Hjartkær eiginkona, móðir okkar og dóttir,*

**Gróa Gunnlaugsdóttir,**

Írabakka 6,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 19. þessa mánaðar. Fjölskyldan vill færa starfsfólki Karitas og líknardeildar þakkir fyrir veitta umönnun. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd systkina og annarra ástvina,**

**Jacek Marcin Polaszczyk**
**Egill Örn Erlingsson**
**Gunnlaugur Erlingsson**
**Hildur Jónsdóttir**
**Gunnlaugur Baldvinsson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur, afi og barnsfaðir,*

**Páll Skúlason,**

lést laugardaginn 24. apríl. Jarðsett verður frá Bústaðakirkju föstudaginn 30. apríl kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á SÁÁ.

**Sóley Anna Pálsdóttir** **Ólafur Björnsson**
**Ísar Daði Pálsson**
**Adrían Óli Pálsson**
**Skúli Pálsson** **Guðrún Hlíf Ludviksdóttir**
**Anna Júlía Skúladóttir** **Ólafur Ingi Jónsson**
**Birgir Skúlason** **Anna Guðrún Jónsdóttir**
**Sylvía Rán Ólafsdóttir**
**Hanna Sigríður Stefánsdóttir**
**Sigríður Sæland Óladóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Arnar Svanberg Einarsson,**

Erluási 2, Hafnarfirði,
áður til heimilis í Erluhrauni 2b,

lést á heimili sínu 23. apríl. Jarðsungið verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Lísabet Sólhildur Einarsdóttir**
**Indíana F. E. Sigurðardóttir** **Aðalsteinn Aðalsteinsson**
**Viktoría I. Sigurðardóttir** **Jón Marías Torfason**
**Einar Svanberg Sigurðsson** **Dagrún N. Magnúsdóttir**
**Sigríður Lísabet Sigurðardóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Sólborg Sigurðardóttir**
**Sigurður Arnar Sigurðsson** **Birna Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**PENÉLOPE CRUZ ER 36 ÁRA Í DAG.**



*„Mikilvægasta lexían sem ég hef lært í þessum bransa er að segja nei. Ég hef sagt nei við alls kyns freistingum og ég er ánægð með það.“*

***Spænska leikkonan Penélope Cruz hlaut mikla athygli sem ung leikkona í myndum á borð við Jamón, Jamón, La Niña de tus ojos og Belle époque. Hún hefur einnig leikið í bandarískum myndum á borð við Blow, Vanilla Sky og Vicky Cristina Barcelona.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÓHEFÐBUNDINN KÓR** Hér er kórinn á æfingu en þegar hann kemur fram eru konurnar í galakjól og karlarnir í smóking. FRÉTTBLAÐIÐ/VILHELM

## ÓPERUKÓR HAFNARFJARÐAR: FAGNAR TÍU ÁRUM MEÐ TÓNLEIKUM

# Kór fyrir augu jafnt sem eyru

Óperukór Hafnarfjarðar fagnar tíu ára afmæli með tónleikum í Hafnarborg í kvöld en auk þess er von á hljómplötu með haustinu. Elín Ósk Óskarsdóttir sópransöngkona stjórnar kórnum og lýsir tilurð hans á þessa leið:

„Kórinn varð til eftir að ég hætti með Rangæingakórinn í Reykjavík sem ég stjórnaði í tíu ár. Í kjölfarið stofnaði ég Söngsveit Hafnarfjarðar og fylgdu mér nokkrir meðlimir Rangæingakórsins. Fljótlega eftir að ég auglýsti eftir fólki var ég svo komin með fimmtíu manna fullskipaðan kór.“ Elín Ósk segist strax hafa verið búin að móta sér skoðun á því hvernig kórinn ætti að vera. „Hugmyndin var frá upphafi að vera ekki hefðbundinn kór heldur að syngja eingöngu óperu-, óperettu- og vínartónlist. Þá var ég strax ákveðin í því að konurnar myndu alltaf koma fram í flottum galakjólum og karlarnir í smóking. Kjólarnir eru flestir litríkir með miklum pilsum sem tryggir ánægju fyrir jafnt augu sem eyru áhorfenda.“

Stuttu eftir stofnun kórsins segir Elín að kórmeðlimir hafi sammælst um að hann yrði kallaður Óperukór Hafnarfjarðar enda kórmeðlimir eingöngu að syngja óperutónlist. „Við stöndum líka fyllilega undir nafni enda höfum við sungið heila óperu á sviði,“ segir Elín Ósk og vísar til uppfærslu kórsins á Cavalleria Rusticana á sviði Íslensku óperunnar árið 2007.

Elín Ósk segir aldrei lognmollu í kringum kórinn og að hann hafi ferðast víða bæði innanlands og utan. „Við fengum til að mynda stórkostlegar móttökur í glæsilegri fílharmoníu-höll í Sófíu en auk þess höfum við troðið upp í Kanada, Toronto og Montreal svo dæmi séu nefnd,“ segir Elín Ósk og tekur fram að á ferðalögum kórsins ytra hafi hann lagt sig fram um að kynna íslenska tónlist og íslenska þjóðbúninginn.

Í dag eru um fimmtíu manns í kórnum og æfir hann einu sinni í viku. Til að komast inn þarf fólk að vera söngvant og segir Elín Ósk það bónus ef það hefur lært söng. „Síðan erum við svo heppin að hafa haft konsertpíanistann Peter Máté með okkur alla tíð.“

Á tónleikunum í kvöld verða meðal annars flutt lög af væntanlegri hljómplötu kórsins sem hefur að geyma gamalt og nýtt efni frá kórnum ásamt sígunaljóðum óp. 103 eftir Brahms. Þá verður boðið upp á óperukúlur úr smiðju kórmeðlima en ein meginuppistaða þeirra eru Þykkvabæjarkartöflur úr heimabyggð Elínar Óskar. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

vera@frettabladid.is

4BLS BÆKLINGUR

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

## NÝ TILBOÐ

2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI



**MP3**
4GB COBY MP707 MP3 SPILARI
**12.900**



FÆST Í FJÖLDA LITA

**EP220**
CREATIVE EP-220 HEYRNARTÓL
**2.990**



MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR

**REVO**
FRÁBÆR BORÐTÖLVA MEÐ 512MB NVIDIA ION SKJÁST. WINDOWS XP, OFL. OFL.
**49.900**



**1TB**
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**14.900**

**750GB**
750GB SAMSUNG SATA2 DISKUR 32MB
**11.900**

**1.5TB**
1.5TB WESTERN DIGITAL SATA2 DISKUR 64MB
**19.900**

GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI



Borgartún 31 Reykjavík





Undirhlíð 2 Akureyri

28. APRÍL 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL



# GIGABYTE
## UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**
ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN

GLÆSILEG DX11 LEIKJATÖLVA



# GIGABYTE
## X2 LEIKJATÖLVA

- GIGABYTE hljóðlátur IT 500W turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**
HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI

NÝ KYNSLÓÐ
HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI



## HDMI1080i



# 20”
## SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Asus sem er innbyggð í glæsilegan 20” HD PLUS skjá með þráðlausu lyklaborði og mús.

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20” HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

ASUS

**129.900**
GLÆSILEG ASUS BORÐTÖLVA

LACIE



# 1TB
## LaCinema Classic 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P Upscaling kvikmynda afspilun
- Spilar alla MP3 og WMA tónlist
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Digital, USB ofl.

**39.900**
1.5TB AÐEINS KR. 44.900



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST LABTEC

Nýjasta þráðlausa settið frá Labtec með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**6.990**
W-1200 ÞRÁÐLAUST SETT

FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT



## M7700 ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**
BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**
HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI

20% AFSLÁTTUR



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**7.990**
MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



## LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Logitech með 2 hátölurum og góðu bassaboxi

**6.990**
LOGITECH 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

**ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ** verður haldin í Norræna húsinu dagana 29. apríl til 3. maí. Hátíðin ber yfirskriftina Sögur af innflytjendum. Enginn aðgangseyrir er inn á myndirnar sem eru sýndar með enskum texta.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447








„Ég er bara landkrabbi og ekki gerð fyrir svona ferðir," segir Bergþóra sem sigldi til Íslands með fraktskipi frá Rotterdam.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Velktist í þrjá daga á sjó

**Bergþóra Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Líflands, varð innlyksa í London ásamt samstarfsmanni þegar gos hófst í Eyjafjallajökli. Þau dóu ekki ráðalaus og komu sér heim með einu af fraktskipum Samskipa.**

„Maður verður bara að grípa gæsina þegar hún gefst," segir Bergþóra, en hún var búin að vera í London í nokkra daga þegar bresku fréttastöðvarnar greindu frá því að það yrði líklega ekkert flug um Evrópu næstu 4-5 daga sökum gossins í Eyjafjallajökli. „Okkur leist ekki á blikuna þannig að við ákváðum að grípa þetta tækifæri sem okkur bauðst í gegnum vinnuna."

Bergþóra og Eggert, innkaupastjóri Líflands, þáðu far með fraktskipi Samskipa sem lagði úr höfn í Rotterdam. Ferðin tók þrjá sólarhringa. „Það var tekið mjög vel á móti okkur og áhöfnin, sem var úkraínsk og taílensk, vildi allt fyrir okkur gera," segir Bergþóra sem leist þó tæplega á ferðina. „Ég er bara landkrabbi og er ekki gerð fyrir svona ferðir."

Ferðalangarnir fengu ekki besta veðrið á leiðinni og segir Bergþóra að hún muni sennilega aldrei leggja í svona ferð aftur. „Ég varð hræðilega sjóveik, enda óvön svona ferðum," segir hún. „Það lengsta sem ég hef ferðast með bát var til Vestmannaeyja og þá var fínasta veður."

Þrátt fyrir vont veður og misgóða heilsu segir Bergþóra að áhöfnin hafi verið hin ljúfasta og hafi allt viljað fyrir þau gera. Þau smökkuðu meðal annars rússneska rauðrófusúpu í fyrsta sinn. „Þetta var matur fyrir vinnandi menn," segir hún. „Steikt egg í morgunmat, kássa og bleik súpa í hádeginu – ekki alveg besti matur fyrir sjóveik borgarbörn eins og okkur. En þeir höfðu miklar áhyggjur af okkur, við líktumst örugglega ekki mikið íslenskum víkingum."

Ferðin var mikil lífsreynsla og segir Bergþóra þau Eggert hafa verið mjög fegin að sjá íslensku, hvítu fjöllin. Þó vill hún ekki bera sjóveiki upp á félaga sinn. „Hann segist ekki hafa orðið sjóveikur," segir hún. „Mér finnst þetta þó vera skilgreiningaratriði. Ég gengst allavega við minni."

Um leið og í símasamband var komið, eftir tvo sólarhringa úti á rúmsjó, gaf sími Bergþóru frá sér hljóð. Það var SMS frá Iceland Express sem í stóð: „Flogið verður til Íslands í dag. Vinsamlegast mætið út á flugvöll sem fyrst."

- SV









UPPÞVOTTALÖGUR getur reynst ágætlega við að leysa upp fitubletti í flíkum.


Fáðu tilboð í síma 6630000 eða glersyn@glersyn.is

Glugga- og klæðningahreinsun

GLERSÝN sf.

Glersýn SF - Glæsibær 20 - 110 Reykjavík - glersyn@glersyn.is - Sími: 6630000


# Skúra, skrúbba og bóna

**Þótt fæstum þyki sérlega gaman að moppa og skúra gólf er það nauðsynleg athöfn til að stuðla að betra lofti í híbýlum manna. Gólfefni eru þó æði misjöfn og þarfnast mismunandi aðferða í þrifum.**

**Vínyl-gólfdúk** er best að sópa reglulega. Hann má síðan þvo með volgu sápuvatni með þvegli eða gólfklút. Til að fá sem besta áferð má síðan renna yfir dúkinn með hreinu vatni, þannig verða engar sápuleifar á dúknum. Þegar dúkurinn er bónaður á aðeins að nota vatnsuppleysanlegt bón.

**Línoleum-gólfdúk** er best að þvo með mildri sápu en ekki má bleyta gólfdúkinn of mikið. Nota má vaxbón á dúkinn.

**Lakkað parket** er best að sópa eða rykmoppa eins og þarf. Þegar meiri hreingerning stendur fyrir má svo þvo gólfið með mildu sápuvatni en mikilvægt er að vinda skúringaklútinn vel enda getur vatn sem liggur á lökkuðu parketgólfi skemmt. Lakkað parket má bóna bæði með vatnsuppleysanlegu bóni og vaxbóni en ekki á að bóna of oft.

**Olíu- eða vaxborið parket** er gott að rykmoppa reglulega. Fyrir meiri þrif er gott að nota grænsápu, parketsápu eða aðra feita sápu þar sem fitan mettar gólfborðin. Gott er að olíu eða vaxbera gólf reglulega því annars þorna þau og verða mislit.

**Kork** er best að sópa eða ryksuga. Hann er síðan gott að þvo með heitu sápuvatni en vaxbón hentar best á korkinn. Ef korkurinn er lakkaður skal nota volgt sápuvatn og þurrka yfir í lokin.



Línoleum-dúk er best að þvo með mildri sápu. NORDICPHOTOS/GETTY

**Leirflísar** má þrífa með uppþvottalegi en mikil óhreinindi þarf að skrúbba burt. Fúgurnar geta orðið skítugar og þarf að þrífa sérstaklega með sterku sápuvatni og mjúkum bursta. Slíkar flísar má hins vegar alls ekki bóna.

**Steinflísar** er best að strjúka reglulega með þvegli og vatni með hreinsilegi. Þá má skrúbba þær með sterku sápuvatni, skola vel og þurrka. Nota má vaxbón á flísarnar. Þegar flísarnar eru nýjar getur verið gott að bera á þær línolíu og þvo ekki fyrstu tvær vikurnar.

**Teppi og mottur** dugar að ryksuga. Þó þarf stundum að hreinsa teppi en til þess er best að leigja sérstakt teppahreinsitæki.Lausar mottur og dregla er gott að viðra og banka með teppabankara.

*Heimild: www.leidbeiningastod.is*


Virkon

Sótthreinsirinn sem allir reyna að stæla en engum tekist

ÖRYGGI !

Ef þú vilt örugglega losna við Salmonellu, Kamphylobakter, svínaflensu og fleiri matvælasýkla skaltu sótthreinsa með Virkon S. 1 % upplausn drepur allar bakteríur og sýkla á 10 mínútum.

RANNSÓKNIR !

Virkon fæst í stórum og smáum einingum, bæði í duft- og töfluformi allt eftir óskum hvers og eins. Efnið leysist auðveldlega upp í vatni og er þá tilbúið til notkunar. Virkon er það sótthreinsiefni sem hvað mest hefur verið rannsakað og staðist allar gæðakröfur.

AUÐVELT !

Auðvelt er að nota Virkon. 1 % upplausn drepur alla gerla og bakteríur á 10 mínútum. Í 500 ml úðabrúsa fer 5gr. af Virkon. Blandan dugir í 7-10 daga. Verð frá kr. 96 m.vsk.

kemi

*Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík*
*Sími: 544 5466 www.kemi.is*



Seal cleanfix IPC Ready System

30% AFSLÁTTUR af öllum Seal hreinsiefnum



Mikið úval af hreinsiefnum frá Seal, hreingerningaráhöldum frá Ready System og Cleanfix, handþurrkum og WC pappír frá Satino.

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum 2, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is



Er HREINT hjá þér?

Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana er bæði betri og ódýrari







Hreint ehf. er öruggur valkostur á íslenskum ræstingarþjónustumarkaði, þar sem krafist er faglegra vinnubragða í öllum þáttum þjónustunnar.

Við gerum einföld, skýr og skrifleg tilboð í öll verkefni og klæðskerasaumum þau að ólíkum þörfum þeirra sem til okkar leita. Við búum yfir þekkingu og reynslu sem er vandfundin hér á landi og bjóðum hana á **höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, Akranesi og Hveragerði.**

**Hafðu samband í síma 554-6088 eða með netpósti á hreint@hreint.is og við komum að vörmu spori.**

Hreint RÆSTING

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

• Reykjavík
• Akureyri
• Selfoss
• Akranes
• Hveragerði

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 433.043



„Ég er alin upp við það á Ólafsfirði að gera allt hreint á vorin og held þann sið í heiðri," segir Lára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Frá innsta horni út á stétt

**Þegar sólargeislarnir flæða inn um gluggana á vorin fær framtakssamt fólk fiðring í puttana og fer að þrífa. Þeirra á meðal er Lára Axelsdóttir, starfsmaður Áskirkju og hjálparhella í Mæðrastyrksnefnd.**

„Ég er alin upp við það á Ólafsfirði að gera heimilið hreint á vorin og held þann sið í heiðri," segir Lára. „Móðir mín gekk svo langt að skipta um fyrir öllum gluggum, taka niður þykku velúrtjöldin og setja upp önnur þynnri. Ég læt hins vegar nægja að taka gardínurnar niður, þvo þær og hengja strax upp aftur."

Stundum segir Lára nokkra daga fara í hreingerningarnar en önnur vor eru þær teknar með áhlaupi og þá er maðurinn hennar drjúgur þátttakandi. „Hann þrífur gjarnan loftið í eldhúsinu og baðið í hólf og gólf, þessi elska, og þvær svo öll gólf í lokin upp úr parketsápu. Stundum pússar hann líka speglana með dagblöðum," lýsir hún ánægð. Sjálf tekur hún skápana í gegn og miðstöðvarofnana, þvær gluggana, þurrkar af öllu, pússar og fægir. En þurfa þau hjónakornin ekki að byrja á að viða að sér hreingerningarefni áður en atið byrjar? „Við eigum það nú bara alltaf," segir Lára, gott ef ekki hneyksluð á spurningunni.

*gun@frettabladid.is*







**PERLAN** er áfangastaður margra ferðamanna en getur verið jafn heillandi fyrir Íslendinga.



;ALLT TÍSKA Fimmtudaga


**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447




Rögnvaldur Guðmundsson við híbýli fornmanna í Minjagarðinum við Hofsstaði í Garðabæ, þar sem skáli stóð frá landnámsöld fram á 12. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sagan finnst á hverri þúfu

**Á morgun verður haldið málþing um sögutengda ferðaþjónustu í Þjóðmenningarhúsinu, þar sem fjallað verður um samspil lifandi sagnamennsku og margmiðlunartækni við þróun menningar- og söguferða.**

„Við viljum vekja athygli á sögu Íslands því rannsóknir sýna að níutíu prósent ferðamanna hafa áhuga á sögu og menningu Íslendinga, og fjörutíu prósent erlendra ferðamanna telja mikilvæga ástæðu þess að koma til landsins að upplifa Íslendinga, menningu þeirra og sögu,“ segir Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu (SSF) sem stofnuð voru upp úr Evrópuverkefni árið 2006.

Meðal fjölmargra söguslóða SSF eru Reykholt, Skálholt, Hólar og handritasýningin á Þjóðminjasafninu, setur eins og Njálusýningin í Fljótshlíð, Eiríksstaðir í Haukadal, setur Vatnsdælasögu fyrir norðan og Hrafnkelssögu fyrir austan, ásamt velflestum stöðum á landinu sem gera út á Íslendingasögurnar.

„Markmið samtakanna er að fá fólk til að vinna saman að þróun sögutengdrar ferðaþjónustu, forðast að það geri svipaða hluti og sé sammála um að vera með ólíkar áherslur. Þá er mikilvægt að gæðin séu í lagi og flýta sér hægt til að gera sem best,“ segir Rögnvaldur sem er í samvinnu við ferðaþjónustuaðila um að bæta sögustöðum í hefðbundnar ferðir eða bjóða sérstakar ferðir á söguslóðir.

„Íslendingasögurnar eru ekki bara um víkinga heldur fólkið sem bjó á Íslandi þess tíma og býsna merkilegar heimildir um lífið á víkingatíma. Því er spennandi að heimsækja slíka staði og flétta inn í ferðalög, en bæklingum okkar er dreift um allt land og inn í bílaleigubíla. Þá bendum við á aðila sem eru í startholunum, eins og Vopnfirðingasögu þar sem Vopnfirðingar eru að gera söguslóðir sínar aðgengilegri, og spákonusetur á Skagaströnd sem gerir út á Þórdísi spákonu sem var göldrótt seiðkona. Við erum einnig í samstarfi við leikhópinn Kraðak sem hefur sagt sögu Reykjavíkur í Let‘s Talk Reykjavík en er nú að fara á Húsavík með Let‘s Talk Húsavík, sögu um landnámsmennina þar í samvinnu við heimamenn sem bjóða leiksýningu einu sinni á dag.“

Á morgun heldur SSF málþingið „Söguslóðir 2010 – Sögumaður og/eða sýndarveruleiki“ í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

„Þar ætlum við að tefla saman mögulegu samspili lifandi sagnamennsku og margmiðlunartækni við þróun menningar- og söguferða á Íslandi. Til þess fáum við belgískan gestafyrirlesara, Daniel Plentinckx, sem er sérfræðingur í notkun sýndarveruleikatækni í menningarferðaþjónustu, auk þess sem úrvals fyrirlesarar frá Íslandi taka þátt. Málþingið er opið öllum áhugasömum um sögu, menningu og lifandi miðlun. Sagan er úti um allt og á hverri þúfu; fólk þarf bara að átta sig á því.“

Málþingið stendur frá kl. 13 til 17. Nánari dagskrá á www.soguslodir.is.

*thordis@frettabladid.is*



Flestir erlendir ferðamenn fara til Frakklands á hverju ári eða um 79 milljónir. Næstflestir til Bandaríkjanna og síðan til Spánar. Kína er í fjórða sæti, Ítalía í því fimmta og Bretland í því sjötta. Úkraína komst inn á topp tíu listann yfir fjölsóttustu ferðamannalöndin árið 2006 og er í sjöunda sæti.

**www.wikipedia.org**
















# FRAMHALDSNÁM

MIÐVIKUDAGUR 28. APRÍL 2010



**Þriggja ára nám til stúdentsprófs fyrir duglega nemendur**

# Verkmenntaskólinn á Akureyri



● Iðnnám og starfsbrautir við allra hæfi



● Stúdentspróf að loknu starfsnámi



● Margvíslegir kostir og sveigjanleiki við samsetningu náms



● Öflugt félagslíf og frábær heimavist

**Fjölskrúðugt skólasamfélag þar sem kappkostað er að mæta þörfum allra nemenda**

**Nánari upplýsingar á heimasíðunni: www.vma.is**



## Útskrifuð en heldur áfram

Auður Reynisdóttir útskrifaðist úr listnámi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri um síðustu jól. Ég var á myndlistakjörsviði en myndlist var mitt áhugasvið þegar ég byrjaði í náminu," segir Auður sem fékk mikinn áhuga á saumaskap fyrir tveimur árum. „Fyrir ári gerði ég mér grein fyrir að ég vildi læra meira um saum. Þar sem ég var meira en hálfnuð með listnámsbrautina ákvað ég að klára og fara síðan suður í klæðskeranám í Tækniskólanum," segir Auður en námið í Reykjavík hefst ekki fyrr en í haust. Auður ákvað að sitja ekki auðum höndum heldur fékk að stunda nám á textílbraut VMA. „Ég tek 20 einingar í verklegum fögum og raðaði saman því sem mig langaði að gera," segir Auður sem er mjög ánægð með VMA og sérstaklega listnámsbrautina þar sem hún segir góðan anda ríkja.



## Hver og einn skiptir máli

Sigríður Etna Marinósdóttir frá Þistilfirði er 19 ára og útskrifast af félagsfræðibraut frá VMA í vor. Hún var ári á undan í grunnskóla og gat ekki hugsað sér að fara að heiman svo snemma til að fara í heimavist á Akureyri. Hún byrjaði því í VMA í fjarnámi fyrsta árið og hafði reyndar tekið nokkur fög með tíunda bekk líka.

Fjarnámið á greinilega vel við hana því hún hefur verið í fjarnámi öll sumur en setið á skólabekk á Akureyri á veturna. „Reyndar tók ég líka eina önn í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík vorið 2009," segir Sigríður Etna sem á greinilega auðvelt með að læra.

Hún er mjög ánægð með skólann sinn. „Starfsfólkið er frábært og manni finnst eins og hver og einn nemandi skipti máli," segir Sigríður.



## Útskrifast með yfir 200 einingar

Hermann Ingi Gunnarsson hóf fyrst nám í VMA fyrir fimm árum og sótti þá grunndeild málmiðnaðar og vélstjórn. Hann kláraði það nám en lauk þó ekki stúdentsprófi. Eftir frí frá skóla sneri hann aftur til að klára.

„Ég vildi koma aftur hingað því mér líkar vel við kennarana sem eru opnir og vilja aðstoða mann, auk þess sem umhverfið allt er þægilegt," segir Hermann sem er ánægður með að taka svo langan tíma í stúdentsprófið. „Maður hefur meiri áhuga núna enda er maður að þessu fyrir sjálfan sig en ekki foreldrana."

Hermann mun útskrifast með yfir 200 einingar og hefur því víðan grunn. „Mér finnst fjölbreytileikinn bestur við skólann," segir hann og stefnir á nám í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í framhaldinu að læra búvísindi.





**„Fjölbreytt nemendaflóra setur skemmtilegan svip á skólabraginn," segir Hjalti Jón Sveinsson skólameistari.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Auðvelt að ljúka stúdentsprófi á þremur árum

**Verkmenntaskólinn á Akureyri er næststærsti framhaldsskóli landsins.**

„Einkenni þessa skóla er mikil breidd og fjölbreytni í námsframboði," segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri. Skólinn er sá næststærsti á landinu með um 1.200 til 1.300 nemendur sem stunda nám við fjölbreyttar brautir. „Við erum meðal annars með öflugar bóknámsbrautir, stóra listnámsbraut og hefðbundnar iðngreinar," upplýsir Hjalti Jón.

Hann segir aðsóknina í skólann mjög góða og hafa farið vaxandi. Þá hafi áhugi á verknáminu aukist en í dag eru um sextíu prósent nemenda í bóknámi en fjörutíu prósent í verknámi af einhverju tagi.

Í VMA hefur alla tíð verið lögð mikil áhersla á sem mesta breidd í námsframboði. Hjalti tekur dæmi af hárgreiðslu sem nú er kennd annað árið í röð og fullt nám í bifvélavirkjun.

„Við leggjum einnig áherslu á að auðvelt sé fyrir duglega nemendur að ljúka stúdentsprófi á þremur árum," segir Hjalti Jón og tekur fram að þeir geti þannig einnig tekið nokkra áfanga í fjarnámi. „Síðan eru endalausir möguleikar til að raða saman náminu sínu á fjölbreytilegan hátt."

VMA hefur undanfarið aukið samstarf við erlenda skóla. „Nemendur okkar hafa tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum og hingað hafa komið skiptinemar sem setja skemmtilegan svip á skólann," segir Hjalti Jón ánægður og bætir við að mislitur nemendahópurinn blandist mjög vel. „Þessi breiða og fjölbreytta nemendaflóra er nú eitt það skemmtilegasta við skólann."

Félagslífið í skólanum er einnig öflugt að sögn Hjalta Jóns, mikið um söng og tónlist auk öflugrar leiklistardeildar. Þá rekur skólinn heimavist ásamt Menntaskólanum á Akureyri. „Þar eru um 150 nemendur frá okkur," segir Hjalti Jón og telur heimvistina til fyrirmyndar. Þar líði nemendum skólans vel, en þeir koma víða að. Flestir frá Akureyri og sveitunum í kring, en einnig af Norðvesturlandi, Austurlandi, Vestfjörðum og jafnvel Reykjavík.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462.



„Almennar námsbrautir hafa verið rósir í hnappagat skólans þar sem margir nemendur hafa náð að fóta sig í skólakerfinu," segir Bryndís skólameistari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sóknarfæri fyrir frumkvöðla

**Borgarholtsskóli er þekktur fyrir að sinna breiðum hópi nemenda því hann býður upp á fjölbreytt nám. Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari lýsir því nánar.**

„Í Borgarholtsskóla er verk- og bóknámi gert jafnhátt undir höfði og það er einmitt það sem ný lög um framhaldsskóla leggja áherslu á," segir Bryndís brosandi. Hún nefnir sem dæmi að nemandi í raungreinum gæti tekið valáfanga í kjörsviði málmiðngreina sem væri góður undirbúningur undir verkfræðinám í háskóla. „Hér eru svo miklir möguleikar," bendir hún á.

Í Borgarholtsskóla eru um 1.300 nemendur í vetur sem skiptast á hinar ýmsu brautir. Bryndís segir vinsældir bóknáms til stúdentsprófs hafa aukist til muna enda kennsluaðferðirnar nútímalegar og höfði til nemenda. Bílgreinar og málmiðngreinar laða til sín vinnufúsa og útsjónarsama nemendur að hennar sögn og fatahönnun og leiklist eru valgreinar við skólann. Bryndís nefnir líka listnámsbraut, þar sem meðal annars er kennd margmiðlunarhönnun, fjölmiðlatækni og grafísk miðlun sem hún segir góðan undirbúning undir háskóla og atvinnulíf. „Hér er verslunar- og félagsliðabraut með tveggja til þriggja ára nám sem undirbýr nemendur fyrir þjónustustörf á þessum sviðum," segir Bryndís. „Auk þess bjóðum við upp á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur sem hefur gengið mjög vel og aukið víðsýni og skilning annarra nemenda í skólanum. Þar er verið að undirbúa fólk fyrir líf og starf, eins og á öðrum brautum." Bryndís bætir við að afreksíþróttabraut gefi efnilegu íþróttafólki tækifæri til fulls náms samhliða íþróttaiðkun sinni.

Ekki má gleyma dreifnáminu fyrir ófaglærða starfsmenn í uppeldis-, félags- og tómstundastörfum sem er mikilvægur þáttur að sögn Bryndísar. Þar er meðal annars boðið upp á bókasafnstækni og margmiðlun og kvöldskólanám er á sviði málmiðngreina. „Almennar námsbrautir hafa verið rósir í hnappagati skólans þar sem margir nemendur hafa náð að fóta sig í skólakerfinu," segir hún og lýkur einnig lofsorði á starfslið sitt.

„Hér er samstilltur hópur kennara og annarra starfsmanna sem bera hag nemenda fyrir brjósti og andinn hér er mjög góður," segir hún og getur þess í lokin að Borgarholtsskóli sé annar tveggja framhaldsskóla í landinu sem státa af grænfánanum og tekur þátt í verkefni sjálfbærrar þróunar. Má þar nefna kennslu um notkun nýorkugjafa fyrir bifreiðar, það er að segja metan, rafmagn og vetni.

# Bílarnir alltaf heillað

„Mig hefur langað að læra um bíla og viðgerðir frá því ég var lítil," segir Helga Skarphéðinsdóttir sem er meðal nemenda í bílgreinadeild Borgarholtsskóla. Hún er frá Þorlákshöfn en kveðst hafa flutt til borgarinnar til að geta stundað þetta nám. Bilanaleit er eitt af fögunum sem hún lærir og þegar viðtalið er tekið er hún að leita að bilun í Hyundai Accent.

„Þetta er mjög skemmtilegt enda höfum við allt til alls hér á verkstæðinu," segir hún og kveðst ekki einungis leita bilananna með tölvu heldur líka með því að skoða og hlusta.

Eftir grunndeild tekur bifreiðavirkjananámið fjórar annir að sögn Helgu og þar eru ýmis bókleg fög á dagskrá, meðal annars íslenska, tungumál og stærðfræði. Helga lýkur námi í vor og þar sem hún hefur þegar lokið samningsbundinni vinnuskyldu hjá Heklu ætlar hún að skella sér beint í sveinsprófið hjá Iðngreinasambandinu. „Ég hef hugsað mér að vinna við þetta í framtíðinni," segir hún og snýr sér að bilanaleitinni.



**„Þetta er mjög skemmtilegt enda höfum við allt til alls hér á verkstæðinu," segir Helga Skarphéðinsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott að einbeita sér alla önnina

Helga Diljá Jóhannsdóttir er á lokaspretti í Borgarholtsskóla. Hún er nemandi á náttúrufræðibraut og útskrifast sem stúdent. Helga Diljá er ánægð með skólann og segir símatskerfið þar henta sér vel. „Símat þýðir að nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir önnina og geta þá sloppið við ýmis próf. Það finnst mér góður kostur," segir hún. „Hér eru góðir kennarar og símatið gerir það að verkum að nemendur einbeita sér að náminu alla önnina í stað þess að setjast bara niður rétt fyrir próf og læra fyrir þau."

Helga Diljá hefur farið svolítið sérstaka leið gegnum námið. Byrjaði í Borgarholtsskóla en flutti svo til Noregs og var í fjarnámi við Ármúlaskóla á meðan. Þessa síðustu önn er hún svo aftur í Borgó. „Ég er að drífa mig í að klára," segir hún. „Svo ætla ég í dýralæknanám í Noregi í haust."



**„Ég er að drífa mig í að klára," segir Helga Diljá sem ætlar að útskrifast sem stúdent og fara í dýralækningar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## Velkomin(n) í Borgarholtsskóla!

Gott nám í góðum félagsskap



Eftirfarandi námsbrautir standa umsækjendum til boða:

Bíliðngreinar
- Grunndeild
- Bifreiðasmíði
- Bifvélavirkjun
- Bílamálun

Bóknám til stúdentsprófs
- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Afreksíþróttasvið

Félagsliðabraut

Félags- og tómstundanám**

Framhaldsskólabraut

Lista- og fjölmiðlasvið
- Prent- og skjámiðlun
- Fjölmiðlatækni
- Bókasafnstækni**

Málm- og véltæknigreinar*
- Grunndeild
- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Málmsuðubraut

Nám fyrir stuðningsfulltrúa o.fl.
- Skólaliðar
- Stuðningsfulltrúar í grunnskólum
- Leiðbeinendur í leikskólum

Starfsbraut

Verslunarbraut

*Einnig í boði í kvöldskóla **Einungis í boði í dreif- eða síðdegisnámi

Umsóknarfrestur til 12. júní (fædd ´94) eða 31. maí (fædd ´93 eða fyrr)

**Nánari upplýsingar á www.bhs.is**

BHS Borgarholtsskóli
bóknmennt • handmennt • siðmennt

v/Mosaveg, 112 Reykjavík – sími 535 17 00 – fax 535 17 01 – bhs@bhs.is



# Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. ***Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?***
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. ***Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna" í skólanum?***
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 7. júlí 2012 en laugardaginn 24. maí 2014?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 517-5040 • Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is



**Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri Menntaskólans Hraðbrautar, segir vel tekið á móti nemendum. „Þetta er lítill og persónulegur skóli þar sem við leggjum upp úr því að öllum líði vel."** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tveimur árum á undan

**Menntaskólinn Hraðbraut hentar duglegu námsfólki sem vill ljúka framhaldsskólanámi á sem stystum tíma.**

Menntaskólinn Hraðbraut við Faxafen 10 býður upp á nám til stúdentsprófs á aðeins tveimur árum og hefur að markmiði að undirbúa nemendur sem allra best fyrir háskólanám. Ólafur Haukur Johnson skólastjóri segir námsframboð við skólann taka sérstakt mið af þessu markmiði.

„Námið er hliðstætt við það sem aðrir skólar bjóða á fjórum árum og skiptist í 15 sex vikna lotur, en nemendur ljúka þremur þriggja eininga áföngum í hverri lotu. Hver sex vikna lota skiptist þá í kennslu í fjórar vikur, próf í eina og einnar viku frí," útskýrir Ólafur og bætir við að standist nemandi ekki eitthvert prófanna bjóðist honum að taka prófið aftur í frívikunni.

Allir nemendur fara á almenna bóknámsbraut á fyrra ári en á því síðara þurfa þeir að velja á milli tveggja bóknámsbrauta, það er málabrautar eða náttúrufræðibrautar. Á báðum námsbrautum er lögð sérstök áhersla á íslensku, ensku og stærðfræði og vega raungreinar þungt. Kennt er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum en nemendur mæta svo í skólann á þriðjudögum og fimmtudögum og vinna þá sjálfstætt að náminu.

Ólafur viðurkennir að miklar kröfur séu gerðar til nemenda. „Þetta er mikil keyrsla. Menntaskólinn Hraðbraut hentar því fyrst og fremst duglegu fólki sem vill ljúka framhaldsskóla á sem stystum tíma, hvort sem nemendur koma beint úr grunnskólum eða úr öðrum framhaldsskólum. Námið er hins vegar vel skipulagt og það gerir nemendum auðveldara fyrir."

Grunnskólanemar þurfa að jafa fengið 7,5 í einkunn í stærðfræði, íslensku og ensku til að komast inn í skólann. Umsóknir þeirra sem eldri eru eða koma úr öðrum framhaldsskólum eru metnar hver fyrir sig og nemendur kallaðir í viðtal. „Okkur berst mikill fjöldi umsókna og í síðara tilvikinu þurfum við að neita tveimur af hverjum þremur," bendir Ólafur á.

Hann segir góða reynslu komna á skólann sem hefur nú starfað í fimm ár. „Næstkomandi föstudag verðum við með boð fyrir fimm ára stúdenta. Þeir hafa verið að fást við allt milli himins og jarðar, svo sem verkfræði, læknisfræði og flug og hefur gengið mjög vel eftir útskrift."

# Á persónulegum nótum

Þótt nemendur Menntaskólans Hraðbrautar hafi nóg fyrir stafni eru þau Nadía Atladóttir og Eggert Óskar Ólafsson sammála um að félagslíf skólans sé með besta móti.

„Félagslífið hérna er mjög gott, persónulegt og kannski svolítið ólíkt og tíðkast í hinum stóru skólunum. Hérna þekkjast auðvitað allir svo vel," segir Nadía, sem hefur gegnt stöðu formanns nemendaráðs við skólann í ár og útskrifast af náttúrufræðibraut í vor.

Undir þau orð tekur Eggert sem hefur tekið virkan þátt í félagslífinu síðan hann hóf nám við skólann í haust. „Ég hef mætt mikið á skipulagða viðburði á vegum skólans og keppti meira að segja fyrir hans hönd í Söngkeppni framhaldsskólanna," segir hann og kveðst vera ánægður með þann góða anda sem ríkir í skólanum. „Hér er mikið af alveg frábærum krökkum og við styðjum við hvert annað."



**Nadía Atladóttir og Eggert Óskar Ólafsson eru hæstánægð með félagslífið í Menntaskólanum Hraðbraut.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þau Nadía og Eggert segjast jafnframt vera ánægð með fyrirkomulagið á náminu, því enda þótt námið sé mjög krefjandi sé það í alla staði vel skipulagt. „Ég hef höndlað þetta vel hingað til og ætla að gera það áfram," segir Eggert, sem ætlar á náttúrufræðibraut á næsta ári.

Nadía er ekki í nokkrum vafa um að vinnubrögðin sem hún hefur tileinkað sér í skólanum muni nýtast henni í frekara námi í framtíðinni. „Þetta á eftir að koma sér vel í læknisfræðinni, en ég hef frá sex ára aldri verið ákveðin í að leggja fyrir mig lýtalækningar," segir hún hress í bragði og bætir við að þó ætli hún að taka sér smá frí eins og hún orðar það, með því að skella sér fyrst í tungumálaskóla í haust.

# Hamingja og skemmtikvöld

**Steinn Örvar Bjarnason er nemi í rafeindavirkjun við Tækniskólann og einkar ánægður með skólaval sitt.**

„Ég sóttist eftir að fara í annars konar nám en bóklega pakkann sem bauðst í hverfisskólunum í kringum mig og hugnaðist ekki að fara í bekkjarkerfi, því mig langaði að hlaupa aðeins meira um í frjálsara flæði,“ segir Steinn Örvar kátur fyrir utan virðulegan skólann sinn á Skólavörðuholtinu.

„Ég byrjaði námið þegar Tækniskólinn var enn Iðnskólinn í Reykjavík en nú er hann rekinn með nýrri hugmyndafræði og þannig reknir þrettán undirskólar sem hver fyrir sig hefur sérstakan skólastjóra og faglegt sjálfstæði. Reynslan hefur verið frábær, ég nýt æðislegrar vinnuaðstöðu þegar ég vil sinna verkefnum aukalega því Raftækniskólinn býður ýmis tækifæri fyrir þá sem vilja vinna að sínu og beinlínis hvetur til þess með hráefni og aðstöðu,“ segir Steinn Örvar sem í skólanum fagnar tækifærum til að sinna áhugamálum sínum, ljósmyndun og videóupptöku, samhliða námi.

„Mér finnst mikill kostur að geta farið í gegnum námið á hraða sem hentar mér, en líka gefið í ef mig langar að auka við mig með því að taka kvöldskólann líka, eða aukið hraðann í náminu með fleiri áföngum. Tímarnir eru mjög þægilegir, kennararnir framúrskarandi og skólaviðveran mjög góð upplifun. Ég ákvað að taka því rólega og njóta námsáranna meðan ég hef tækifæri til að dunda við áhugamálin og haga námsálagi eins og ég sjálfur kýs,“ segir Steinn Örvar sem stofnaði videónefnd við skólann á haustdögum, en hún hefur tekið upp söngvakeppni skólans og aðra minni háttar atburði.

„Það skemmir svo ekki fyrir að skólinn er staddur í 101 og stutt að rölta með myndavélina á áhugaverða staði eða einfaldlega njóta mannlífsins í miðbænum. Þá er leiðin greið fyrir nemendur úr öllum hverfum í Tækniskólann, því Hlemmur er handan hornsins og stutt að labba í skólann.“

Steinn Örvar segir félagslíf Tækniskólans fjörugt og mikið um skemmtikvöld innan skólans, en oft reki hver deild innan Tækniskólans sitt eigið félagslíf og ávallt sé góður andi og gaman.

„Við skólann eru mýmargir hobbíistar sem vilja gera aðra hluti en bara liggja í bókum allan daginn og fjölbreytt úrval tölvunörda ásamt ótal skemmtilegum fígúrum, enda ólíkar greinar samankomnar undir einu þaki hér í Skólavörðuholtinu og svo í gamla Sjómannaskólanum. Alls staðar myndast góð vinátta manna á milli, gleði yfir námsefninu og nóg af hamingju í andrúmslofti skólans.“

Sjá nánar á www.tskoli.is.



**Steinn Örvar Bjarnason er nemandi í rafeindavirkjun við Tækniskólann og nýtur námsáranna í bland við áhugamálin á góðum stað.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Draumar um loftin blá

„Flugmannsstarfið hefur enn yfir sér ljóma og er draumur margra,“ segir Reynir Einarsson, yfirkennari Flugskóla Íslands sem er þrettándi skóli Tækniskólans og sá stærsti á sínu sviði hérlendis.

„Flugskólinn Íslands starfar í hefðbundnu bekkjarkerfi þar sem allt sem viðkemur flugi er kennt frá a til ö. Héðan útskrifast nemendur sem atvinnuflugmenn, þyrluflugmenn eða flugumferðarstjórar og þá sér skólinn um þjálfun flugmanna og flugfreyja fyrir flugfélögin.“

Flugnám hleypur á tólf til fimmtán milljónum króna, en þá hefur atvinnuflugmaður öll réttindi sem þarf til að geta sótt um starf hjá flugfélögum.

„Eftirsókn er mikil í námið, en lánamöguleikar hafa versnað eftir bankahrunið. Stuðningur íslenska ríkisins við flugnám er heldur ekki stór í samanburði við nágrannalöndin þar sem ríkið styður við bak flugnema með góðum lánum. Við viljum hins vegar stunda flugkennslu á fullu þegar lægð er hjá flugfélögum því flugmenn þurfa að vera tilbúnir þegar uppsveifla kemur á ný,“ segir Reynir og upplýsir að vegna gengismunar sækist evrópskir flugskólar nú mjög eftir að senda nemendur sína í verknám hingað enda skólinn mikils metinn á heimsvísu.

Nám við Flugskóla Íslands tekur þrjú ár og þurfa nemendur að hafa lokið ákveðnum einingafjölda í stærðfræði, eðlisfræði og ensku. „Þá þurfa þeir að hafa hreint sakarvottorð. Námið er strangt, mikið um próf og skoðanir og margar síur sem þarf að fara í gegnum. Því þarf töluvert aðhald, þekkingarlega séð og heilbrigðiskröfur, en flugnemar, eins og flugmenn, þurfa að standast læknisskoðun tvisvar á ári, bæði hvað varðar líkamlegt og andlegt atgervi.“ Sjá www.flugskoli.is.




**Reynir Einarsson er yfirkennari Flugskóla Íslands, þar sem læra má allt sem viðkemur flugi í háloftunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Ný tækifæri

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins býður upp á fjölbreytt og skapandi nám. Í skólanum er hefðbundið framhaldsskólanám, iðnnám, stúdentsnám, flugnám, marmiðlunarnám, hljóðtækninám, diplómanám auk spennandi námskeiða fyrir almenning.

**Fagskólar Tækniskólans eru:**

- Byggingatækniskólinn
- Endurmenntunarskólinn
- Fjölmenningarskólinn
- Flugskóli Íslands
- Hársnyrtiskólinn
- Hönnunar- og handverksskólinn
- Raftækniskólinn
- Tækniakademían
- Skipstjórnarskólinn
- Upplýsingatækniskólinn
- Véltækniskólinn

Kynntu þér málið á **www.tskoli.is**

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Flest Dale Carnegie námskeið sem sérstaklega eru ætluð ungmennum eru haldin á Íslandi.

## John Hay-bikarinn öðru sinni

Dale Carnegie-námskeiðin eru haldin í 80 löndum um allan heim. Unglinganámskeiðin hérlendis hafa verið afar vel sótt og annað árið í röð fékk Dale Carnegie á Íslandi viðurkenningu fyrir þjálfun ungs fólks, svokallaðan John Hay-bikar.

Viðurkenningin er tilkomin af því að á Íslandi er mesta framboð námskeiða fyrir ungt fólk af þeim löndum þar sem Dale Carnegie-ungmennanámskeið eru kennd.

Einnig er mikil ánægja með námskeiðin en samkvæmt mati þátttakenda í lok námskeiða segja að meðaltali 97 prósent þeirra að námskeiðið hafi staðist væntingar og 65 prósent segja námskeiðið hafa farið fram úr væntingum.

# Best í að þjálfa ungt fólk

Árið 2004 var boðið upp á fyrsta Dale Carnegie-námskeiðið fyrir ungt fólk og síðan þá hafa 2200 ungmenni útskrifast. Af öllum þeim sem eru útskrifaðir segja 99 prósent að námskeiðið hafi staðist væntingar þeirra og 65 prósent að námskeiðið hafi farið fram úr væntingum.

Undanfarin tvö ár hefur Dale Carnegie á Íslandi hlotið viðurkenningu fyrir að vera best í heimi að þjálfa ungt fólk af þeim 80 löndum sem bjóða upp á Dale Carnegie-námskeið fyrir unglinga.

„Ástæðan fyrir velgengni námskeiðanna á Íslandi er árangurinn sem þátttakendur ná,“ segir Anna G. Steinsen, en hún og Jón Halldórsson hafa yfirumsjón með námskeiðum fyrir unglinga. „Gerð var rannsókn á líðan ungmenna fyrir og eftir námskeið og niðurstöður voru þær að þátttakendur bættu sjálfstraustið, voru jákvæðari, höfðu meiri trú á sjálfum sér og voru með sterkari sjálfsmynd. Niðurstöður voru mjög svipaðar þremur mánuðum síðar. Því má álykta að námskeiðið hafi haft jákvæð áhrif á líðan þátttakenda, aukið sjálfstraust og trú á eigin getu bæði strax eftir námskeiðin og að þremur mánuðum liðnum.“

Á námskeiðunum er unnið með fimm markmið; að efla sjálfstraust á öllum sviðum, auka færni í mannlegum samskiptum, efla tjáningu, styrkja jákvætt viðhorf og þróa leiðtogahæfni.

„Margir geta haft sjálfstraust á einhverju tilteknu sviði en vantað það á öðru. Sumir eiga erfitt með að tala fyrir framan aðra og segja skoðun sína. Aðrir eru fastir í neikvæðni gagnvart sjálfum sér og öðrum. Sama hver áskorunin er þá hjálpum við ungu fólki til að stíga út fyrir þægindahringinn og takast á við þær áskoranir sem upp koma í þeirra lífi. Þetta gerum við með virkri þátttöku, hrósi og hvatningu.“

Námskeiðin eru hins vegar engin skyndilausn og þátttakendur geta ekki einungis mætt og ætlast til þess að þjálfararnir breyti lífi þeirra. „Líkt og í líkamsrækt nærð þú árangri ef þú mætir á æfingar, leggur þig fram og passar mataræðið, það sama gildir um námskeiðið. Mikilvægast af öllu er jákvætt viðhorf og vilji því það er lykillinn að góðum árangri.“




„Sama hver áskorunin er þá hjálpum við ungu fólki til að stíga út fyrir þægindahringinn og takast á við þær áskoranir sem upp koma í þeirra lífi,“ segir Anna G. Steinsen, en hún hefur yfirumsjón með Dale Carnegie námskeiðum fyrir unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Það sem þátttakendur höfðu að segja um námskeiðið:

„Þetta námskeið breytti lífi mínu. Einkunnirnar eru loksins farnar að hækka. Sjálfstraustið er magnað og engin feimni.“ *– Eyjólfur Steinar*

„Námskeiðið breytti algjörlega viðhorfi mínu til lífsins. Ég er orðin miklu sjálfstæðari, jákvæðari og nú er virkilega gaman að lifa!“ *– Hjördís Sif*

// NAESTAKYNSLOD.IS




## // DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDUR
Fimmtudaginn 29. apríl
Kl.19 fyrir 13 -15 ára
Kl. 20 fyrir 16-20 ára og 21-25 ára
Ármúli 11, 3. hæð.

// 5 VIKNA NÁMSKEIÐ FYRIR 13-15 ÁRA
Hefst 31. maí - mánud. og miðvikud. kl. 17-21

// 5 VIKNA NÁMSKEIÐ FYRIR 16-20 ÁRA
Hefst 26. maí - þriðjud. og fimmtud. kl. 18-22

// 5 VIKNA NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA
Hefst 25. maí - þriðjud. og fimmtud. kl.18-22

VILT ÞÚ...

...verða einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...Vera sáttari við sjálfan þig?

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

DALE CARNEGIE ÞJÁLFUN

// SÍMI 555-7080



Þjálfunin byggist upp á virkri þátttöku nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Margir aðilar hafa nýtt sér þjónustuna

Dale Carnegie er í samstarfi við ýmis sveitarfélög, þjónustumiðstöðvar, námsráðgjafa og sálfræðinga. Einnig er Dale Carnegie í samstarfi við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Blindrafélagið og Einstök börn.

Öll þjálfun hjá Dale Carnegie byggist upp á virkri þátttöku í stað fyrirlestra. Þátttakendur leysa krefjandi og skemmtileg verkefni sem nýtast þeim í samfélaginu. Árangur næst með því að mæta á æfingar, fá leiðbeiningar frá þjálfara, æfa og æfa þangað til þátttakendur öðlast hæfni.

„Til að fólk fái meira sjálfstraust, betri sjálfsmynd og hafi meiri trú á eigin getu þá er ekki nóg að lesa um það eða hugsa um það. Það er einungis fyrsta skrefið. Fólk verður svo að gera eitthvað í því,“ segir Anna G. Steinsen hjá Dale Carnegie.



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Lánasjóður íslenskra námsmanna er til húsa að Borgartúni 21 í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Réttur til að fá námsstyrki

Nemendur á framhaldsskólastigi á Íslandi sem ekki njóta lána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eiga rétt á námsstyrkjum til jöfnunar á námskostnaði, að því tilskildu að þeir uppfylli ákveðin skilyrði. Eitt skilyrði er að nemendur sæki skóla fjarri lögheimili sínu og fjölskyldu sinni. Þeir sem dvelja fjarri heimili sínu eða fjölskyldu eiga rétt á dvalarstyrk og þeir sem sækja nám fjarri lögheimili eða fjölskyldu eiga rétt á styrk vegna skólaaksturs.

Umsókn um námsstyrki sendist til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en á vefsíðu hans eru umsóknareyðublöð, samanber http://www.lin.is/jofnunarstyrkur/um_jofnunarstyrk.html. Þess má geta að umsóknarfrestur um styrki er til 15. október. Frestur hjá þeim sem eingöngu sækja um vorönn/sumarönn er til 15. febrúar. Allar nánari upplýsingar á www.lin.is.





● **ÞROSKANDI** Félagslífið í framhaldsskólum á sinn stóra þátt í að gera veruna þar eftirminnilega hjá mörgum nemendum. Það hefur margþætt gildi því auk þess að auka almennt fjör í skólunum eflir það sjálfstraust og sköpunarhæfileika nemenda. Allir skólar hafa leiklist á dagskrá og keppni milli skólanna, svo sem Gettu betur, Morfís og Söngkeppni framhaldsskólanna eru líka viðburðir sem margir taka þátt í og flestir fylgjast með af áhuga. Nú í vetur vann Borgarholtsskóli þá síðastnefndu.

AUGLÝSING

**Ertu á breytingaskeiði?** Chello er svarið fyrir konur sem þjást af svita- og hitakófi

Fæst í apótekum og heilsubúðum




# Ný orkulind fyrir þreytta Íslendinga

**Þegar þú hefur prófað Énaxin á eigin skinni, munt þú sannfærast: Þú færð aukna orku og kemst yfir meira í daglegu lífi. Énaxin er náttúruleg og auðveld leið til að bregðast við þreytu og orkuleysi.**

**Hvert er leyndarmálið?**
Leyndarmálið á bak við hinn náttúrulega orkukúr Dana er innihald jurta, sem hafa ólík áhrif á orkuframleiðslu líkamans. Ráðist er gegn þreytu og orkuleysi frá nokkrum hliðum. Énaxin má nota bæði þegar þú hefur þörf fyrir auka orku hér og nú og þegar þú hefur þörf fyrir að hlaða „battaríin“ til lengri tíma litið. 15 ml af Énaxin veita þér aukna orku frá fyrsta degi. Haldir þú áfram að taka Énaxin upplifir þú aukið þol og úthald.

**Ánægðir neytendur**
Hin jákvæðu áhrif Énaxin hafa verið staðfest af neytendarannsókn sem sýnir, að Énaxin eykur orku fólks svo um munar. 86% upplifðu hvernig þreytan hvarf og hversdagsleikinn varð gæddur nýrri orku og þrótti til að takast á við lífið. Alls 83% fannst Énaxin virka fljótt. Auk þess fékk Énaxin sérstakan plús í kladdann frá þeim sem svöruðu könnuninni. Flestum þeirra, eða 91%, fannst fljótandi Énaxin nefnilega gott á bragðið.

**Heilsuvara ársins í Danmörku**
Það eru ekki bara neytendur Énaxin, sem eru yfir sig hrifnir af áhrifum vörunnar. Endursöluaðilar Énaxin geta einnig staðfest jákvæð áhrif notkunar þess. Þetta var ein ástæða fyrir því að Énaxin var valin heilsuvara ársins í Danmörku.

**Hröð virkni**
Énaxin hentar bæði ungum og gömlum, sem þurfa fljótt á aukinni orku að halda. Og hana fær fólk svo sannarlega, því Énaxin virkar strax frá fyrsta degi.

**Nýr og flottur startpakki**
Énaxin kemur í mörgum mismunandi útgáfum. Byrjaðu á 16 daga kúr með fljótandi Énaxin eða prófaðu nýja startpakkann sem inniheldur bæði fljótandi Énaxin og töflur sem þú tekur í 5 vikur, og finndu sjálf(ur) hin góðu áhrif. Eftir það geturðu haldið áfram með töflurnar til að halda þreytunni í burtu. Énaxin töflurnar innihalda einnig öll helstu vítamín og steinefni.




**HVAÐ GETUR ÉNAXIN GERT FYRIR ÞIG?**
Margir eiga erfitt með sinna öllum þeim krefjandi verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi, þegar starfið, makinn og börnin krefjast athygli. Hvort sem þú finnur fyrir þreytu dagsdaglega, eða stendur frammi fyrir sérstökum áskorunum, t.d. miklu vinnuálagi, hreyfingu og líkamlegu álagi, ert nýbúin(n) að eignast barn eða ert í prófum, getur þú fengið aukna orku með Énaxin.

**Énaxin er fullt af umfram orku**
Énaxin mixtúran inniheldur fjölbreyttar jurtir. Mikilvægustu virku jurtirnar eru Schisandra og Rosenrod (rhodiola). Jurtirnar hjálpa líkamanum að framleiða orku fyrir allar daglegar athafnir. Énaxintöflurnar innihalda tvær mikilvægustu jurtir mixtúrunnar ásamt helstu vítamínum og steinefnum.

**Hröð virkni**
Prófaðu fljótandi Énaxin og finndu strax frá fyrsta degi, hvernig þér finnst þú vera „á toppnum“. Eftir 16 daga kúr hefur orkustig þitt aukist. Prófaðu nýja 5 vikna startpakkann og haltu svo áfram að taka Énaxin töflur, sem viðhalda áhrifunum.

**Byrjaðu í dag – finndu virknina á morgun**
**Það er engin afsökun fyrir því lengur að vera þreytt(ur). Byrjaðu að nota Énaxin í dag og þú munt öðlast virkara líf með nýrri orku og auknum þrótti frá og með morgundeginum.**

# Ert þú þreytt(ur) í tíma og ótíma?



Flestir þekkja væntanlega hvernig það er að vera stöðugt þreyttur á röngum tíma.

**Gastu lokið því sem þú ætlaðir þér?**
Flest okkar eiga það sameiginlegt að það er svo margt sem okkur langar að gera og hafa orku til. Ef til vill langar okkur að leika við börnin, fara út að hlaupa eða einfaldlega halda okkur vakandi á kvöldin, án þess að sofna á sófanum og eyða tímanum. Oft er fólk komið í vítahring sem nauðsynlegt er að rjúfa, svo við getum aftur upplifað daglegt líf fullt af orku til að njóta þess góða sem lífið hefur upp á að bjóða.

**Komdu þér á réttan kjöl**
Fyrir þá sem þurfa að koma sér á réttan kjöl og halda þreytunni frá, er Énaxin rétta valið. Varan er fljótvirkandi og þú munt finna breytingu strax frá fyrsta degi. Þegar þú hefur prófað Énaxin muntu sannfærast og þess vegna velja flestir að halda notkun þess áfram. Hver vill ekki vera frískur og orkumikill í stað þess að vera þreyttur og útkeyrður?

**Nýtti í Énaxin fjölskyldunni:**
Nú er hægt að fá startpakka! Um er að ræða 90 ml. glas með mixtúru sem tekin er fyrst og svo 30 töflur teknar inn á eftir. 5 vikna skammtur sem sannfærir þig um kraft og áhrif Énaxin



„Ég nota Énaxin á hverjum degi, því þá hef ég orku fyrir öll daglegu verkefnin sem ég þarf að sinna, fjölskylduna og vikulega hreyfingu – og svo er það líka svo bragðgott.“

Gitte Lykke Caspers, 45 ára
Þjónusturáðgjafi



„Eftir vinnu vildi ég helst bara henda mér á sófann. Ég ákvað þá að prófa Énaxin. Það var frábært, mér fannst ég miklu frískari strax frá fyrsta degi!“

Betina Grewal, 33 ára
aðstoðarmarkaðsstjóri



„Ég fann mun strax frá fyrsta degi þegar ég byrjaði að taka Énaxin og nú hef ég tekið mína orkubombu á hverjum degi í meira en 2 ár.“

Klaus Nielsen, 47 ára
framkvæmdastjóri



Námsframboð er gott á Íslandi og mikilvægt að skoða hvað er í boði áður en gengið er frá umsókn.

## Foreldrar aðstoði við valið

Mikið framboð er af alls kyns framhaldsnámi á Íslandi og ungmenni oft ringluð hvernig nám og hvaða skóli henti þeim best. Þá eru nemendur líka oft ólíkir hvað varðar þroska, áhugamál og námsgetu og hafa ólíkar þarfir.

Þar geta foreldrar komið sterkir inn sem aðstoðarmanneskjur í vali á námi og hjálpað börnunum að kynna sér námsframboð framhaldsskóla. Þá stendur nemendum grunnskóla það yfirleitt til boða að leita beint til framhaldsskólanna og fá ráðgjöf og upplýsingar hjá þeim.

Ný lög um framhaldsskóla voru sett árið 2008 og með þeim var yfirvöldum skylt að tryggja öllum þeim 16 og 17 ára nemendum skólavist sem þess óska. *-jma*





Hópakstur mótorhjólafólks hefst klukkan 11.30 í Bankastræti.

# Hjólin á götuna

**Hópakstur mótorhjólafólks er haldinn laugardaginn 1. maí.**

Hópaksturinn er hluti af forvarnadegi Snigla og á að minna aðra vegfarendur á að mótorhjólin eru komin út á göturnar. Einnig til þess að vekja athygli á málstað bifhjólamanna en fyrir Alþingi liggur frumvarp til nýrra umferðarlaga.

Safnast verður saman á Laugaveginum frá klukkan 10.30, og hann fylltur af mótorhjólum upp alla götuna. Hersingin leggur af stað klukkan 11.30 niður Bankastræti og þaðan um Vonarstræti milli Alþingis og Ráðhúss Reykjavíkur, þar sem ætlunin er að láta aðeins heyrast í hjólunum. Leiðin liggur svo um Hringbraut, Bústaðaveg, Kringlumýrarbraut og Reykjanesbraut áður en keyrslan endar í Kauptúni gengt IKEA.

## Ferðamálaþing helgað gosinu

ÁKVEÐIÐ VAR AÐ BREYTA ÁÐUR ÁKVEÐINNI DAGSKRÁ ÞINGSINS.

Ferðamálastofa í samvinnu við iðnaðarráðuneytið stendur fyrir ferðamálaþingi á Hilton Reykjavík Nordica þriðjudaginn 4. maí.

Ákveðið var að breyta áður ákveðinni dagskrá þingsins og helga það þeim atburðum sem hæst hafa borið síðustu daga, það er eldgosinu í Eyjafjallajökli og áhrifum þess á ferðaþjónustuna.

Reiknað er með að þingið hefjist um klukkan 13 og standi fram eftir degi.



Eldgos í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fátækrahverfi á Indlandi hafa visst aðdráttarafl.

# Fátækt selur

**Fátækrahverfi draga að ferðamenn frá ýmsum stöðum.**

Fátæktar-ferðamennska, sem hefur á ensku verið kölluð poverty tourism, poorism eða slumming, er nýleg tegund ferðamennsku. Slík ferðamennska einkennist af því að ferðamenn ferðast til lítt þróaðra landa og fylgist með fólki sem lifir í fátækt. Fátæktar-ferðamennska er vinsæl í löndum á borð við Indland og Eþíópíu eða jafnvel staði þar sem riðið hafa yfir náttúruhamfarir á borð við fellibyli og flóðbylgjur. Eftir að fellibylurinn Katrína leið yfir New Orleans varð Louisiana-ríki mjög vinsæll fátæktar-ferðamannastaður.

Þessi tegund ferðamennsku hefur verið gagnrýnd fyrir að fullnægja gægjufíkn fólks auk þess sem verið sé að græða á óförum annarra. Teknar séu myndir og ekkert skilið eftir í staðinn. Gagnrýnin er góð og gild en þó reyna sumir sem gera út á slíkar ferðir að gefa hluta ágóðans til góðgerðamála.










**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

**Rafhitarar fyrir heita potta**



Rafhitun

íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is



Undraheimar Fjallabaks

**MYNDIR ÚR NÝRRI ÁRBÓK**

**Á myndakvöldi Ferðafélags Íslands í kvöld mun Ólafur Örn Haraldsson forseti félagsins sýna ljósmyndir úr væntanlegri árbók FÍ 2010.**

Bókin fjallar um Torfajökulssvæðið og Fjallabak og er óhætt að segja að þetta heillandi svæði verði sýnt í nýju ljósi í þessari árbók sem Ólafur Örn hefur skrifað og er væntanleg í hendur félagsmanna í maímánuði.

Flestar myndanna í bókinni hefur Daníel Bergmann ljósmyndari tekið en á ljósmyndasýningunni á miðvikudaginn mun einnig bregða fyrir fjölmörgum eldri myndum sem sýna uppbyggingarstarf og ferðir á svæðinu umhverfis Landmannalaugar í áratugi.

**Samkoman hefst stundvíslega kl. 20.00 í sal Ferðafélagsins í Mörkinni 6. Aðgangseyrir er kr. 600 og kaffiveitingar í hléi.**

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**



# Allt í húsvagninn...

**...í settum fyrir handlagna**



**Gasmiðstöðvar 1900 - 2800W**



**Vatnshitarar 13L gas / 220V**



**Sólarsellusett í úrvali.**

Rótor ehf býður upp á viðgerðaþjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.

rotor 20 ára 1989 - 2009

VERSLUN / VERKSTÆÐI
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900

**Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið**



Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólagrindur | Ferðasalerni | Fortjöld

**Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is. lang - stærsti húsbílavefurinn**



FRAMTAK BLOSSI ehf
Vesturhrauni 1 - 210 Garðabæ
Sími 535 5850 - www.framtak.is

UNIservice skipavörur og varahlutaþjónusta




UNIservice EFNAVÖRUR



ALLT HELGIN

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



FORD F250 LD SUPERCAB 4X4 Árgerð 1997 Ekinn 189 þ.km. 8cyl, sjálfss. ný dekk, camper festingar. Verð 990þús Uppl. s. 848 4490



Til sölu Skoda Oktavia station árg ,05 bensín vél 2,0 ek.79þús. Álfelgur, beinsk., dráttarkúla, skoðaður ,11 listaverð 1425 ásett 1190 þúsund Upplýsingar í síma 868 2352.



Til sölu w v póló árg 99 1,4 vél beinsk þarfnast viðgerðar á vél spjaldloki verð 220 þús 8927852



Nissan Patrol árg. ,06, ek. 82þ., sjálfsk., leðurkl., topplúga, 33" dekk, dráttarkúla. Listav. 4.8þ., ath. skipti á ódýrari. Uppl. í síma 896 1339.



Nýr Nissan Patrol árg ,09, ek. 500 km, leðurkl., topplúga, cruise control verð aðeins 7.5 Til sýnis hjá B. Benna, Bíldshöfða s. 587 1000 og 896 1339

Til sölu Huyndai Sonata árg. ,99 2000 vél. Ek. 195 þús. Nýleg tímareim. Vínrauður, sjsk. V. 150 þús. stgr. S. 864 8918.

## 0-250 þús.



**!!! Sparigrís !!!**
Nissan Micra 1.3 árg ,97 ekinn 179þús, ný skoðaður 2011, beinskiptur, álfelgur, cd, spoiler, frábær bíll í snattið á góðu verði, Tilboðsverð aðeins 195þús stgr, uppl í s:659-9696



**ÚTSALA**
Baleno 4x4 árg 97' ek. 215þ., allur ný uppfarin nýtt í bremsum, skoðaður 11'. Torfi uppl: 6594158

**Ódýr Sparibaukur**
Nissan Micra árg 96' 3 dyra, skoðaður 11' gott staðgr. verð uppl. 891 9847.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS!!!**
Skoda Oktavia 1,6 árg'99 ek.150 þús,cd,nýleg tímareim,bíll í góðu standi og eyðir litlu! listaverð um 550 þús TILBOÐ 390 ÞÚS! s. 841 8955.



Opel Astra GL ,97árg. station ek. 179 þús. km. 5 gíra. Verð 299 þús. Er í Reykjanesbæ uppl. í síma 864-6150

## 500-999 þús.



Nissan Micra árg. 2003. Ek. 118 þ. km. Nýskoðaður. Verð 675 þús. Uppl. s. 699-8741.

Toyota Corolla station árg 2001, ekin 70.000 km, kr 870.000 s 821 4282 e kl 17

## Bílar óskast

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Hæhæ ég er öryrki og mig vantar einhverja bíldruslu á 50 þús. Verður að líta skítsæmilega út. S. 773 7389.

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

Óska eftir vél í Polo, má vera biluð, eða bíl til niðurrifs. Uppl. í s. 695 9251.

## Jeppar

**Jeppakarlar og aðrir sterkir karlar**
454 (7,4L) Chervolet vél, bein innspýting, altanotor, startari og stýrisdæla fylgja. Uppl s. 664 1141

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

OK
VARAHLUTIR
**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

## Húsbílar



Fiat Elnac P200 ,06 ek. 15þ. diesel. Ásett v. 6,9 millj. Áhv. ca 3 millj. S. 898 0885.

## Mótorhjól

elf
Gleðilegt sumar!
Elf olíur á öll mótorhjól
Velkomin í verslun okkar
að Tunguhálsi 10, Rvk.
Opið:
mán-fim. 8.00-17.30
föstud. 8.00 - 17.00
kemi
...svo allt gangi smurt
www.kemi.is



Ný Polaris 850 Touring 2010, hvít númer, Vökvastýri, 70hp, verð 2.590 þús Sjá www.motorhjol.net, nánari upplýsingar í 824 6600.

## Fjórhjól



Polaris Razor 800 RZR. Árgerð 10 / 2008Hlaðinn aukabúnaði. Komin á 14" radial dekk. Topp græja lítið notuð. Verð 2.7 milljónir. Götuskráður. Ekinn umþb. 1500 km. sjá fleirri myndir á www.motorhjol.net, uppl. í 8246600

## Kerrur



**Íslensk smíði**
Kerrur br.1,25m. L. 1,50-3,0m. 13" dekk. Verð frá 182.000 7% afsl. til 1.maí Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos 894-5111

## Fellihýsi




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

## Pallhýsi



Til sölu Sun Lite camper nýr á götuna 2007. 10 fet. Einn með öllu. Tilvalini í fríið í sumar. Verð 2.390 þús. 1990 þús. stgr. Sjá nánar á www. motorhjol.net. Uppl. í síma 824 6600.

## Tjaldvagnar

Óska eftir að kaupa tjaldvagn m. fortjaldi ca. 500þ. stgr. uppl: 8477376 / 8609551

## Vinnuvélar



Til sölu CASE 695 super árg 06 ekin 2050 vökvahraðtengi fr og af 2 skóflur sími 8992058



Til sölu FEND Xylon árg 2000 ekin 5800 tíma sími 8992058

## Bátar



**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is



Rafmagnsfæravindur frá Oilwind teg. 03-16. SENSON ehf. Sími 511-1616. senson@senson.is



Valiant Vanguard 570 pre rig. Mercury 115 ELPT - OPTIMAX. Segl yfir bátinn. Bátakerra. Báturinn er eins og nýr, lítið notaður, 2008 motel. Verð 4,2 mill. Engin skipti. Sími 863 2432.

Koparskrúfur beint frá framleiðanda oskar@somiboats.is eða 004670405 1340

6 tonna trilla til sölu. Öll skipti athugandi. Upplýsingar í s: 8493230

## Til sölu






TRÖLLAKANTUR PIZA 2 HLEÐSLUSTEINN

FJÁRFESTING SEM
STEINLIGGUR

Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.

- Graníthellur
- Falleg áferð
- Lengri ending
- Betri fjárfesting
- Góð vörn gegn nagladekkjum

CE
Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

StSt_100426-003

HRINGHELLU 2 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400 WWW.STEYPUSTODIN.IS

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Felguhreinsir sem virkar. Gott úrval af bíla og trukkasápum frá NERTA. www.topplausnir.is s:898-7126

## Varahlutir




Ljósboginn ehf

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bildshöfða 14 sími 553-1244.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso 96-04.Hyundai H 1 99.Nissan Double Cap 97.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94 & 96 5.2.vél.Ford 250 04.Korando 98.Kia Sportage 97.91.Hyundai Accent 96..Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hf..S.864 0984.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sækjum og sendum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

# ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

Dagmæður í miðsvæðis Rvk eru að taka við börnum frá 3 maí. Uppl. í s. 895 9837.

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja










Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.










Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Jarðtækni-smágröfur-hellulagnir-snjóbræðsla-drenlagnir-jarðvegsskipti. Útvegum öll efni, gerum föst tilboð. Vanir menn. Símar 660 0580 eða 660 0571.

Jarðtækni-smágröfur-hellulagnir-snjóbræðsla-drenlagnir-jarðvegsskipti. Útvegum öll efni, gerum föst tilboð. Vanir menn. Símar 660 0580 eða 660 0571.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Bókhald




**FRAMTAL 2010**
**Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.**
**Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.**

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Skattaframtal 2010**
Bókhald,framtöl,stofnunfél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

## Málarar

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**Ryð og lekavarnir á þökum!**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Varist kostnaðarsamar framkvæmdir. Byggingarfélagið Reisir. S. 773 4441.







**Steingæði ehf viðhaldsþjónusta**
**Allar almennar húsaviðgerðir og garðvinna. Múrarar, píparar, smiðir, rafvirkjar, málarar og garðyrkjumenn. Gerum tilboð að kostnaðarlausu.**
**Steingæði**
**Uppl. í síma 899 2924**
**VISA - EURO - MASTER**




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.










**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Eldri iðnaðarmaður**
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggi og pússa, einnig flísalögn. Tilboð eða tímavinna S. 866 3175. Geymið auglýsinguna.

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

## Stífluþjónusta




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Heilsunudd & óhefðbundnar lækningar Nuddstofan umhyggja - nuddstofan.is uppl: 5516146

Whole body massage. S. 849 5247.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Gott nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

## Spádómar

**Spásími Láru S. 908 5050**
**Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.**







Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga.

## Rafvirkjun

**LOFTNET**
**UHF loftnet ódýrast fyrir allar íslenskar stafrænar rásir. Góð lausn eftir aftengingu „Breiðbands“. Rafeindameistarinn ehf**
**898 4484**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**STUBBASTANDAR**
Íslensk framleiðsla. Standur ehf. S: 842 2535



Til sölu nýr harðfiskvals. Uppl í s. 8976684



# 750GB

**HDMI EDITION • 1080i**

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**29.900**

1TB KR. 34.900




# MP550

**FJÖLNOTAGRÆJA**

- Prentar, skannar og ljósritar
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ChromaLife100+ ljósmyndatækni
- Prentar 9.2 bls á mín í sh og 6 í lit
- 100% jaðarprentun á allt að A4
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 1.8” litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

**19.900**

ÞRÁÐLAUS MP560 AÐEINS 29.900




# LIFE CAM

**SHOW HD VEFMYNDAVÉL**

- 2.0MP 1600x1200 HD myndflaga
- Gleiðlinsa nær allri fjölskyldunni í mynd
- Breyttu útliti þínu með VideoFX
- Sjálfvirkur 5x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Sérstaklega hönnuð fyrir MSN

**7.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL




# 1TB

**LACIE FLAKKARI**

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- Reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**19.900**

1.5TB AÐEINS KR. 26.900




# 24”LCD

**HANNS-G FULL HD LCD SKJÁR**

Ótrúlegt tilboð á hágæða 1080P FULL HD LCD skjá frá HANNS-G með glæsilega hönnun, háglans áferð og X-Contrast tækni fyrir háa skerpu og meiri litadýpt.

- 24” LCD FULL HD 1080P 16:9 LCD
- 15000:1 Dynamic X-Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI 1.3 HDCP, DVI og VGA tengi
- X-Contrast tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**39.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




# 320GB

**ÖRSMÁR FLAKKARI**

- 320GB Packard Bell flakkari
- Meiri hraði með USB High Speed
- Örsmár í lófa og aðeins 153gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

**14.900**

FISLÉTTUR FLAKKARI




# HD5450

**1GB SKJÁKORT**

- 1GB GDDR3 1.6GHz háhraða minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 80 StreamProcessors fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.1 staðall
- Gullhúðað HDMI, DVI-I, VGA tengi
- 100% hljóðlaus kæling

**14.900**

BETRA VERÐ Á DX11 SKJÁKORTUM




# HD5570

**1GB SKJÁKORT**

- 1GB GDDR3 1.6GHz háhraða minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 400 StreamProcessors fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.1 staðall
- Gullhúðað HDMI, DVI-I, VGA tengi
- Mjög hljóðlát 80mm álkæling

**19.900**

ÖFLUGT OG NÝTT DX11 SKJÁKORT

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




# HD5670

**1GB SKJÁKORT**

- 1GB GDDR5 4.0GHz háhraða minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 400 StreamProcessors fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- Gullhúðað HDMI, DVI-I, VGA tengi
- Mjög hljóðlát 80mm álkæling

**24.900**

VINSÆLASTA DX11 SKJÁKORTIÐ




# HD5770

**1GB SKJÁKORT**

- 1GB GDDR5 4.8GHz háhraða minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 800 StreamProcessors fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- HDMI, DVI, DisplayPort, TrueHD 7.1
- Mjög hljóðlát 80mm koparkæling

**34.900**

EITT ÖFLUGASTA DX11 SKJÁKORTIÐ

4BLS BÆKLINGUR



SB256

# LJ71

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3” HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3” HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er • Komur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

**149.900**

17.3” MEÐ LEIKJASKJÁKORTI



JN522

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

# TJ75

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD5470 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**169.900**

EIN ÖFLUGASTA LEIKJATÖLVAN



303G32

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

# 5541

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.900**

ACER ASPIRE Á BETRA VERÐI

VERÐVÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum



MEST SELDA FARTÖLVAN

packard bell

AU506

# TJ65

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug og glæsileg fartölva frá Packard Bell með 15.6” HD LED skjá, 4GB minni, 500GB harðdisk og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4400 2.2GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

FÆST Í HVÍTU OG SVÖRTU



AÐEINS 1.2KG

# EEE 1005HA

- Intel Atom N270 1.6GHz örgörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM harðdiskur
- 10” WSVGA skjár, 1024x600 upplausn
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Kortalesari, 3xUSB2, VGA ofl.
- Windows XP Home SP3

**49.900**

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM



LANDSINS MESTA ÚRVAL

# HP 610-C570

- Intel Celeron M560 2.1GHz
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD LightScribe DL skrifari
- 15.6” HD BrightView 1366x768
- 384MB Intel X3100 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 2.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**79.900**

NÝJASTA TÆKNIN Á BESTA VERÐINU



HD 1366X768 — SPILAR ALLAR HELSTU HD MYNDIRNAR • 720P HD AFSPILUN

6 TÍMAR — MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI • RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA

# ASPIRE 3410

- Intel Cel M ULV 743 1.3GHz 1MB
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 13.3” HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.900**

ÖRÞUNN OG FISLÉTT AÐEINS 1.6KG

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Erlendur gjaldeyrir, USA dollarar og Evrur, uppl. í síma 659-4221

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Auglýsi eftir notaðri verksmiðju OVERLOCK saumavél. Einnig vantar heimilis saumavél, helst Juki. Kristín s: 698-4742.

## Til bygginga






**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

10 f gámur, einangraður með rafm.töflu og inntaki f. heitt&kalt vatn S.8964511

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

www.toppform.is Lestu árangurssögurnar okkar á www.toppform.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Heilnudd**
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
www.hairandbodyart.net
Sími 551 2042 / 694 1275

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Rvk. Hfj. og Kef.**
**Stúdíó, 2ja og 4ra herbergja.**
**Nánari upplýsingar á www.heimahagar.is**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Herb. til leigu. Gott húsnæði & allur aðbúnaður. Room for rent, all included. S. 898 8690.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

Til leigu 3 herb. nýleg íb. á völlunum í hfj. leigist á 110þ. + húsasjóð uppl: 5653102 / 8225602

Íbúð í Seláshverfi ca. 95 fm 2 hrb. á neðri hæð í einbýli, sér inng. og sér garður til afnota. V. 95þ.m. rafmafn og hita, leigjandi þarf að slá lóð 5 sinnum yfir sumartímann. Íbúðin er laus strax og eingöngu reglusamt og reykl. fólk kemur til greina. uppl: gudbjorg07@ru.is

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Áræðanlegur 23 ára maður norðan af landi óskar eftir herbergi til leigu, sem nærst BSÍ S:849 2172/ 892 2641.

27 ára lögfræðingur óskar eftir íbúð til leigu fyrir sig og unnustu sína. Reglusöm, róleg og reyklaus. Góðri meðferð íbúðar og skilvísum greiðslum heitið. Sendið tölvupóst á arnalhj@gmail.com og haft verður samband.

Reglusöm kona óskar eftir herbergi til lengri eða skemmrti tíma. S. 893-5336

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu bjartar og rúmgóðar vinnustofur í Höfðahverfi. Sími 861-8011

Snyrtilegt, 180 fm pláss, til leigu á Smiðjuvegi. Góð aðkoma. Uppl. í 8960551.

Til leigu hluti af atvinnuhúsnæði. Innkeyrsludyr, Wc, elshús og skrifstofa. Verð 40 þús, pr mán. Uppl. í s. 898 4202.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vilt þú vinna lítið og hafa lítil laun? Uppl í s 6932272 og 7732100.

Starfskraftur óskast til Danmerkur sem getur járnad og tamid ísl. hesta, einnig farid í hestaferdir med túrista, svo og alm. bústörf sem fylgja hestamennsku. Uppl. 004522343727 ( ísl.) eda 004523458649 (dk,deuts,english)

Starfskraftur óskar á blandað bú á Norðurlandi Vestra. Uppl. i s. 865 8104.

Óska eftir starfsfólki í ræsingar ofl fullt starf verður að tala og skilja íslensku umsóknir sendist á umsjon@visir.is

Snyrtifræðinemi eða snyrtifræðingur vantar strax á snyrtistofu Uppl. í s. 862 8257.

Óskum eftir að ráða uppvaskra og aðstoðarmann í eldhús. Kvöld og helgarvinna. Ekki yngri enn 20 ára. Uppl og umsóknir sendist á: eldhus@101hotel.is

Bílvogur bifreiðaverkstæði óskar eftir bifvélavirkja í sumarafleysingar en gæti orðið til lengri tíma. Uppl. í s. 564 1180, 864 8459 eða 894 1181

Söluturn með grilli í Kópavogi óskar eftir starfsfólki. Dag-kvöld og helgarvaktir. Lámarksaldur 20 ára. Uppl. hjá Helgu í s. 659 9606.

## Atvinna óskast

Italian chef with lots of experience in Iceland and Europe is seeking for work. Can start now. phone 8499811

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum.**
**Opið allan sólahringin um helgar.**

**908 1616.**

## Atvinna

AUSTUR STEIKHÚS
AUSTURSTRÆTI 7 - 101 REYKJAVÍK

**Langar þig til að vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað?**

Óskum eftir lærðum eða mjög góðum þjónum. Vinsamlegast sendið umsókn á austur1907@gmail.com eða hafið samband í s. 699 3040 Óli Már.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Fræðslusvið Hafnarfjarðar**
### Skólastjóri

Staða skólastjóra nýs sameinaðs grunnskóla, Engidals- og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði er laus til umsóknar.

Með samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 21. apríl sl. verða skólarnir sameinaðir undir einni yfirstjórn frá og með 1. ágúst 2010.

Í Engidalsskóla er nú 1. – 7. bekkur og í Víðistaðaskóla 1.- 10. bekkur. Nemendur úr Engidalsskóla hafa flust í Víðistaðaskóla eftir 7. bekk.
Nýr skóli með tæplega 700 nemendur, mun starfa í húsnæði beggja skólanna.
Í Engidalsskóla verður 1. – 4. bekkur og 1. – 10. bekkur í Víðistaðaskóla.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og taki þátt í vandasamri sameiningarvinnu þar sem lögð verður áhersla á að ná fram því besta úr báðum skólum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennarapróf, kennslureynsla og reynsla af stjórnun heildstæðs grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga á skólaþróun og sé tilbúinn til að leiða slíkt starf.

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslusviðs, netfang magnusb@hafnarfjordur.is eða í í síma 585 5500.

Með umsókn fylgi gögn um náms- og starfsferil og hver þau verkefni sem umsækjandi hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi. Umsókn berist Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 7. maí 2010
Sviðsstjóri fræðslusviðs

## Til leigu

# VEIÐILENDUR

Boðin verður til leigu aðgangur að mjög stórri jörð á fuglaveiðitíma. Jörðin er vænleg til fuglaveiða, bæði gæs og rjúpu. Um er að ræða jörð á norðurlandi í um 270 km fjarlægð frá Reykjavík.

**Áhugasamir hafi samband á netfangið javignisson@gmail.com fyrir 10. maí, 2010.**

## Fundir / Mannfagnaður

FÉLAG ELDRI BORGARA
F·E·B

**KYNNINGARFUNDUR UM ÍBÚÐIR FYRIR ALDRAÐA**

Fundur til kynningar á væntanlegum íbúðum Félags eldri borgara í Reykjavík að Hólabergi 84 (við hlið Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi) verður haldinn miðvikudaginn 28. apríl kl. 15.00 í D-sal Gerðubergs. Allir áhugasamir eru velkomnir!

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

tónheimar

# Tónlistarnámskeið fyrir þig!



Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

## Langar þig til þess að spila uppáhaldslögin þín eftir eyranu?

„Tónheimar bjóða upp á tónlistarnám sniðið að þínum þörfum. Allir eru velkomnir, byrjendur og lengra komnir, ungir sem aldnir."

### 4 vikna námskeið í maí eða júní

- Píanó eftir eyranu
- Djasspíanó
- Rafmagnsgítar
- Kassagítar

popp
blús
djass
sönglög

**Skráning hafin á haustönn!**

**Uppl. og skráning á tonheimar.is og í síma 553 2010**





## Námskeið um vefjagigt og tengda sjúkdóma

Hjá Þraut ehf - miðstöð vefjagigtar verður haldið 4ra daga fræðslunámskeið fyrir fyrir fólk með vefjagigt og aðstandendur þeirra dagana 3., 5., 10. og 12. maí. n.k. frá klukkan 16:30 - 18:30.

Námskeiðið verður haldið hjá Þraut ehf - miðstöð vefjagigtar, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík



Arnór Víkingsson

Fyrirlesarar eru: Arnór Víkingsson gigtarlæknir, Sigrún Baldursdóttir sjúkraþjálfari og lýðheilsufræðingur og Eggert S. Birgisson sálfræðingur.

**Dagskrá:**

**Mánudagur 3. maí 2010: Kl. 16.30 - 18.30**
Vefjagigt og skyldir sjúkdómar: sjúkdómsmynd, greining, orsakir og meðferðarúrræði. Þverfagleg sýn á meðferð við vefjagigt.



Eggert S Birgisson

**Miðvikudagur 5. maí 2010: Kl. 16.30 - 18.30**
Fjölþætt meðferð, en einstaklingsmiðuð.
Hvað hjálpar vefjagigtarsjúklingum mest?

**Mánudagur 10. maí 2010: kl. 16:30-18:30**
Andleg heilsa vefjagigtarsjúklinga.



Sigrún Baldursdóttir

**Miðvikudagur 12. maí 2010: Kl. 16.30 - 18.30**
Fyrirlestur fyrir aðstandendur - Aðstandendur gegna mikilvægu hlutverki í lífi vefjagigtarsjúklinga og eiga oft stóran þátt í hvernig þeim farnast. Mikilvægt er að þeir þekki hlutverk sitt.

Verð: kr. 23.900.- og innifalið er gjald fyrir einn aðstandenda og námsgögn. Skráning í síma 5557750.

www.þraut.is









# Forsetinn og gígurinn

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Hann gaf nafn landinu og kallaði Grænland og kvað menn það myndu fýsa þangað farar, að landið ætti nafn gott." Þannig segir Íslendingabók frá upphafi íslenskrar markaðssetningar. Þó að víðar sé fjölmennara en á Grænlandi bar ekki skugga á þessa aðferðafræði fyrr en á þessu ári.

**VAR** þessi norræna auglýsingatækni feðganna Eiríks og Leifs orðin okkur Íslendingum geðgróin svo við urðum eins og talandi auglýsingabæklingur frá Ferðamálastofu þegar útlendingar heyrðu til.

**EN** kannski er þetta að breytast eftir umskipti Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Hann hafði farið eftir aðferðafræði feðganna af meiri tryggð en flestir aðrir. Það kom því mörgum á óvart að hann skyldi snúa við blaðinu með Kötluspánni sinni. Tók hann þar upp þráðinn þar sem hinn grami Hrafna-Flóki lagði honum þegar hann stóð öskuillur uppi á Ármannsfelli og nefndi landið Ísland jafnvel þótt hann væri að horfa yfir fallegasta fjörð landsins.

**ÞAÐ** vill svo til að ég er sjálfur að vestan og sé oft lífið frá Ármannsfelli. Hef ég því mesta ímugust á markaðssetningu af þessu tagi rétt eins og fallega spunnum vefjum stjórnmálamanna, fyrirtækja og hagsmunasamtaka. Fréttatilkynningar úr þessum vefstólum geta verið álíka ósvífnar og að segja mönnum sem eiga rætur sínar að rekja til Bretlands og Noregs að jökuleyjan mikla sé grænt land.

**GRÆNLENDINGAR** sjálfir láta ekki segja sér þessa vitleysu of oft og kalla landið Land fólksins eða Kalaallit Nunaat. Vínlandsnafnið var flopp frá upphafi en nafnið sem Hrafna-Flóki fann upp í bræði sinni yljar enn um hjartarætur þegar menn taka sér það í munn. Er því ekki löngu orðið tímabært að hætta þessum markaðstengda tepruskap og fara að tala vestfirsku? Það sjá allir í gegnum þetta nema við sjálf. Við höldum að fólk sé að afpanta ferðir til landsins vegna orða forsetans en málið er að það hefur ekki áhuga á að verða strandaglópar vegna öskufallsins úr Eyjafjallajökli.

**MIG** dreymir um veröld þar sem menn geta talað vestfirsku við alþjóð. En þar til sá tími rennur upp vil ég benda á að mennirnir álykta en guð ræður. Ferðafrömuðum sem og heimsbyggðinni allri ber því frekar að óttast það sem kemur upp úr gígunum frekar en það sem kemur upp úr forsetanum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fyrirgefning og áfellisdómar

Á morgun sýnir Áhugaleikhús atvinnumanna sitt fjórða örverk um áráttur, kenndir og kenjar. Örverkin sem öll eru kennd við mánuðinn sem þau eru flutt í og eru hugleiðingar um mannlega tilvist í Reykjavík dagsins í dag eru hvert um sig frumsýnd síðasta fimmtudag í mánuði allt þetta ár.

Apríl er sagður grimmastur mánaða og lýsir verkið grimmd áfellisdómanna sem fljúga nú um þjóðarþelið. Fyrirgefningin er því efst á baugi í verkinu. Er áhorfendum boðið að taka þátt í einhvers konar friðþægingarathöfn og verður gerningurinn í Hugmyndahúsi háskólanna sem er í gamla Alliance-húsinu sem nú ber heitið Útgerðin. Verður sýningin jafnframt send út á Netinu á slóðinni: www.herbergi408.is.

Leikarar Áhugaleikhúss atvinnumanna munu ríða á vaðið með játningar og leiða athöfnina sem er öllum opin og er ókeypis aðgangur. Hægt er að líta á eldri verk hópsins á sömu slóð. eða vefnum: www.ahugaleikhus-atvinnumanna.com.

Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir og meðal þátttakenda má nefna Aðalbjörgu Árnadóttur, Árna Pétur Guðjónsson; Hannes Óla Ágústsson, Orra Hugin Ágústsson, Ólöfu Ingólfsdóttur, Arndísi Egilsdóttur, Jórunni Sigurðardóttur, Láru Sveinsdóttur, Magnús Guðmundsson, Mörtu Nordal og Svein Ólaf Guðmundsson. - pbb

# Söngdeild FÍH flytur Lifun

Verk Gunnars Þórðarsonar eru áberandi í menningarlífinu þessa dagana: á sunnudag stýrði hann flutningi á söngløgum af Vísnaplötunum tveimur í Húsdýra- og fjölskyldugarðinum og var flutningurinn sendur út beint á Rás 2. Í gær komu síðan plöturnar tvær út í veglegri útgáfu á forlagi Senu.

Um helgina ætlar síðan Söngdeild Tónlistarskóla FÍH að flytja verkið Lifun eftir Trúbrot þar sem Gunnar var í forsvari og átti stóran hlut af efni kantötunnar ásamt þeim Magnúsi Kjartanssyni, Rúnari Júlíussyni og Karli Sighvatssyni. Hópurinn sem kemur að flutningnum á föstudag og laugardag samanstendur af sjö söngvurum og sjö manna rokkhljómsveit sem hafa æft sleitulaust undanfarnar vikur undir stjórn kennaranna Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjönu Stefánsdóttur: „Útkoman er vægast sagt frábær“ segir í tilkynningu frá skólanum. Platan Lifun var tímamótaverk í íslenskri rokksögu. Þessi plata hefur haft gífurleg áhrif á íslenska tónlistarsköpun síðustu tvo áratugi.

Tónleikarnir verða í Hátíðarsal FÍH, Rauðagerði 27 sem hér segir: föstudaginn 30. apríl kl.20, laugardaginn 1. maí eru tvær sýningar, sú fyrri kl. 17 og sú síðari kl. 20. Söng annast Arna Rún Ómarsdóttir, Rósa Guðrún Sveinsdóttir, Sigríður Stella Guðbrandsdóttir, Sigursveinn Árnason, Sturla Kaspersen, Unnur Birna Björnsdóttir og Vigdís Ásgeirsdóttir. Þeim til stuðnings er sterk sjö manna sveit ungra hljóðfæraleikara, en listrænir stjórnendur eru þau Ásgeir J. Ásgeirsson, Kristjana Stefánsdóttir og Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir. Miðasala er við innganginn og á midi.is. - pbb




**TÓNLIST** Lifun verður spiluð í sal FÍH um helgina og hammondinn keyrður þótt Karl Sighvatsson, Rúnar Júl og Gunnar Jökull sé fallnir frá.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 28. apríl 2010**

### Tónleikar

**12.15 Tríó Reykjavíkur** verður með hádegistónleika á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu. Á efnisskránni eru verk eftir J. Haydn, Beethoven og G. Fauré. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00 Kammerkór Seltjarnarneskirkju** við Kirkjubraut heldur vortónleika. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir Jacob de Haan, Egil Gunnarsson, Bob Chilcott og J.S. Bach. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**21.00 Tvíeykið Hank & Tank** sem skipað er Henriki Björnssyni og Þorgeiri Guðmundssyni, verður með útgáfutónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Einnig koma fram **Nolo og Dj. Einar Sonic.**

**21.00 Uwaga Wagga** sem er samtarfsverkefni tónlistarmanna frá Bosníu, Póllandi, Danmörku og Íslandi, stendur fyrir tónlistaruppákomu á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

### Sýningar



Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15, hefur verið opnuð sýning tileinkuð **Sigurði A. Magnússyni**, rithöfundi, gagnrýnanda, þýðanda og baráttumanni. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is. Opið alla daga kl. 11-17.

### Síðustu forvöð

Búið er að framlengja sýningu á höggmyndum **Þorbjargar Pálsdóttur** að Sjafnargötu 14, sem var heimili og vinnustofa listakonunnar til margra ára. Sýningu lýkur sunnudaginn 2. maí og er opin virka daga kl. 15-18 og um helgar kl. 12-18. Enginn aðgangseyrir.

### Leikrit

**20.00 Nemendaleikhúsið** sýnir leikritið **Stræti** eftir Jim Cartwright. Sýningar fara fram í **Smiðjunni** við **Sölvhólsgötu.** Nánari upplýsingar á www.lhi.is og www.midi.is.

### Málstofa

**16.00** Í **Bókasafni Seltjarnarness** við Eiðistorg verður haldin málstofa til heiðurs **Jóhanni Jónssyni** skáldi. Lesið verður úr bréfum, ferðasögum, örlagasögu auk ljóða. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




> AMMA POPPSINS

Söngkonan Lady Gaga sagði í nýlegu viðtali að hún þráði að verða amma poppsins og taka nýja og efnilega tónlistarmenn undir sinn verndarvæng. Ætli söngkonan sé ekki full ung enn þá til að titla sig ömmu en hugsunin að baki nafngiftinni er falleg.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vigdís heiðruð í Perlunni

„Hún Vigdís er alveg sérstök kona," segir Stefán Sigurðsson, kokkur í Perlunni. Gestir veitingastaðarins í Perlunni hafa undanfarið veitt því athygli að þar hangir uppi mynd af Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, í stað myndar af Ólafi Ragnari Grímssyni, núverandi forseta.

Einhverjir gestanna hafa smíðað kenningar þess efnis að með þessu séu veitingamenn í Perlunni að mótmæla yfirlýsingum Ólafs Ragnars um að Kötlugos gæti verið yfirvofandi með tilheyrandi hörmungum.

„Nei, það er nú ekki þannig þó þetta hafi verið ofsalega klaufaleg ummæli. Það vill nú bara þannig til að við Gísli vorum séffarnir hennar Vigdísar úti á Bessastöðum og vildum heiðra hana í tilefni 80 ára afmælisins," segir Stefán og vísar þar til Gísla Thoroddsen kollega síns.

Stefán og Gísli voru matreiðslumenn á Bessastöðum þegar Vigdís réði þar ríkjum og ber Stefán henni vel söguna. „Okkur þykir óskaplega vænt um konuna. Það er enda ekki oft sem þjóðhöfðingi kemur inn í eldhús og kyssir kokkana að lokinni veislu." - hdm



**VIGDÍS HEIÐRUÐ** Kokkarnir í Perlunni tóku niður mynd af Ólafi Ragnari og hengdu upp mynd af Vigdísi til að heiðra hana í tilefni áttræðisafmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Nýtt par?

**Leikarinn Josh Hartnett sást um helgina á skemmtistað í New York ásamt leikkonunni Abbie Cornish, fyrrverandi kærustu hjartaknúsarans Ryans Phillippe. Cornish er stödd í New York við tökur á kvikmyndinni The Dark Fields, en Harnett er búsettur í borginni. Parið sat við borð inni á skemmtistaðnum í nokkra klukkutíma og ræddist við, en þetta er ekki í fyrsta sinn sem sést til þeirra saman.**

**Harnett hefur áður verið orðaður við leikkonur á borð við Siennu Miller, Mary-Kate Olsen, Mischu Barton, og dóttur Demi Moore, Rumer Willis.**



**ÍSLANDSVINIR** Frank Hvam á milli hjónanna Iben Hjejle og Caspers Christensen. Frank er ósáttur við að þau hjónin séu búin að stela Íslandi frá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# NAUT ÞESS AÐ VINNA MEÐ FRÍMANNI GUNNARSSYNI

**Danski grínarinn Frank Hvam vinnur þessa dagana að Klovn-kvikmynd ásamt Casper Christensen, félaga sínum. Í viðtali við Fréttablaðið kveðst hann hafa notið þess út í ystu æsar að vinna að gamanþáttaröð Frímanns Gunnarssonar sem sýnd verður á Stöð 2 í haust.**

„Hvernig kom það til að við fórum að vinna saman? Þeir hringdu bara og sögðust vera stærstu stjörnur Íslands og maður getur ekki sagt nei við slíku. Eru þeir ekki annars stærstu stjörnurnar á Íslandi?" spyr danski grínleikarinn Frank Hvam sem kemur töluvert við sögu í nýrri gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni. Fréttablaðið hefur greint frá samstarfi þeirra félaga og Frank viðurkennir að þeir hafi skemmt sér konunglega við gerð þáttanna. Hann hafi hins vegar ekkert séð frá upptökunum. „Þeir eru ótrúlega klárir, Hansson-bræðurnir, alveg á pari við það sem ég hef kynnst í dönsku sjónvarpi," segir Frank og vísar þar til leikarans Gunnars Hanssonar og



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Frank ásamt Frímanni Gunnarssyni við tökur á nýrri gamanþáttaröð.

leikstjórans Ragnars. „Ég hef allavega aldrei séð menn vinna jafnhratt og þá," en umræddir þættir verða sýndir á Stöð 2 í haust.

Frank og félagi hans, Casper, hafa slegið í gegn í dönsku gamanþáttunum Klovn. Síðasta þáttaröðin kemur út á DVD í vikunni en Frank verður hálfhvumsa þegar hann er spurður af hverju Casper og eiginkona hans, Iben Hjejle, séu svona miklir Íslandsvinir. „Ég veit eiginlega ekki hvað þau þykjast vera að gera. Þau eru hálfpartinn búin að ræna Íslandi frá mér. Ég á þetta land, eða sko, Íslendingar eiga auðvitað landið en það var ég sem kynnti Ísland fyrir Casper, ekki öfugt," útskýrir Frank. „Ég kom til Íslands fyrst fyrir átta eða níu árum, þá með bróður mínum. Við ætluðum að fara í svona náttúrulífsferð, skoða landið og landslagið en heilluðumst svolítið af næturlífinu í Reykjavík þannig að þetta varð svona næturlífsferð," segir Frank og hlær og bætir því við að hann hafi heimsótt landið ansi oft síðan þá.

Klovn sem þáttaröð hefur hins vegar runnið sitt skeið en þeir félagar eru á fullu við að skrifa handrit að kvikmynd í fullri lengd. Frank segir þá vera fyllilega meðvitaða um þær hættur sem fylgir því að gera bíómynd eftir sjónvarpsþáttum. „Hún má auðvitað ekki vera einn langur Klovn-þáttur, það verður að vera upphaf, miðja og endir og persónurnar verða að þroskast eitthvað." Frank hefur hins vegar ekki hugmynd um hvort hann snúi aftur í sjónvarp, nú þegar Klovnævintýrinu er lokið. „Ég er fyrst og fremst uppistandari og ætla mér að vera það áfram." Hann útilokar ekki að koma með sýninguna til Íslands. „Ég veit ekki hvort Íslendingar myndu skilja hana á dönsku eða hvort ég þurfi að þýða hana yfir á ensku. Kannski er bara hægt að setja hana upp eins og óperusýningu, þar sem textinn kemur jafnóðum fram á einhverjum skjá."

freyrgigja@frettabladid.is



**ROKKUÐ** Hin unga Taylor Momsen er þreytt á því að vera líkt við Courtney Love, ekkju Kurts Cobain. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill líkjast Kurt Cobain

**Hin unga Taylor Momsen, sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl, er einnig söngkona hljómsveitarinnar The Pretty Reckless og hefur henni gjarnan verið líkt við söngkonuna Courtney Love.**

**Í nýlegu viðtali segist Momsen ekki kunna við þá samlíkingu. „Ég vil ekki vera Courtney Love. Ég vil vera Kurt Cobain. Hann er stórkostlegur og tónlist hans er snilld. Fólk er stanslaust að líkja mér við Courtney Love af því að þeim finnst við klæða okkur svipað og erum báðar með ljóst hár." Momsen er ekki sú eina úr leikarahóp Gossip Girl sem hefur sinnt tónlistinni því Leighton Meester hefur einnig gefið út smáskífur.**

## Kærir eiginmann sinn

**Eiginmaður glamúrfyrirsætunnar Jennu Jameson var handtekinn fyrir heimilisofbeldi um helgina. Tito Ortiz, eiginmaður Jameson, er þekktur glímukappi í Bandaríkjunum. Voru það nágrannar hjónanna sem kölluðu eftir aðstoð lögreglu þegar þeir urðu varir við mikinn hávaða frá heimili þeirra. Hjónin eiga saman tvíburana Jesse og Journey Jett.**

**Að sögn talsmanns Jameson hyggst hún leggja fram kæru, en hún tognaði meðal annars í öxl eftir átökin við Ortiz sem neitar þó að hafa lagt hendur á konu sína.**



**ÁTÖK** Jenna Jameson hyggst kæra eiginmann sinn fyrir heimilisofbeldi.





Góð sölulaun

Álfasölufólk

Hin árlega Álfasala SÁÁ fer fram 26.-30. maí næstkomandi.
Okkur vantar hóp duglegs sölufólks sem er tilbúið að leggja okkur lið við sölu á álfinum þessa daga.

Góð sölulaun

Álfasalan hefur reynst góð fjáröflunarleið fyrir íþróttafélög og klúbba af ýmsu tagi.
Hærri sölulaun í ár.
Hafið samband við skrifstofu SÁÁ í Efstaleiti 7, Reykjavík, sími 530 7600, eða við sölustjóra í síma 824 7646

Álfurinn fyrir unga fólkið

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN





Stúdentafagnaður
föstudaginn 30. apríl 2010
í Gullhömrum

Húsið opnað kl. 19:00
og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:00

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Allar nánari upplýsingar eru á stúdentavef VÍ
http://atlas.verslo.is/studentafagnadur


# Amy Winehouse flutt á sjúkrahús

Söngkonan Amy Winehouse var flutt á sjúkrahús á sunnudaginn var vegna meiðsla sem hún hlaut er hún féll fram fyrir sig.

Winehouse óttaðist að hún gæti hafa sprengt nýju silíkonbrjóstin sín í fallinu auk þess sem hún hlaut slæmt höfuðhögg og lét því flytja sig á sjúkrahús. Brjóstin reyndust ósködduð en söngkonan var með nokkur brákuð rifbein og var henni haldið á spítala yfir nótt. „Hún var mjög drukkin þegar hún kom á spítalann og starfsfólkinu gekk illa að eiga við hana. Hún hljóp klæðalítil eftir göngunum og var með mikinn hávaða," var haft eftir sjónarvotti.



**ÓMEIDD** Amy Winehouse var flutt á spítala eftir að hafa dottið fram fyrir sig. NORDICPHOTOS/GETTY



**MÓÐURSTARFIÐ SKEMMTILEGT** Brooke Shields segist ekki þurfa að stunda líkamsrækt eftir að hún varð móðir.

# Segir börn vilja reglur

**Leikkonan Brooke Shields segist ekki þurfa að stunda líkamsrækt jafn grimmt nú þegar hún er orðin tveggja barna móðir því það sé næg líkamsrækt að hlaupa á eftir börnunum liðlangan daginn. Hún segir börnin þó vel upp alin og að þau hafi gott af reglum. „Þau elska háttatímann því það eru ákveðnar reglur sem við fylgjum. Þau borða, baða sig og svo lesum við bók saman og förum að lokum með bænirnar. Þeim virðist líða vel þegar þau vita hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Ég held að þeim finnist þau öruggari ef þau búa við reglur.“**

# Meira rapp og R&B á íslensku

Þráinn Gunnlaugur Þorsteinsson og Benedikt Steinar Benediktsson, eða Benni Valdez & Brisk, hafa gefið út plötuna Svona rúllum við. Þar er rapp með R&B-áhrifum í fyrirrúmi og eru allir textarnir á íslensku.

„Við erum búnir að vera í eitt og hálft ár að vinna saman. Við byrjuðum hver í sínu horni en síðan ákváðum við að sameina kraftana,“ segir Þráinn, sem er úr Hafnarfirði en Benedikt úr Garðabæ. „Okkur fannst þessi stefna ekki alveg nógu algeng á Íslandi og það fékk okkur til að vinna saman.“

Platan er unnin út frá vinnuaðferð innan bandaríska hiphop-„mixtape“-markaðarins þar sem taktur lags frá öðrum listmanni er tekinn og nýtt lag samið yfir hann. Venjulega er þó umræðuefni, laglínur eða viðlög upprunalega lagsins notuð áfram en á Svona rúllum við er þetta samið algjörlega frá grunni. „Við erum að reyna að koma okkar nafni á framfæri og sýna að það sé hægt að gera þetta á íslensku, eins og hefur komið í ljós með menn eins og Friðrik Dór. Það er eftirspurn eftir svona tónlist á Íslandi og menn eru til staðar til að gera þetta. Þetta er eitthvað nýtt og spennandi,“ segir Þráinn. Upptökuteymið Redd Lights, sem hefur unnið með Friðriki Dór, hljóðblandaði plötuna. Allt annað gerðu þeir Þráinn og Benedikt upp á eigin spýtur. Þar kom nám þeirra að góðum notum því Þráinn er nemandi við Margmiðlunarskólann og Benedikt stundar nám í upptökustjórn við Full Sail-háskólann í Flórída.

Svona rúllum við er fáanleg til niðurhals á síðu þeirra Bennivbrisk.com. **- fb**



**BENNI VALDEZ & BRISK** Fyrsta plata Benna Valdez & Brisk, Svona rúllum við, er komin út á Netinu. Þráinn er hægra megin á myndinni.

# GUINNESS-AUGLÝSING Á ÍSLANDI

**Írski bjórframleiðandinn Guinness valdi Skálafellsjökul til að taka upp sjónvarpsauglýsingu á dögunum. Kvikmyndagerðarmenn náðu rétt svo að forða sér undan eldgosinu.**

„Menn þurftu að vera ansi snöggir að hugsa til að púsla þessu öllu saman,“ segir Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu True North. Fyrirtækið tók upp auglýsingu fyrir írska bjórframleiðandann Guinness á Skálafellsjökli. Auglýsingastofan vildi ná glæsilegu sólarlagi og því lagði kvikmyndagerðarfólkið snemma af stað upp á Skálafellsjökul að morgni 19. apríl. „Við náðum alveg gullfallegum myndum og vorum bara að hlusta á fréttir milli fjögur og fimm og heyrðum þá af hugsanlegu eldgosi í Eyjafjallajökli,“ útskýrir Leifur en þá tók við ansi hröð atburðarás því loka þurfti brúnni yfir Markarfljót í kjölfar gossins og vegurinn suður fór í sundur á stórum kafla. „Það þýddi því ekkert annað en að koma sem flestum í flug frá Höfn og það voru einhverjir sem neyddust til að keyra hina leiðina,“ útskýrir Leifur.

En þetta var ekki allt því strax daginn eftir hófust tökur í myndveri og þá vantaði sárlega svokallaða Phantonmyndavél sem er einstök og getur tekið þúsund ramma á sekúndu. Hún var hins vegar föst í London vegna flugbannsins fræga ásamt tveimur starfsmönnum. „Við leituðum úti um allt, til Suður-Afríku, Kanada, Bandaríkjanna en fundum hana ekki. Svo þurftum við að sérsmíða flöskurnar frægu og frysta þær á sérstakan hátt og þetta var náttúrlega heljarinnar ævintýri, svo ekki sé meira sagt.“

Starfsmenn auglýsingastofunnar sem höfðu veg og vanda af auglýsingunni voru síðan auðvitað að fastir hér á Íslandi en að sögn Leifs var það hálfgert lán í óláni. „Þeir fóru í þyrluferð og á hestbak þannig að þetta varð svona meiri túristapakki sem er bara gott.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**Í ÍSLENSKU UMHVERFI** Nýjasta herferð Guinnessbjórsins er tekin að hluta til á Íslandi. Leifur B. Dagfinnsson og félagar hjá True North urðu að bregðast skjótt við þegar gosið í Eyjafjallajökli setti samgöngur úr skorðum.

airgreenland.com







## Höfuðborg Grænlands - spennandi áfangastaður

Þú færð nýja sýn á lífið í ferð til Nuuk. Í þessari aðlaðandi höfuðborg mætast fortíð og framtíð í götumynd gamalla timburhúsa og nýrra bygginga. Það er ógleymanleg tilfinning að sigla inn 100 km langan Nuuk fjörðinn með 1000 metra há fjöll á hvora hlið og sjá í fjarðarbotninum hvernig skriðjökulinn teygir sig ofan í sjó. Frá Nuuk er einnig upplagt að heimsækja þorpið Kapisillit og kynnast hefðbundnu veiðimannaþorpi í stórfenglegri náttúru.

**FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NUUK, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS 22.662,- ISK***
Skattar og gjöld innifalin.

*955 DKK. Miðað við Visa kortagengi 15.04.2010 og 23.74 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50 1960-2010

air greenland

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE LÚX | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10.15 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DATE NIGHT | kl. 10 | 10 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 - 8 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DAS WEISSE BAND | kl. 5.20 - 8 | 14 |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

DAS WEISSE BAND ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE COVE | kl. 8 íslenskur texti | L |
| BURMA VJ | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.45 - 8 íslenskur texti | L |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| RUDO Y CURSI | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| VIDEOCRACY | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| THE MESSENGER | kl. 10.15 íslenskur texti | 12 |
| FOOD INC. | kl. 8 íslenskur texti | L |

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| THE CRAZIES | 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | 6 | L |
| DATE NIGHT | 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 8 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 6 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 5.50 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 | VIP |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10D - 10:40D | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl. 8 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

# SSSól spáði fyrir um eldgosið

Svo virðist sem hljómsveitin SSSól hafi spáð fyrir um eldgosið í Eyjafjallajökli því hún hefur dustað rykið af níu ára gömlu lagi sem nefnist Ég veit þú spáir eldgosi.

„Þetta er ágætis lag og er alveg inni í þessu sem er búið að vera að gerast,“ segir söngvarinn Helgi Björnsson. „Við höfum aldrei spilað þetta og þetta fór ekki hátt á sínum tíma,“ segir hann en lagið kom út á safnplötunni Svona er sumarið árið 2001.

Ég veit þú spáir eldgosi er kröftugt rokklag með ólgandi undirtóni og textinn lýsir vel því ástandi sem nú herjar á landsmenn á Suðurlandi og reyndar víðar. Í texta lagsins er meðal annars talað um að „landið rísi, vatnið renni og himinn og jörð verði eitt“.

SSSól er á leiðinni í stúdíó Hljóðrita að taka upp tvö ný lög í næstu viku og verður Kiddi Hjálmur á tökkunum. Hvort þau lög segi til um verðandi náttúruhamfarir á komandi árum skal ósagt látið. Áætlað er að lögin komi út á safnplötu með eldri lögum Sólarinnar og verður „nýja“ lagið þar á meðal. Vinnutitill plötunnar er Er´ekki allir sexý og kemur hún út í byrjun sumars. Næstu böll SSSólar verða á Akranesi á laugardaginn og á Selfossi 8. maí. **- fb**



**SSSÓL** Hljómsveitin SSSól með söngvarann Helga Björnsson hefur dustað rykið af laginu Ég veit þú spáir eldgosi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# DAGUR KÁRI ER MARGFALT FÓRNARLAMB ÖSKUNNAR

**Kvikmyndin The Good Heart var frumsýnd við hátíðlega athöfn í Landmark Sunshine-kvikmyndahúsinu í New York. Askan frá Eyjafjallajökli setti smá strik í reikninginn.**

„Ég átti að koma heim á laugardaginn en þá var öllu flugi aflýst. Ég er bara að bíða eftir opnum glugga, vonandi verður það á morgun [í dag],“ segir kvikmyndaleikstjórinn Dagur Kári Pétursson. Kvikmynd hans The Good Heart var frumsýnd í síðustu viku í New York að viðstöddum einum af aðalleikarum myndarinnar, Paul Dano. Brian Cox, sem leikur hitt aðalhlutverkið, gat ekki verið viðstaddur sýninguna því hann var fastur í Belgrad vegna eldgossins og öskunnar frá Eyjafjallajökli.

Dagur segir frumsýninguna engu síður hafa gengið mjög vel. Og að eldgosið hafi eilítið hjálpað til við kynningu á myndinni. Þannig var BBC með nokkuð ítarlegt innslag um myndina og í því kemur fram að Ísland hafi upp á meira að bjóða en bara Ísland. „Ég hef nú nokkrum sinnum komið til New York og fólk hefur varla vitað að Ísland væri til. En undanfarin tvö ár hefur landið verið nánast stanslaust í heimspressunni og maður má varla fara út í sjoppu án þess að lenda í hrókasamræðum um ástandið heima,“ segir Dagur og bætir því við að fram að þessu hafi flestir haldið að „Iceland“ væri bara skautahöll. En askan frá föðurlandinu setti fleira úr skorðum hjá Degi því The Good Heart var kjörin besta kvikmyndin á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Kraká í Póllandi. „Ég komst ekki út af tveimur ástæðum; annars vegar var búið að lýsa yfir þjóðarsorg í Póllandi út af sviplegu andláti forsetans og hins vegar var ekkert flogið til Póllands út af eldgosinu,“ segir Dagur en samkvæmt visir.is eru verðlaunin ekkert slor heldur rúm ein milljón íslenskra króna. „Já, ég hafði heyrt af þessari upphæð en ég trúi þessu ekki fyrr en ég sé þetta með mínum eigin augum.“

freyrgigja@frettabladid.is



**DANO KOMST** Brian Cox komst ekki á frumsýningu The Good Heart vegna öskunnar frá Eyjafjallajökli. Dagur er fastur í New York vegna sama vandamáls og askan hindraði hann einnig í að komast til Póllands. GETTY IMAGES/NORDIC PHOTOS

# Fjórði í gítarkeppni í Búkarest

Gítarleikarinn Thiago Trinsi lenti nýverið í fjórða sæti í gítarkeppni sem var haldin í Búkarest í Rúmeníu. Þar áttust við þeir sem urðu í tíu efstu sætunum í stórri undankeppni sem var haldin á Netinu.

Á meðal dómara í keppninni voru hinir virtu gítarleikarar Brett Garsed og Greg Howe sem eru stærstu áhrifavaldar Thiagos í tónlistinni. „Það var mjög gaman að vera þarna í fimm daga með þessum gítarmeisturum og ég lærði heilmikið,“ segir Thiago. „Við fengum allir tækifæri til að taka þátt í námskeiði með þeim og fengum diploma-skírteini að því loknu.“ Rúmenskir fjölmiðar fylgdust náið með keppninni og fóru allir keppendurnir í viðtöl þar sem þeir voru spurðir spjörunum úr.

Thiago er tónlistarkennari á Ólafsfirði og spilar einnig með hljómsveitinni Killer Queen þar sem Magni Ásgeirsson er í fararbroddi. Hann er sömuleiðis í þungarokksveitinni Seraphim frá Taívan sem hefur gefið út fimm plötur.

Thiago hvetur íslenska gítarleikara til að taka þátt í gítarkeppnum eins og hann hefur gert undanfarin ár. „Svona keppnir eiga stóran þátt í að menn þróa gítarleik sinn áfram. Ég er ánægður með þau tækifæri sem ég hef fengið og þessi reynsla hefur haft góð áhrif á minn feril,“ segir hann. **- fb**



**THIAGO TRINSI** Gítarleikarinn lenti nýverið í fjórða sæti í gítarkeppni sem var haldin í Rúmeníu.



THE BODY SHOP™
Góður farði, hagstætt verð
Í verslunum The Body Shop fæst mikið úrval
vandaðra og góðra förðunarvara – og enn sem
áður er verðið afar hagstætt.
Hér getur að líta nokkur dæmi.
Bronspúður
1990 kr.
"All-in-one"-
andlitsfarði
2640 kr.
Blautur
augnlínupensill
1460 kr.
"Super volume"-
augnháralitur
1790 kr.
"Moisture
foundation"-
andlitsfarði
2360 kr.
Frábær
kaupauki
Augnskuggi
1380 kr.
Kinnalitur
1540 kr.
Tvenns konar
augabrúnalitur
og pensill
saman
2260 kr.
Kaupauki
Hliðartaska
Þegar verslað
er fyrir 5490 kr.
eða meira.
Tilboðið gildir meðan birgðir endast.
Varalitur
1460 kr.
Augnblýantur
1260 kr.
KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað , sími 588 7299
THE BODY SHOP®

## > Breytingar hjá Akureyri

Handknattleikslið Akureyrar mun taka einhverjum breytingum fyrir næsta vetur. Jónatan Magnússon er á leið til Noregs og heyrst hefur að Árni Þór Sigtryggsson hafi einnig hug á að reyna að komast að hjá erlendu félagi. Hermt er að þjálfarinn, Rúnar Sigtryggsson, muni hætta með liðið og hefur þegar heyrst að Akureyringar hafi áhuga á Óskari Bjarna Óskarssyni sem hættir með Val í sumar. Hvort Óskar hafi áhuga á að fara norður er svo annað mál. Þeir Heimir Örn Árnason og Guðlaugur Arnarsson verða áfram hjá liðinu að óbreyttu.



**sport**
sport@frettabladid.is

JÚLÍUS JÓNASSON: TEKUR VIÐ ÞJÁLFUN VALS EN ÞJÁLFAR KVENNALANDSLIÐIÐ ÁFRAM

# *Gat ekki hugsað um þetta eingöngu út frá karlaliðinu*

Júlíus Jónasson mun taka við þjálfun karlaliðs Vals eftir þetta tímabil en þetta var tilkynnt í gær. Júlíus er uppalinn Valsari, lék með félaginu upp alla yngri flokka og hefur unnið alla titla með félaginu. „Ég tengist félaginu böndum eftir öll þessi ár," segir Júlíus en vill samt ekki segja að það hafi verið draumastarfið að þjálfa Valsliðið.

„Þegar maður er að þjálfa þá hefur það alveg komið upp í kollinn að það væri gaman að þjálfa Val einhvern tímann. Það hefur samt ekki verið stefnan að fara þangað enda meistaraflokkurinn búinn að vera í fínum málum og með frábæran þjálfara öll þessi ár en ég held að Óskar sé búinn að vera þarna í sjö ár," segir Júlíus.

Júlíus lék síðast með Val árið 2002 en fór síðan til ÍR þar sem hann þjálfaði liðið í fimm ár. Hann hefur síðan verið með kvennalandsliðið. „Það er öðruvísi að vera í daglegri þjálfun en að vera með landslið. Bæði verkefnin eru mjög skemmtileg," segir Júlíus. Júlíus er þjálfari kvennalandsliðsins sem á góða möguleika á að komast á sitt fyrsta stórmót og það kom aldrei til greina hjá Júlíusi að hætta með stelpurnar.



„Það var ljóst frá byrjun að ég gat ekki hugsað um þetta eingöngu út frá karlaliðinu. Þetta var allt gert í samráði við sambandið," sagði Júlíus sem heldur áfram með kvennalandsliðið.

Hann segir að tímasetningin muni ekki hafa truflandi áhrif á Valsliðið sem leikur fyrsta úrslitaleikinn á móti Haukum á föstudaginn.

„Óskar kom að þessu hvenær ætti að setja þetta í loftið með það í huga hvenær það væri hentugast fyrir leikmennina," segir Júlíus sem verður áfram bara áhorfandi út tímabilið.

„Ég fylgist með eins og áður en kannski horfi á þetta með öðrum augum," segir Júlíus en stelpurnar verða í aðalhlutverki hjá honum fram á vor.

„Númer eitt, tvö og þrjú hjá mér í dag er að tryggja stelpurnar í úrslitin á EM," segir Júlíus.



**Á LAUSU** Einn færasti körfuboltaþjálfari landsins leitar nú að nýrri vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Benedikt hættur hjá KR:

## Ætla að þjálfa næstu 20 árin

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson hefur hætt störfum hjá uppeldisfélagi sínu, KR, þar sem hann hefur unnið frábært starf síðustu árin.

Benedikt gerði karlalið félagsins að meisturum fyrir ári og lék svo sama leik með kvennalið félagsins í ár.

„Ég starfa ekki fyrir KR á næsta ári hið minnsta. Við skildum í góðu og það eru engin leiðindi í kringum mína brottför," segir Benedikt.

„Ég vildi vera með kvennaliðið áfram en það er niðurskurður hjá félaginu og ég hefði þurft að taka á mig mikla launalækkun til þess að halda því starfi áfram. Ég þarf að sjá fyrir fjölskyldu og gat því ekki tekið því sem var í boði. Ég skil samt KR vel og því eru engin illindi í þessu," segir Benedikt en hann gerir einnig ráð fyrir að láta af störfum sem íþróttafulltrúi KR.

Benedikt segist þó ekki vera á þeim buxunum að hætta að þjálfa körfubolta.

„Ég ætla að þjálfa næstu 20 árin. Að þjálfa körfubolta er hluti af mínum lífsstíl og ég vonast til þess að finna annan góðan stað til þess að vinna næsta vetur," segir Benedikt. - hbg

# Olic skaut Bayern í úrslit

**Króatinn Ivica Olic sá til þess í gær að FC Bayern leikur til úrslita í Meistaradeild Evrópu að þessu sinni. Olic skoraði þrennu fyrir Bayern gegn Lyon í Frakklandi í gær. Bayern mætir Inter eða Barcelona í sjálfum úrslitaleiknum.**

**FÓTBOLTI** FC Bayern er komið í úrslit Meistaradeildar Evrópu í fyrsta skipti síðan árið 2001. Þá lagði liðið Valencia af velli eftir vítaspyrnukeppni. Bayern skellti Lyon í Frakklandi í gær, 0-3, með mörkum frá Króatanum Ivica Olic. Bayern vann því rimmu félaganna 4-0 samanlagt.

Gestirnir frá Þýskalandi voru sterkari og á 26. mínútu kom Ivica Olic þeim yfir í leiknum. Hann fékk þá sendingu í miðjan teiginn, snéri af sér varnarmann og kláraði færið sitt með stæl. Enn eitt afar mikilvæga markið hjá Króatanum sem hefur reynst þýska félaginu heldur betur dýrmætur í þessari keppni í ár.

Frakkarnir reyndu af veikum mætti að koma sér inn í leikinn en uppskáru aðeins eitt færi í fyrri hálfleiknum sem þeir misnotuðu.

Leikmenn þýska liðsins stýrðu hraðanum í leiknum og virtust líklegir til þess að skora í fjöldamörg skipti er þeir náðu boltanum. 0-1 stóð í leikhléi.

Þeir sem áttu von á því að Lyon myndi hrista upp í hlutunum og reyna djarfa hluti í síðari hálfleiknum urðu fyrir vonbrigðum. Liðið átti engin svör við leik Bayern í fyrri hálfleik og sama ráðleysið var í leik liðsins í síðari hálfleik.

Mótlætið fór í taugarnar á heimamönnum og Cris fékk að fjúka af velli á 56. mínútu fyrir skrautlega tæklingu sem og að rífa kjaft. Sjö mínútum síðar kláraði Olic dæmið fyrir Bayern. Fékk smekklega stungusendingu frá Altintop sem hann skilaði í markið.

Olic var ekki á því að ljúka keppni þrátt fyrir vænlega stöðu, heldur vildi fullkomna þrennuna. Hann náði þeim áfanga tólf mínútum fyrir leikslok er hann skoraði skallamark af stuttu færi. 0-3 og Bayern komið í úrslitaleikinn með stæl.

Claude Puel, þjálfari Lyon, viðurkenndi að sitt lið hefði einfaldlega tapað fyrir betra liði.

„Ég verð að viðurkenna að þeir voru sterkari. Það er reyndar synd að við skyldum ekki jafna leikinn því við fengum tækifæri til þess. Þegar við missum síðan Cris af velli var þetta erfitt. Bayern stýrði leiknum og lét okkur hlaupa. Ég get ekki gagnrýnt mína leikmenn mikið því þeir lögðu sig fram," sagði Puel.

Arjen Robben, leikmaður Bayern, hrósaði Olic eftir leikinn.

„Hann er ótrúlegur leikmaður. Gefur meira en 100 prósent í hvern leik og hleypur endalaust. Það er lygileg orka í þessum manni. Hann er liðinu okkar afar mikilvægur," sagði Robben eftir leikinn en hann vill mæta Inter í úrslitum.

henry@frettabladid.is



**MAGNAÐUR** Króatinn Ivica Olic hélt áfram að fara á kostum með FC Bayern í Meistaradeildinni í gær og skoraði þrennu að þessu sinni. NORDIC PHOTOS/AFP



**LÍTIÐ UM TILBOÐ** Hermann er meiddur og því ekki að furða að tilboðunum rigni ekki inn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hermann Hreiðarsson:

## Vill vera áfram hjá Portsmouth

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson hefur gefið það út að hann vonist eftir því að fá nýjan samning hjá Portsmouth en núverandi samningur Hermanns við félagið rennur út í sumar.

Hermann er meiddur sem stendur og spilar ekki aftur fótbolta fyrr en í október. Þrátt fyrir það vonast hann til þess að vera áfram hjá félaginu en hann er afar vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins.

„Hermann mun snúa aftur og hann er ekki að hætta í fótbolta. Hann vonast til þess að snúa aftur í október eða nóvember. Ég tel að það væri sanngjarnt af Portsmouth að bjóða honum nýjan samning þar sem hann hefur gefið félaginu allt sem hann á," sagði Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, við Sky Sports.

„Við höfum ekki fengið neitt tilboð enn sem komið er en Hermann vill vera hér áfram enda líkar honum vel í Portsmouth og hann elskar stuðningsmennina. Ég tel að hann geti spilað meðal þeirra bestu í 2-3 ár í viðbót." - hbg

SANYL ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Evrópumeistarar Barcelona eru með bakið upp við vegg fyrir seinni leikinn gegn Internazionale í kvöld:

# Inter dreymir um að spila úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Barcelona taka á móti ítalska liðinu Inter í seinni leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Inter vann fyrri leik liðanna, 3-1, á Ítalíu og Evrópumeistararnir eiga því verk fyrir höndum gegn lærisveinum José Mourinho í kvöld.

José Mourinho, þjálfari Inter, segir að það sé draumur hjá hans félagi að komast í úrslit Meistaradeildarinnar en þráhyggja hjá Barcelona.

„Þar liggur munurinn hjá félögunum. Draumur en tærari en þráhyggja. Það fylgir því stolt að dreyma, sama hvar þú ert í heiminum. Barcelona dreymdi að komast í úrslitaleikinn í Róm í fyrra en það er þráhyggja hjá félaginu að komast á Santiago Bernabeau í ár," sagði Mourinho af einstakri list á blaðamannafundi í gær.



**FAGNA ÞEIR Í KVÖLD?** Leikmenn Inter fagna hér marki í fyrri leik liðanna. Þeir vonast til þess að fagna í Barcelona í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Stuðningsmönnum Inter bárust góð tíðindi í gær þegar ljóst var að Hollendingurinn Wesley Sneijder getur spilað með liðinu í kvöld en hann meiddist í leik Inter um síðustu helgi.

„Hann er ágætur og mun spila. Við sjáum svo til þegar líður á leikinn hvort hann geti spilað í 90 mínútur," sagði þjálfarinn.

Mourinho er á kunnuglegum slóðum í Barcelona en hann vann sem túlkur fyrir félagið á sínum tíma. Hann óttast ekki hvernig Barcelona stillir sínu liði upp í kvöld heldur segist hann einbeita sér að sínu liði.

„Barcelona er topplið með frábærum leikmönnum og þjálfara. Þeir hafa leikið fótbolta með sömu hugmyndafræðinni í mörg ár en að sama skapi hefur þetta lið aðlagað sig breyttum aðstæðum hverju sinni. Við höfum séð Zlatan og Messi spila ýmsar stöður og þetta lið getur spilað lifandi og fjölbreyttan fótbolta. Við höfum aftur á móti okkar leikstíl og erum að hugsa um sjálfa okkur. Við veltum ekki fyrir okkur hvernig þeir spila," sagði Portúgalinn. - hbg

# Dekk

## á frábæru verði!

ÓDÝRT

Fyrstir koma – fyrstir fá

**FÓLKSBÍLADEKK:**

| | | |
|---|---|---|
| 14" | 175/65R14<br>Vnr. 49980404 | 6.990 |
| 14" | 185/65R14<br>Vnr. 49980406 | 7.990 |
| 14" | 185/70 R14<br>Vnr. 49980407 | 7.990 |
| 15" | 195/65R15<br>Vnr. 49980409 | 8.900 |
| 15" | 185/60R15<br>Vnr. 49980405 | 9.990 |
| 17" | 225/65R17<br>Vnr. 49980431 | 19.900 |

**JEPPADEKK:**

| | | |
|---|---|---|
| 17" | 265/65 R17<br>Vnr. 49980432 | 27.900 |

betri kaup

Gerðu verðsamanburð



15% AFSLÁTTUR

af umfelgun hjá Hjólkó með öllum dekkjum frá BYKO

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

> **Hayden Panettiere**

„Ég þoli ekki þegar fólk segir að ég fullorðnist hratt.“

***Leikkonan Panettiere verður 21 árs í ágúst. Hún fer með hlutverk Claire Bennet í þáttinum Heroes sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 22.55.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR RIFJAR UPP GÖMUL KYNNI

# „It is I, Leclerc“

Ég varð fyrir þeirri óvæntu ánægju á dögunum að rekast á gamlan þátt af 'Allo 'Allo á BBC-sjónvarpsstöðinni. Það rifjaði upp gamlar og góðar minningar og það kom mér á óvart hversu vel þessir þættir hafa elst. Þeir gætu eins hafa verið framleiddir í fyrra.



Þarna var gamli góði René með hina klassísku setningu „You stupid woman!“ þegar kona hans Edith kom að honum með þjónustustúlkunni en þá hafði hún yfirleitt á orði: „René! What are you doing 'olding that servant girl in your arms?“ Einn af minnisstæðum persónum er Michelle í andspyrnuhreyfingunni en hennar frægasta setning er: „Listen very carefully, I shall say this only once.“ Ein yndislegasta persónan var síðan lautinant Hubert Gruber sem renndi hýru auga til René. Þó lauk þáttunum með því að hann giftist Helgu Geerhart, harðneskjulegu nasistagellunni og eignaðist með henni ófá börn.

Þá má ekki gleyma Gestapoforingjanum Herr Otto Flick sem reyndi ávallt að sýna sem minnstar tilfinningar. Þó bar hann þær til Helgu. Þegar hún gerði hosur sínar grænar fyrir honum lauk þeim samskiptunum yfirleitt á því að hann sagði: „You may kiss me.“ Ógleymanlegur er Gestaposöngurinn og dansinn sem Flick söng fyrir Helgu í einum þættinum. Hann var eitthvað á þessa leið: „You put your right boot in! You take your right boot out! You do a lot of shouting and you shake your fists about! You light a little smokie and you burn down ze tovn! Zat's vot it's all about! Ahh, Himmler, Himmler, Himmler…“

# MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.30 Barcelona – Inter, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Grey's Anatomy** STÖÐ 2



▶ **21.50 Modern Family** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.05 Life** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Dansað á fákspori** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (6:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Fínni kostur** (29:35)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Finnbogi og Felix** (15:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (16:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Lifandi ljósberar** (Living Luminaries) Í þessari bandarísku heimildamynd ræða Eckhart Tolle, Michael Beckwith, Marianne Williamson, Don Miguel Ruiz og fleira andans fólk um guð, tilgang lífsins og leitina að lífshamingju.
**23.50 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.10 Shopgirl**
**10.00 The Groomsmen**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 The Groomsmen**
**18.00 Red Riding Hood** Klassískt ævintýri um unga stúlku sem býr í skóginum ásamt móður sinni.
**20.00 Across the Universe** Kvikmynd byggð utan um bestu lög Bítlanna.
**22.10 Asylum** Rómantískur spennutryllir um konu sem er gift geðlækni og fellur fyrir einum af sjúklingum hans.
**00.00 Happy Endings**
**02.10 Epic Movie**
**04.10 Asylum**
**06.00 Jesse Stone: Night Passage**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ruff's Patch, Kalli og Lóa, Ævintýri Juniper Lee og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (10:21)
**11.45 Gilmore Girls** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (5:22)
**13.45 Oprah's Big Give** (1:8)
**14.35 E.R.** (18:22)
**15.20 Njósnaskólinn**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn og Ruff's Patch.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (7:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (19:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (7:20)
**20.10 Project Runway** (8:14) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks.
▶**21.00 Grey's Anatomy** (19:24) Vinsæll dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**21.50 Ghost Whisperer** (13:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.
**23.25 The Mentalist** (15:23)
**00.10 E.R.** (18:22)
**00.55 Sjáðu**
**01.25 Walking Tall 2.: The Payback**
**02.55 Grey's Anatomy** (19:24)
**03.40 Ghost Whisperer** (13:23)
**04.25 How I Met Your Mother** (7:20)
**04.50 Two and a Half Men** (19:19)
**05.15 The Simpsons** (7:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.20 Meistaramörk**
**07.40 Meistaramörk**
**08.00 Meistaramörk**
**08.20 Meistaramörk**
**16.00 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.40 Meistaramörk**
**18.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun**
▶**18.30 Barcelona - Inter** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**20.40 Meistaramörk**
**21.00 24/7 Mayweather - Mosley** Hitað upp fyrir bardaga Floyds Mayweather og Shanes Mosley. Í þessum þætti verður undirbúningur þeirra skoðaður og skyggnst á bak við tjöldin.
**21.30 Barcelona - Inter** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**23.10 Meistaramörk**
**23.30 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wolves - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Chelsea - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**21.05 Aston Villa - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 West Ham - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**17.25 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál.
**18.10 Nýtt útlit** (9:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)
**19.00 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here** (10:14) Skemmtileg raunveruleikaseríа þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þrauka í miðjum frumskógi og leysa skemmtilegar þrautir.
**19.45 King of Queens** (24:25) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (11:14)
**21.00 America's Next Top Model** (1:13)
▶**22.05 Life** (2:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.55 Heroes** (1:19) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Þetta er fyrsti þátturinn í fjórðu og nýjustu þáttaröðinni. Claire fer í háskóla og Peter byrjar aftur að vinna sem sjúkraflutningamaður. Hiro og Ando reyna að nota hæfileika sína til góðra verka en Angela hefur áhyggjur af Sylar og ný ógn kemur fram á sjónvarpsviðið.
**23.40 Jay Leno**
**00.25 CSI: Miami** (25:25) (e)
**01.15 Battlestar Galactica** (14:22)
**01.55 Big Game** (1:8) (e)
**03.35 King of Queens** (24:25) (e)
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningarauglýsingamál til mergjar.
**21.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm fjallar um málefni líðandi stunda.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Ný sending af náttborðum

Vönduð náttborð á aðeins kr. 39.900,-



Hvítt með 30% glans.



Svart með 30% glans.

Ein stærð: d42x b45 x h58



Eik eða hvíttuð eik.



Hnota.

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50

### Ghost Whisperer



Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda rekur forngripaverslun í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### America's Next Top Model

### Skjár einn kl. 21.00

Ofurfyrirsætan Tyra Banks mætir nú aftur til leiks með þrettán nýjar stúlkur sem allar dreymir um frægð og frama í módelbransanum. Þetta er fjórtanda þáttaröðin og mun nýr dómari setjast í sæti við hlið Tyru og ljósmyndarans Nigels Barker. Það er tískublaðamaðurinn André Leon sem áhugafólk um tísku ætti að kannast vel við.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Djass í íslenskum bókmenntum
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Forboðnar sögur
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Ellismellir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Falcon Crest** (12:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum. Lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**18.35 Friends** (5:25) Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Falcon Crest** (12:18)

**20.35 Friends** (5:25)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Modern Family** (13:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum

**22.15 Bones** (12:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.00 Curb Your Enthusiasm** (1:10)

**23.30 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan**

**00.00 Fréttir Stöðvar 2**

**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** The Green Green Grass **13.10** The Weakest Link **13.55** Waterloo Road **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Blackadder the Third **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** The Vicar Of Dibley **18.30** Cranford **19.25** Waking the Dead **20.15** The Vicar Of Dibley **20.45** Keeping Up Appearances **21.15** Keeping Up Appearances **21.45** Monarch of the Glen **22.35** Cranford **23.30** Waking the Dead

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag på Mallorca **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Bjarne Reuter - Løgnhalsen fra Brønshøj **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Mord på hjernen **21.35** Onsdags Lotto **21.40** OBS **21.45** Sager der nager **22.15** Mission Ledelse **22.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** På tur med Lars Monsen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Himmelblå **22.35** Uteliggernes sang **23.35** Svisj gull

## SVT 1

**12.40** Kalla mig bara Aksel **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Norsk attraktion **15.25** AnneMat **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Andra Avenyn **19.45** Trapper happy tv **20.00** True Blood **20.55** X-Games **21.40** Inför Eurovision Song Contest 2010 **22.40** Landet runt **23.25** Annas eviga **23.55** Kvartersdoktorn



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Sushi-staðurinn í Kringlunni er mjög vinsæll. Ég fer oft þangað þegar ég er í Reykjavík.“*

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, eða Birgir Örn Sigurjónsson.

# Tjáir sig ekki um framtíð Spaugstofunnar

„Mér líst vel á starfið og ætla að taka mér tíma fram yfir helgi til að átta mig aðeins hlutunum,“ segir Erna Kettler, nýráðinn dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins. Erna verður yfir sameinaðri deild innlenda og erlenda sjónvarpsefnisins hjá RÚV en hún var áður á erlendu deildinni. Þá var hún einnig dagskrárstjóri erlendu deildarinnar á Stöð 2 en Erna sleit barnsskónum í dagskrárdeild Stöðvar 2 og hefur því víðtæka reynslu í bæði erlendum og innlendum dagskrárdeildum.

Töluverður styr hefur staðið um Ríkissjónvarpið, ekki síst meðal íslenskra kvikmyndagerðarmanna eftir ummæli útvarpsstjórans Páls Magnússonar um að RÚV hygðist ekki fjárfesta í innlendu efni. Erna segist ekki vera í aðstöðu til þess að tjá sig um það mál, hún sé ekki einu sinni komin með lyklavöldin. „Við erum að sjálfsögðu öll af vilja gerð,“ segir Erna, sem var heldur ekki tilbúin til að tjá sig um framtíð Spaugstofunnar sem hefur legið í lausu lofti.

Þegar Erna er spurð hvort áhorfendur eigi von á byltingu á dagskrá RÚV segist hún vissulega hafa myndað sér skoðun á því hvernig hlutirnir eigi að vera. Það séu hins vegar nýir tímar og fólk verði að velta hverri einustu krónu fyrir sér nokkrum sinnum. „Auðvitað viljum við vera með meira af íslensku efni, við höfum verið með mikið af heimildarmyndum en ekki eins mikið af leiknu efni og við höfum viljað,“ segir Erna. „En þetta snýst auðvitað allt um það hverju við höfum efni á.“ **- fgg**



**NÝR DAGSKRÁRSTJÓRI** Erna Kettler er nýr dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins. Hún segir allt velta á því hversu miklir fjármunir séu fyrir hendi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** innsigli, **6.** í röð, **8.** púka, **9.** bergmála, **11.** gangflötur, **12.** gljáun, **14.** sítt, **16.** í röð, **17.** eyrir, **18.** rjúka, **20.** svörð, **21.** stagl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** laut, **3.** í röð, **4.** umhverfis, **5.** óvild, **7.** tonn, **10.** siða, **13.** líða vel, **15.** traðkaði, **16.** dolla, **19.** samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lakk, **6.** rs, **8.** ára, **9.** óma, **11.** il, **12.** fágun, **14.** langt, **16.** de, **17.** aur, **18.** ósa, **20.** mó, **21.** stag.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróf, **3.** aá, **4.** kringum, **5.** kal, **7.** smálest, **10.** aga, **13.** una, **15.** tróð, **16.** dós, **19.** aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Smygl á evrópskum fálkum til Mið-Austurlands.
2. Íslenskar pylsur líkar þýskum bratwurst-pylsum, úr svínakjöti og kryddi.
3. Embætti forseta Íslands.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**STOFNFÉLAGAR FUNDA** Daníel Ágúst og Birgir Ísleifur hafa stofnað fyrsta íslenska Rod Stewart-aðdáendaklúbbinn. Á myndina vantar Krumma Björgvinsson, sem var heima með pest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### DANÍEL ÁGÚST HARALDSSON: ROD ER EINN BESTI SÖNGVARI ALLRA TÍMA

# Stofna fyrsta íslenska Rod Stewart-aðdáendaklúbbinn

„Ég veit ekki hvaða sess Rod hefur í hugum fólks, en hann er allavega einn besti söngvari allra tíma í mínum eyrum og augum,“ segir söngvarinn Daníel Ágúst Haraldsson.

Daníel Ágúst er einn af þremur stofnfélögum fyrsta Rod Stewart-klúbbsins á Íslandi. Hinir tveir hafa einnig getið sér gott orð á söngsviðinu, Krummi Björgvinsson úr Mínus og Birgir Ísleifur Gunnarsson úr Motion Boys, en stofnfundur klúbbsins var um helgina.

„Þetta var innsiglað með góðum drykkjum og góðri músík. Það var náttúrulega bara hlustað á einn mann allt kvöldið,“ segir Daníel og bætir við í léttum dúr að það sé algjör hneisa að maðurinn sé ekki spilaður í útvarpi allan daginn. „Það ætti að vera sérstök stöð tileinkuð Rod Stewart.“

Rod Stewart-klúbburinn er fyrsti aðdáendaklúbburinn sem Daníel Ágúst gengur í. Hann játar að það sé við hæfi að sá klúbbur sé tileinkaður Rod Stewart og hann sé í þokkabót stofnmeðlimur. En hvert eiga menn að snúa sér ef þeir vilja ganga til liðs við klúbbinn?

„Það er ekkert mjög flókið. Bara setja sig í samband við stofnmeðlimi klúbbsins og mæta á næsta fund með góða skapið og kannski einhverja punkta um Rod eða lög sem maður hefur ekki heyrt áður,“ segir Daníel áður en hann stiklar á stóru um inntökuskilyrðin. „Það er algjört skilyrði að menn hafi einskæran áhuga á öllu sem maðurinn hefur gert, sérstaklega í músík. Þó að karakterinn sé mjög litríkur og skemmtilegur og oft á tíðum kjánalegur og þess vegna alveg stórkostlegur þá er það náttúrulega músíkin sem stendur upp úr.“

Markmið klúbbsins eru háleit og Daníel Ágúst horfir til útlanda í þeim efnum. Alþjóðlegt samstarf er á teikniborðinu, enda fjölmargir aðdáendaklúbbar tileinkaðir Gamla rámi, eins og Rod Stewart er jafnan kallaður. „Við þurfum að gerast félagar í einhverjum stærri sönghópum og félögum; alþjóðasamtökum sem hafa það markmið að dýrka Rod,“ segir Daníel að lokum.

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá eru félagarnir **Auðunn Blöndal**, Egill Einarsson og Sveppi staddir í Mónakó þessa dagana þar sem lokamót Evrópumótaraðarinnar í póker fer nú fram. Auðunn og Egill tóku þátt og sá fyrrnefndi datt út 40 mínútum áður en fyrsta degi lauk. Sá síðarnefndi komst í gegnum fyrsta dag, en datt út 40 mínútum eftir að mótið hófst á ný á degi tvö. Félagarnir duttu báðir út með tíupar á hendi …



Félagarnir eru einnig að taka upp sjónvarpsþátt í Mónakó og í nafni þess tók **Sveppi** þátt í fjölmiðlapókermóti sem haldið var í tengslum við Evrópumótaröðina. Auðunn og Egill stýrðu honum í gegnum það sem varð til þess að spilafélagar Sveppa sáu á honum bera bumbuna oftar en þeir kærðu sig um.

Kleópatra Kristbjörg, majónesforstjórinn þjóðþekkti, stal nánast senunni á frumsýningu Íslandsklukkunnar. Kleópatra mætti þar ásamt fríðu föruneyti og nýjum kærasta sem skar sig úr prúðbúnum gestaskaranum, klæddur í skærgula flíspeysu og gallabuxur. Þótt svokallaðir aðstoðarmenn forstjórans vildu að ljósmyndarar næðu að fanga skötuhjúin saman þá vildi Kristbjörg ekki heyra minnst á slíkt.

Uppselt er á tónleika Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem verða haldnir í Háskólabíói 16. júní. Vegna þessara góðu viðbragða verða haldnir aukatónleikar fyrir þá sem ekki náðu sér í miða og verður tilkynnt um dagsetningu þeirra innan skamms. **Sigríður Thorlacius** og félagar í Hjaltalín geta því vel við unað og ljóst að margir bíða spenntir eftir þessum fyrstu sameiginlegu tónleikum þessara tveggja mögnuðu sveita. **- afb, fgg, fb**



HAFBERG
fiskbúð sælkerans

MATSEÐILL

| | |
|---|---|
| **RÉTTUR DAGSINS, súpa, fiskur og kaffi** | 1290 |
| *Súpa dagsins fylgir öllum réttum* | |
| Fiskur og franskar | 1190 |
| Fiskibollur með lauksmjöri, remó og kartöflum | 1090 |
| Plokkfiskur með bernaissósu og rúgbrauði | 1190 |
| Fiskisúpa, troðfull af fiski, hvítlauksbrauð fylgir | 1390 |
| Súpa dagsins | 490 |
| Gos, Kristall, Pilsner og kaffi | 250 |

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Listamessa í miðborginni

„Þetta er verkefni sem fyrst var haldið í Póllandi árið 2006. Þá var galleríum víða um heim boðið að koma og taka þátt í hátíðinni sem fram fór í yfirgefninni villu í borginni Varsjá. Í ár var ákveðið að verkefnið færi fram hér á landi og munu alls tólf gallerí taka þátt auk Kling og Bang og i8 gallerí sem eru starfandi hér í Reykjavík,“ segir Kristín Dagmar Jóhannesdóttir verkefnastjóri. Villa Reykjavík fer fram í Reykjavík dagana 9. júlí til 31. júlí. Þar munu listagallerí víðs vegar að taka þátt og mynda hálfgert listaþorp í borginni miðri.

Að sögn Kristínar Dagmarar eru þau gallerí sem boðað hafa komu sína hingað til lands í sumar mjög skapandi og spennandi og munu þau standa fyrir ýmsum skemmtilegum listviðburðum ásamt sínum listamönnum. „Hver og einn byrjar á því að skipuleggja sitt verkefni í sínu heimalandi, svo koma þau hingað í sumar og setja upp listsýningar auk annarra viðburða líkt og tónleika, gjörninga og kvikmyndasýningar. Íslenska umgjörðin verður svo alfarið í höndum Gallerí Kling og Bang og munu þeir sjá um að setja upp sýningar íslensku listamannanna. Hugmyndin er að hafa afmarkað svæði hér í borginni þar sem hvert gallerí fær svolítið rými fyrir sig. Við erum að skoða auð húsnæði víða í bænum en nákvæm staðsetning og heildardagsskrá verður tilkynnt síðar.“ Kristín Dagmar segir verkefnið geta haft góð áhrif á íslenskt listalíf auk þess sem það eflir tengsl á milli íslenskra og erlendra listamanna. „Það er frábært að fá þessi gallerí hingað, bæði fyrir borgarbúa og svo auðvitað íslenskt listalíf. Þetta er kjörið tækifæri fyrir listafólk til að sýna sig og sjá aðra,“ segir Kristín Dagmar að lokum. Frekari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðu hátíðarinnar www.villareykjavik.com. **- sm**



**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Villa Reykjavík, segir verkefnið hafa góð áhrif á íslenskt listalíf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# TILBOÐ Á GARÐHÚSUM

## aðeins í örfáa daga




**Gestahús 10 m²**
600228




**Gestahús 15 m²**
60022




**Gestahús 20 m²**
600227




**Gestahús 25 m²**
600222




**Garðhús 7,2 m²**
600236




**Garðhús 6 m²**
600238




**Garðhús 4,4 m²**
600239




**Garðhús 3,3 m²**
600240



## MEIRI ÞYKKT TRYGGIR STYRK!

Pallaefni úr gagnvarinni furu frá Húsasmiðjunni er ekki aðeins á frábæru verði heldur einnig með meiri þykkt, sem tryggir meiri styrk og lengri endingu.

## PALLAEFNI




| | | |
|---|---|---|
| Fura fúavarin | 21x95 | 248 kr/m |
| Fura fúavarin | 28x95 | 305 kr/m |
| Fura fúavarin | 48x148 | 610 kr/m |



## Garðaráðgjöf

**Landslagsarkitekt veitir ráðgjöf í verslunum Húsasmiðjunnar.**

Hringdu í síma 525 3000 og bókaðu tíma.
Um er að ræða 30 mínútna ráðgjöf sem kostar 5.900 kr en sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni. Gott er að hafa meðferðis helstu upplýsingar um lóðina, afstöðumynd sem sýnir stöðu hússins á lóðinni og ljósmyndir, ásamt teikningum í hlutföllunum 1:100.



Látum verkin tala!

Miðvikudag til sunnudags eða meðan birgðir endast!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Víkingamyndagos

Kvikmyndaleikstjórinn **Baltasar Kormákur** var fljótur að hugsa þegar eldgosið hófst á Fimmvörðuhálsi á dögunum. Baltasar sá að þarna væri komið frábært myndefni í fyrirhugaða víkingamynd hans, Víkingr, sem stórir aðilar í Hollywood ætla að framleiða. Tökumaðurinn í ferðinni var Óttar Guðnason en þeir félagar leigðu sér þyrlu til að ná sem bestu skotum af eldsumbrotunum.



### Hafnaði rökum mannréttindaráðherra

Íslenska ríkið var í gær dæmt brotlegt við Mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóllinn í Strassborg féllst á málflutning Einars S. Hálfdánarsonar, lögmanns Varðar Ólafssonar húsasmíðameistara. Málflutningi íslenska ríkisins var hafnað. Lögfræðingurinn sem skrifaði greinargerð með málflutningi íslenska ríkisins til Mannréttindadómstólsins var Ragna Árnadóttir, þá skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu en nú mannréttindaráðherra Íslands.



### Laus úr hlekkjum þagnar

„Við [innskot: skýrsluhöfundar] höfum verið í þagnarbindindi svo lengi. Nú verður að passa okkur. Við gætum talað endalaust,“ sagði Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, þegar henni var bent á að hún væri að nálgast tímamörk í erindi sínu um rætur bankahrunsins á morgunverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í gær. Salvör virðist hafa heilmikil tækifæri til að tjá sig nú þegar skýrslan er komin út en aðeins tveimur tímum eftir morgunverðarfundinn var hún mætt til að tala um bankahrunið á hádegisfundi í Háskóla Íslands.



-fgg, jab, pg

### Mest lesið VISIR.IS

1. Ekki í lífshættu eftir að hafa drukkið stíflueyði
2. Horfur á að ferðamönnum fækki um hundrað þúsund
3. Höfuðkúpubraut 14 ára nemanda
4. Bond vill hvalveiðibann
5. Töluvert vatnsrennsli niður Gígjökul





